


**skoðun 18**

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur
Popp




Norðurlöndin líflínan
*Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, býr sig undir Norðurlandaráðsþing í næstu viku.*
**föstudagsviðtalið 16**




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
29. október 2010
254. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Maier á Langjökli**
*Einn fremsti skíðakappi heims í heimsókn.*
**fólk 42**

**Sturlunga endurútgefin**
*Sturlunga hefur verið ófáanleg um árabil en er nú aðgengileg á ný.*
**tímamót 68**



**Hannes samdi við KR**
*Hannes Þór Halldórsson gerði samning við KR í gær.*
**sport 38**

Sérblað fylgir um **Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs** 2010

**veðrið í dag**




**VAXANDI VINDUR OG** úrkoma um landið austanvert þegar líður á daginn og vonskuveður allra austast í kvöld. Suðvestanlands verður bjartviðri og fremur hægur vindur fram eftir degi.
**VEÐUR 4**

# Þjónustugjald á gesti í Þingvallaþjóðgarði

**Nýta á heimildir til gjaldtöku af ferðamönnum sem nota aðstöðuna á Hakinu við Almannagjá. Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir ferðaþjónustuna taka þessu vel. Það er okkar sómi að hafa myndarlega aðkomu að Þingvöllum.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Sú stund er upprunnin að það sé eðlilegt að taka gjald fyrir veitta þjónustu,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, um þá samþykkt Þingvallanefndar að nýta lagaheimildir til að taka gjald af ferðamönnum í þjóðgarðinum.

Ólafur segir eingöngu rætt um að taka gjald fyrir aðgang að aðstöðunni á Hakinu á barmi Almannagjár en ekki annars staðar í þjóðgarðinum.

„Síðasta árið hefur verið mjög mikil uppbygging á Þingvöllum, meðal annars með átján salernum í tveimur húsum með öllum nýtísku búnaði. Þetta hefur kostað gríðarmikla peninga,“ segir Ólafur.

Að sögn Ólafs eru stundum tólf til fimmtán rútur með ferðamenn á alltof litlu bílaplani við Hakið. Ferðaþjónustan kalli eftir bættri þjónustu og eðlilegt sé að greitt sé fyrir þá þjónustu sem sé á Hakinu; leiðsögn, margmiðlun, salernisaðstöðu, bílastæði og fleira, sérstaklega þegar um sé að ræða fólk á vegum atvinnufyrirtækja.

„Ég tek skýrt fram að það er ekki verið að loka þjóðgarðinum eða taka aðgangsgjald heldur er þetta eingöngu gjald fyrir veitta þjónustu,“ undirstrikar þjóðgarðsvörður, sem leggur til að gjaldið verði 200 til 300 krónur á hvern gest.

Ólafur kveðst hafa kynnt málið fyrir fjölda hagsmunaaðila enda verði málið ekki unnið nema í samvinnu við þá. „Ég hef alltaf fengið góðar viðtökur. Ferðaþjónustan leggur bara áherslu á að þetta verði gjald sem allir borgi. Kannanir sýna að menn eru alveg sáttir við að greiða lágmarksupphæð svo lengi sem hún fari í endurbætur á þjónustunni og náttúrunni. Og það er okkar sómi að við höfum myndarlega aðkomu að Þingvöllumm.“

- gar



**FLOGIÐ VIÐ FELLIÐ** Henrik Pácíejewskí sveif fagmannlega í mótordrifnum svifvæng við Úlfarsfell í gærdag. Hann hafði flogið æfingaflug í rúmar fimmtán mínútur og var að búast til lendingar þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Júdómeiðsli eða flugþreyta:

## Spáð í flekki framan í Pútín

**ÚKRAÍNA, AP** **Litarhaft og heilsufar Vladimírs Pútíns forsætisráðherra Rússlands var til umfjöllunar í fjölda rússneskra og úrkraínskra fjölmiðla í gær. Á fundi Pútíns með ráðamönnum í Kænugarði á miðvikudag var eftir því tekið að þrátt fyrir mikla andlitsmálningu mátti greina dökka flekki undir augum Pútíns. Hann þótti þreytulegur og leyfði ekki spurningar.**



VLADIMÍR PÚTÍN

**Fjölmiðlar veltu því fyrir sér hvort hann hefði meiðst á júdóæfingu, farið í lýtaaðgerð eða hvort hann hafi þjáðst af flugþreytu.**

**Dmítrí Peskov, talsmaður Pútíns hafnaði því að forsætisráðherrann væri marinn. „Hann hefur ferðast mikið undanfarið og farið á fjölda funda,“ sagði hann og kvað ljós á fundarstað einnig kunna að hafa að fallið óheppilega á Pútín.**

- óká

N1 í jólabókaslaginn:

## Jónína prentuð í 10.000 eintökum

**FÓLK** Stórfyrirtækið N1 blandar sér í slaginn um jólabækurnar þetta árið. Fyrirtækið hefur tryggt sér dreifingarrétt á ævisögu Jónínu Benediktsdóttur og bók Björgvins G. Sigurðssonar um bankahrunið. Þær verða eingöngu seldar í verslunum N1.

Bækurnar tvær verða prentaðar í stærra upplagi en almennt tíðkast á Íslandi. Bók Björgvins verður prentuð í sjö þúsund eintökum og ævisaga Jónínu í tíu þúsund eintökum.

„Við höfum trú á þessari bók og ég ætla að selja þetta upplag og helst meira,“ segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1.

- hdm/ sjá síðu 42

Formaður fjárlaganefndar segir hlustað á háværar raddir um óraunhæfar tillögur:

# Niðurskurðurinn mildaður

**STJÓRNMÁL** „Það er þverpólitísk sátt um að endurskoða þetta og það verður gert,“ segir Oddný G. Harðardóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis. Reyna á að milda áhrif efnahagsástandsins á starfsemi heilbrigðiskerfisins úti um land.

„Það er augljóst á sumum stöðum að við verðum að skila til baka einhverjum af þessum niðurskurði,“ sagði Guðbjartur Hannesson heilbrigðisráðherra í fréttum Ríkisútvarpsins í gær.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu ber að skera starfsemi heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni niður um allt að fjörutíu prósent. Áformin hafa mætt mikilli andstöðu og tillögur þar um sagðar óraunhæfar. Oddný segir ekki hægt að lofa því að ekkert verði skorið niður, útgjöld ríkisins verði að vera í samræmi við tekjur þess. Hún vill ekki segja til um hve háar fjárhæðir um er að tefla, né um hve margar stofnanir sé að ræða.

- bþs / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



*Jóhann, ertu nokkuð að koxa á þessu?*

„Alls ekki, ég er ekki vanur að bregðast þegar ríður á miklu.“

Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi stendur fyrir komu kynlífsfræðingsins Tracey Cox vegna útgáfu nýrrar bókar frá henni.

Aðgerðahópur skorar á Ríkisútvarpið að hætta notkun á orðinu kynskiptingur:

# Notkun orðsins þykir særandi

**FJÖLMIÐLAR** Bleiki hnefinn – aðgerðahópur róttækra kynvillinga skorar á Ríkisútvarpið (RÚV) að taka upp orðið transfólk í stað orðsins kynskiptingur. Þetta á við þegar fjallað er um þá einstaklinga sem falla ekki að hefðbundnum hugmyndum um tvískiptingu kynjanna.

Samtökin Trans-Ísland hafa farið þess á leit við RÚV að hætta notkun á orðinu kynskiptingur, þar sem sumum einstaklingum þyki það niðrandi og neikvætt. Einnig er tekið fram í tilkynningu sem Bleiki hnefinn sendi frá sér að með notkun á orðinu sýni RÚV fram á virðingarleysi þar sem sumum þyki orðið særandi.

Ásgrímur Angantýsson, málfarsráðunautur RÚV, kannast ekkert við málið og fullyrðir að það hafi aldrei komið inn á borð til sín. Ef honum hefði borist slík beiðni hefði hann svarað henni og tekið hana til fullrar athugunar. Hann fagnar því að heyra þessa tillögu lagða fram og sér ekkert því til fyrirstöðu um að taka upp orðið transfólk í staðinn fyrir orðið kynskiptingar.

„Ég sé enga ástæðu til þess að útiloka það að notkun á orðinu verði tekin upp, alls ekki,“ segir Ásgrímur. „Þetta er notað, sums staðar í formlegu samhengi eins og í lagafrumvarpi og víðar.“ - sv



**ÚTVARPIÐ** Málfarsráðunautur útilokar ekki notkun orðsins transfólk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skilar 2.507 petafloppum:

## Hraðasta ofurtölvan er í Kína

**KÍNA, AP** Hraðasta ofurtölva heims er í Kína, samkvæmt tilkynningu á vef kínverskra tölvurannsókna í gær. Tölvan heitir Tianhe-1 og er í Þjóðarmiðstöð fyrir ofurtölvur í hafnarborginni Tianjin.

Tölvan ræður við samfelldan útreikning 2.507 petafloppa, sem sagður er samsvara 2.507 trilljónum útreikninga á sekúndu.

Á toppi opinbers lista yfir ofurtölvur, TOP500, trónir nú tölva orkumálaráðuneytis Bandaríkjanna, Cray XT5 Jaguar. Sá listi er uppfærður á hálfsársfresti. - óká

Íþróttafréttastjóri 365 miðla:

## Sigurður Elvar ráðinn til starfa

**FJÖLMIÐLAR** Sigurður Elvar Þórólfsson hefur verið ráðinn fréttastjóri íþrótta hjá 365 miðlum. Hann mun hafa yfirumsjón með íþróttafréttum á Vísi, í Fréttablaðinu og í fréttatímum Stöðvar 2 og Bylgjunnar. Íþróttafréttamenn allra þessara miðla munu heyra undir hann.



**SIGURÐUR ELVAR ÞÓRÓLFSSON**

Þessi ráðstöfun er þáttur í vaxandi samvinnu miðlanna. Með aukinni samvinnu og samnýtingu starfskrafta á að nýta betur sérþekkingu íþróttafréttamannanna, að því er fram kemur í frétt frá útgáfufélaginu.

Sigurður Elvar er menntaður íþróttakennari og lauk framhaldsnámi frá Íþróttaháskólanum í Ósló. Hann hefur starfað sem íþróttafréttamaður á Morgunblaðinu og mbl.is síðastliðin tíu ár, síðustu tvö árin sem fréttastjóri íþróttafrétta.

Fyrrum starfsmaður dæmdur:

## Braut gegn stúlku á meðferðarheimili

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt Jón Dagbjartsson í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungri stúlku sem var vistuð á meðferðarheimilinu Árbót í Aðaldal. Jón, sem er 42 ára, var þar starfsmaður. Hann á jafnframt að greiða stúlkunni 1.250 þúsund krónur í skaðabætur.**

**Héraðsdómur Norðurlands eystra hafði áður dæmt Jón í tveggja og hálfs árs fangelsi og sömu skaðabóta. Maðurinn var sýknaður af ákæru um brot gegn annarri stúlku sem vistuð var á Árbót.** -jss



**Á ÞINGVÖLLUM** Framkoma ölvaðra laganema í vísindaferð á Þingvöllum 10. september síðastliðinn varð til þess að fulltrúar stjórnar félagsins þurftu að biðjast afsökunar á félögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Laganemar á teppið eftir ferð á Þingvelli

**Vísindaferð Orators, félags laganema, á Þingvelli endaði á teppinu hjá formanni Þingvallanefndar og þjóðgarðsverði. Ástæðan er ofurölvun og skrílslæti. Stjórn Orators baðst afsökunar. Laganemar lofa að vera allsgáðir á Þingvöllum að ári.**

**FÓLK** „Það voru nokkur rotin epli sem skemmdu fyrir hópnum,“ segir Rögnvaldur Gunnar Gunnarsson, formaður Orators, félags laganema, um ferð félagsins á Þingvelli í síðasta mánuði.

Orator fer árlega með nýnema í „vísindaferð“ á haustin á Þingvelli. Jafnan eru einhverjir úr hópi eldri nema með í förinni. Mörg næstliðin ár hefur ölvun verið áberandi í þessum ferðum. Þingvallanefnd lýsir ferðinni í síðasta mánuði sem „skrílslátum“.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins drukku leiðangursmenn Orator margir áfengi ótæpilega á för sinni um Almannagjá og víðar um þjóðgarðinn og var framkoma þeirra í samræmi við það.

„Menn eru eðlilega viðkvæmir fyrir slíkri hegðun á Þingvöllum því þetta er heilagur staður í huga flestra,“ segir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, sem kveður alls konar kvartanir hafa borist vegna framgöngu Orators-liða og það ekki í fyrsta sinn. Ölvun hafi um margra ára skeið verið áberandi í þessum haustferðum.



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**

Álheiður segir að hún og Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður hafi í kjölfarið rætt við formann og varaformann Orators.

„Við erum mjög ánægð með það samtal sem við áttum og stjórn Orators hefur ákveðið hvernig að þessu verður staðið framvegis. Næsta haust þegar laganemar koma til Þingvalla þá verður tekið á móti þeim eins og tekið er best á móti gestum þjóðgarðsins. Við viljum taka á móti laganemum sérstaklega á Þingvöllum með viðeigandi hætti,“ ítrekar formaður Þingvallanefndar.

„Við fórum á fund með þjóðgarðsverði og formanni Þingvallanefndar og erum búin að setja nýjar reglur um þessa ferð. Þannig að þetta mun aldrei gerast aftur og við erum búin að biðjast afsökunar. Okkur brá auðvitað og það verður ekki leyft að hafa áfengi um hönd í þessum ferðum framvegis,“ segir formaður Orators og undirstrikar að félagið snúist alls ekki um áfengisdrykkju.

„Við veitum almenningi til dæmis ókeypis lögfræðiaðstoð öll fimmtudagskvöld og höfum staðið fyrir málþingum um ýmis merk mál á borð við gengistryggingu lána og mansal,“ segir Rögnvaldur Gunnar Gunnarsson.

gar@frettabladid.is

LÍÚ gagnrýnir fyrningarleiðina:

## Grundvöllur kerfis brostinn

**SJÁVARÚTVEGUR Grundvöllur aflamarkskerfisins er brostinn fari ríkisstjórnin fyrningarleiðina í sjávarútvegi, sagði Adolf Guðmundsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, á aðalfundi sambandsins í gær.**



**ADOLF GUÐMUNDSSON**

**Hann sagði að undanfarin ár hafi verið dregið verulega úr veiðum á mörgum fiskistofnum til að byggja þá upp. Til lítils hafi verið barist nái hugmyndir stjórnvalda fram að ganga.**

**Adolf sagði marga sem vilja nú breyta reglum eða skattleggja sjávarútveginn sérstaklega segjast drifnir áfram af sanngirni, jafnræði og mannréttindum. Lítið fari hins vegar fyrir áherslu á mannréttindi þeirra sem starfi í sjávarútvegi.** - bj

Virtur leiðtogi kveður:

## Jonathan Motzfeldt fallinn frá

**GRÆNLAND** Jonathan Motzfeldt, fyrrverandi formaður grænlenska Siumut-flokksins, féll frá í gær, 72 ára að aldri.



**JONATHAN MOTZFELDT**

Motzfeldt hafði glímt við krabbamein, en var í gær lagður inn á sjúkrahús með lungnabólgu. Þar lést hann af völdum heilablæðingar, að því er fram kemur á fréttavefnum Sermitsiaq.

Motzfeldt var formaður Siumut frá 1977 til 2002, með þremur stuttum hléum. Hann sat á grænlenska landsþinginu frá 1979 til 2009. Hann var formaður landsstjórnarinnar frá því Grænland fékk heimastjórn árið 1979, allt til ársins 1991, og aftur frá 1997 til 2002. - bj



**HVÍTUR** Vestmannaeyingar geta nú séð hvítan jökul á ný. Hér er Bjarnarey í forgrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Ásýnd jökuls orðin eðlileg:

## Eyjafjallajökull er hvítur á ný

**NÁTTÚRA** Eyjafjallajökull virðist nú búinn að ná sínum fyrri lit og blasti hvítur og tignarlegur við ljósmyndara Fréttablaðsins í Vestmannaeyjum.

Jökullinn var svartur ásýndar eftir eldgosið í vor, en með kólnandi veðri og snjókomu á fjöllum er hann aftur orðinn hvítur.

Enn stígur gufa úr jöklinum enda hitinn lengi að hverfa eftir gosið. Eldgosinu sjálfu er þó löngu lokið. - bj

Norðmenn og Evrópusambandið bjóða Íslendingum 3,1 prósent af veiðistofni makríls:

# „Þeir telja sig í raun eiga makrílstofninn“

**SJÁVARÚTVEGUR** „Sú ósanngjarna afstaða Noregs og Evrópusambandsins, sem endurspeglast í fáránlegri tillögu þeirra um 3,1 prósents hlutdeild Íslands í makrílveiðunum á næsta ári, veldur okkur miklum vonbrigðum. Tillagan er algjörlega óraunhæf og ekki til þess fallin að stuðla að lausn málsins,“ segir Tómas H. Heiðar, formaður samninganefndar Íslands. Viðræður strandríkjanna fjögurra, Íslands, ESB, Færeyja og Noregs, hófust í London á þriðjudag en þeim lauk síðdegis í gær.

Tilboðið er runnið undan rifjum Norðmanna, en er stutt af ESB. Það þýðir að kvótinn færi úr 130 þúsund tonnum niður í 26 þúsund tonn en veiðar Íslendinga í ár voru 17 prósent af veiðistofni.

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra sagði á aðalfundi LÍÚ í gær að tilboðið væri fráleitt.

Tómas segir að tillaga ESB og Noregs bendi „eindregið til þess að þessir aðilar telji sig í raun eiga makrílstofninn einir og séu þess umkomnir að skammta Íslendingum og Færeyingum smávægilega kvóta“.

Tómas segir að það hafi tekið mörg ár fyrir Norðmenn og ESB að viðurkenna stöðu Íslands sem strandríkis og sennilega þurfi þeir að fá svigrúm til að venjast breyttu útbreiðslu- og göngumynstri makrílsins. Í því ljósi sé ef til vill óraunhæft að ætla að sömu aðilar verði fljótir til að viðurkenna sanngjarna hlutdeild Íslands í makrílstofninum.

Ákveðið var að halda viðræðunum áfram í London dagana 8.-12. nóvember. - shá



**TÓMAS H. HEIÐAR** Formaður íslensku samninganefndarinnar segir tillögu Noregs og Evrópusambandsins hafa valdið miklum vonbrigðum.





46% AFSLÁTTUR

**NAUTA-MÍNÚTUSTEIK**
FERSK
**1.989kr**
KR/KG




**KALKÚNA-GRILLSNEIÐAR**
**1.599kr**
KR/KG




**BAYONNESKINKA**
**1.298kr**
KR/KG


31% AFSLÁTTUR

**SALTKJÖT**
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
**355kr**
KR/KG



**LAXAFLÖK**
MEXÍKÓ/TOSKANA
**699kr**
KR/PK.


30% AFSLÁTTUR


**LONDONLAMB**
**1.399kr**
KR/KG




**LAXABITAR**
250 G
**599kr**
KR/PK.


50% AFSLÁTTUR

**JARÐARBER**
200 G ASKJA


GOTT VERÐ


**KJÚKLINGA-VÆNGIR**
HOT EÐA BBQ, 500 G
**599kr**
KR/PK.




**KLAKA-LENGJUR**
SCOOBY-DOO
325 G
**198kr**
KR/PK.



**PEPSI/PEPSI MAX**
2L
**198kr**
KR/STK.

markhonnun.is

Gildir meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

## GILDIR 28. - 31. OKTÓBER

**SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!**

MJÓDD
SALAVEGUR
HVERAFOLD
REYKJANESBÆR
GRINDAVÍK
AKUREYRI
HÖFN

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*

**GENGIÐ 28.10.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,81 | 112,35 |
| Sterlingspund | 177,6 | 178,46 |
| Evra | 155,78 | 155,35 |
| Dönsk króna | 20,768 | 20,89 |
| Norsk króna | 19,024 | 19,136 |
| Sænsk króna | 6,637 | 16,735 |
| Japanskt jen | 1,3743 | 1,3823 |
| SDR | 176,48 | 175,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 206,4749

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framkvæmdastjóri Sólheima óttast að starfsemin stöðvist um áramót við færslu málefna fatlaðra frá ríkinu:

# Sólheimum ekki lokað segir ráðherra

**FÉLAGSMÁL** Framkvæmdastjóri Sólheima í Grímsnesi segir starfseminni sjálfhætt um áramót ákveði ríkið ekki að tryggja þjónustu Sólheima þegar þjónusta við fatlaða verður færð frá ríki til sveitarfélaga.

„Við erum skilin eftir [...], við erum að lenda í 100 prósenta niðurskurði um áramót,“ segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, sem er heimili 43 fatlaðra einstaklinga.

Guðbjartur Hannesson, félags- og tryggingamálaráðherra, segir að hann hafi ekki náð að kynna sér umkvörtunarefni stjórnenda Sólheima. Það sé þó skýrt að Sólheimum verði ekki lokað.

Guðmundur segir að stjórnendur Sólheima hafi fengið þau skilaboð að engin framlög til Sólheima verði á fjárlögum næsta árs, en um 270 milljónir voru eyrnamerktar starfseminni í ár.

Sveitarfélögin munu taka yfir samninga ríkisins við sjálfstæða aðila sem veita fötluðum þjónustu. Guðmundur segir engan samning hafa verið í gildi við Sólheima síðustu tvö ár. Deilt hefur verið um niðurskurð og því ekki samið.

„Við gerum þá kröfu að ríkið veiti okkur sömu tryggingu og það veitir sveitarfélögunum,“ segir Guðmundur.

„Við erum að tala um líf, öryggi og þjónustu við 43 fatlaða einstaklinga, þetta eru ekki einhverjar tölur á blaði.“

Sólheimar hafa verið starfandi frá árinu 1930. Elsti íbúi Sólheima hefur búið þar í um 60 ár, segir Guðmundur.

„Við höfum reynt að milda þetta eins og við getum gagnvart okkar fólki, en fólkið okkar er miður sín, það er ekkert öðruvísi.“ **- bj**



**HEIMILI** Sólheimar í Grímsnesi hafa verið starfandi í um 80 ár, og sá sem lengst hefur búið þar hefur átt þar heimili í um 60 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Yfirlýsing frá biskupsstofu:

## Kynferðisbrot eru ekki liðin

**ÞJÓÐKIRKJAN** „Kynferðisbrot eru ekki liðin í starfi kirkjunnar og hún harmar það þegar slík mál koma upp,“ segir í yfirlýsingu frá biskupsstofu. Var tilkynningin send út í kjölfar umfjöllunar um ásakanir um kynferðisbrot á hendur þremur prestum í síðasta mánuði sem eru nú á borði fagráðs þjóðkirkjunnar.

Fagráð um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar starfar sjálfstætt og var stofnað árið 1998, Upp hafa komið 9 mál vegna ásakana á hendur kirkjunni um kynferðisbrot á síðustu fimm árum. **- sv**

Hannes Þór átti eins árs son:

## Glaður að hitta óvænt afabarn

**FÓLK** „Það er nú stundum skrýtið lífið,“ segir Helgi Vilhjálmsson, kenndur við Góu. Hannesi Þór, syni Helga, var ráðinn bani á heimili sínu í ágúst. Nú hefur komið í ljós að Hannes átti son í Eistlandi – eitthvað sem fjölskylda hans hafði ekki hugmynd um.



**HELGI VILHJÁLMSSON**

„Þetta eru gleðitíðindi og það er alltaf ljós í myrkrinu,“ segir Helgi en litli snáðinn heitir Siim og er eins árs. „Mamma hans kom með hann til okkar og verður hjá okkur í tvo daga,“ segir Helgi sem er að vonum ánægður með nýja afabarnið. „Það er mikil gleði í fjölskyldunni þó maður vilji nú fá að fylgjast með kúlunum hjá þeim. En svona er nýi tíminn,“ segir Helgi sem á þá orðið sex afabörn. „Og það sjöunda er á leiðinni.“ **- kh**

# Loðnustofninn sagður sýna greinileg merki um bata

**Rannsóknir sýna að ástand loðnustofnsins er betra en undanfarin ár. Upphafskvóti verður gefinn út fljótlega. Magn ungloðnu lofar góðu fyrir vertíðina 2011/2012. Stofninn er þó lítill í sögulegu samhengi.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Mögulegt verður að gefa út byrjunarkvóta í loðnu strax í byrjun nóvember. Þetta byggir á frumniðurstöðum leiðangurs Hafrannsóknastofnunar sem er að ljúka. Magn ungloðnu lofar góðu um veiðar næstu vertíðar.

Hafrannsóknastofnunin hefur staðið fyrir umfangsmiklum leiðangri rannsóknaskipanna Árna Friðrikssonar og Bjarna Sæmundssonar umhverfis landið sem einnig nær til grænlenskrar lögsögu. Bjarni kom til hafnar fyrir viku en Árni er enn við mælingar þar sem útbreiðsla loðnustofnsins er meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Nú þegar hefur mælst meira en sem nemur 400 þúsund tonnum, sem aflaregla kveður á um að sé skilið eftir til hrygningar, og því ljóst að Hafrannsóknastofnunin mun veita ráðgjöf um aflamark fyrir komandi vertíð fljótlega eftir að leiðangrinum lýkur.

Ekki var gefinn út loðnukvóti á síðustu vertíð fyrr en í lok janúar. Árið áður skilaði dauðaleit að loðnu engu nema fimmtán þúsund tonna kvóta í rannsóknaskyni. Þá ríkti mikil svartsýni um afdrif stofnsins. Nú eru vísbendingar um að magn ungloðnu, sem verður uppistaða veiða á vertíðinni 2011/2012, sé mun meira en mælst hefur í mörg ár.

Sveinn Sveinbjörnsson, sérfræðingur á nytjastofnasviði Hafró, getur ekki gefið upp hversu mikið mældist af loðnu umfram 400 þúsund tonna lágmarkið, enda sé úrvinnslu gagna ekki lokið. „En þessi mæling er í góðu meðallagi, það er óhætt að fullyrða það. Þetta þýðir að þarna er þolanlegur efniviður ef ekki verða ófyrirséð áföll á þessum árgangi.“

Sveinn segir að dreifing loðnunnar sé með öðrum hætti en oft áður. Hún er vestar; nær Grænlandi og ekki vitað hvort það hafi áhrif á afkomu seiðanna þar sem þetta dreifingarmynstur er fordæmalaust.

Þó þessar niðurstöður bendi til að ástand loðnustofnsins og horfur í loðnuveiðum séu betri en verið hefur um nokkurt skeið, benda mælingarnar þó til að hrygningarstofn loðnunnar sé enn mun minni en hann var í lok síðustu aldar. „Hér áður fyrr gáfu mælingar á þessum tíma mörg hundruð þúsund tonna veiðikvóta ár eftir ár. En það eru engu að síður góðar fréttir“, segir Sveinn. **svavar@frettabladid.is**



**Á NÖSUNUM** Vestmannaeyjahöfn í mars 2010. Ísleifur að leggjast að bryggju með fullfermi. Kap bíður í innsiglingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

### Loðnuafli úr sjó

| Fiskveiðiár | Afli |
|---|---|
| 2005/2006 | 193.779 tonn |
| 2006/2007 | 307.746 tonn |
| 2007/2008 | 149.031 tonn |
| 2008/2009 | 15.089 tonn |
| 2009/2010 | 110.120 tonn |




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**VONSKUVEÐUR**
Veður fer versnandi á austanverðu landinu þegar líður á daginn og í nótt og á morgun má búast við hvassviðri og jafnvel stormi með norður- og austurströndinni. Talsverð úrkoma verður norðan- og austanlands, snjókoma eða slydda og þar má búast við ófærð.




**Á MORGUN**
Hvassviðri eða stormur með N- og A-strönd.

**SUNNUDAGUR**
Strekkingur V-lands annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 15° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 13° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 9° |
| París | 16° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Við látum aðdáendur ekki bíða!

# Forsala er hafin á Eymundsson.is




**Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar, Furðustrandir kemur út 01.11.10.**



## Bókina heim á sunnudagskvöld!

Fyrstu 300 viðskiptavinirnir sem kaupa bókina í forsölu fá hana senda heim á sunnudagskvöld ásamt glaðningi, gegn loforði um að hefja ekki lesturinn fyrr en eftir miðnætti.

Hægt er að lesa valinn kafla úr bókinni Furðustrandir á Eymundsson.is

**4.290 kr.**
~~5.690 kr.~~

Tilboðið gildir til og með 15.11.10

Opið fram yfir miðnætti í Eymundsson Austurstræti og á Akureyri á sunnudaginn. Fyrstu 50 viðskiptavinirnir sem kaupa bókina fá áritað eintak.

# Miðnæturopnun!
# SALA HEFST
## 01.11.10 kl. 00.01

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú neytt fæðubótarefna?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,2% |
| Nei | 58,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú siglt með Herjólfi?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Ráðuneytið lét gera lögfræðiálit á samstarfi skóla og Þjóðkirkjunnar:

# Þurfa ekki að læra um kristni

**MENNTAMÁL** Foreldrar hafa fullan rétt á því að fara fram á, án skýringa, að börn þeirra taki ekki þátt í kennslu eða athöfnum sem viðkomandi telur ekki samræmast eigin skoðunum eða trúarbrögðum. Kemur þetta fram í lögfræðiáliti um samstarf kirkju og skóla sem unnið var að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

„Með álitinu er verið að skerpa skilin,“ segir Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. „Það er til að mynda í lagi að fara í kirkju einu sinni á vetri en ekki í hverjum mánuði. Þetta var meðal annars gert til þess að upplýsa foreldra.“

Varðandi heimsóknir presta á skólatíma, segir í álitinu að nauðsynlegt sé að foreldrar séu látnir vita af þeim fyrirfram og gætt sé að því að ekkert ósamræmi sé í heimsóknum þeirra annars vegar og frá öðrum trúfélögum hins vegar. Heimsóknir skuli falla að skipulagi náms og vera í samræmi við það.

Lögmætt er að kenna kristinfræði sem hluta af opinberu námsefni en skólar skuli þó bjóða börnunum önnur námsúrræði óski foreldrar eftir því.

Á heimasíðu ráðuneytisins kemur fram að álitið sé ekki sett fram sem skoðun ráðuneytisins, heldur einungis sem fræðileg og hlutlæg úttekt á þeim álitamálum sem um ræðir. - sv

Kirkja og skólar funda:

# Um 50 prestar og skólastjórar

**MENNTAMÁL Rúmlega fimmtíu skólastjórar og prestar funduðu um samstarf skóla og kirkjunnar í Neskirkju í gær. Tilefnið var tillaga mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um breytingar á starfinu.**

**Fram kom meðal annars á fundinum að nokkrir skólastjórar telja að þegar samstarf kirkju og skóla sé á forsendum skólans og að höfðu samráði við foreldra styðji það við skólastarfið. Hvorki formaður mannréttindaráðs né menntaráðs þáði boð á fundinn.** - sv

Blindrafélagið sækir rétt sinn:

# Kópavogur skal bæta þjónustu

**ÞJÓNUSTA** Blindrafélagið hefur tekið þá ákvörðun að sækja rétt lögblindra Kópavogsbúa til ferðaþjónustu. Lögmaður hefur verið settur í málið og ætlast félagið til þess að Kópavogsbær fylgi ákvæðum og lögum í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra einstaklinga.

Blindrafélagið hefur leitað eftir viðræðum við bæjaryfirvöld í Kópavogi um málið en því hefur ekki verið sinnt til þessa. Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að þjónustustig Ferðaþjónustu fatlaðra sé ekki ásættanlegt í mörgum tilvikum. - sv

# Niðurskurðartillögur verða endurskoðaðar

**Formaður fjárlaganefndar segir þverpólitíska sátt um að endurskoða niðurskurðartillögur hjá heilbrigðisstofnunum. Finna þurfi leiðir til að milda áhrif efnahagsástandsins á starfsemi þeirra. Sparnaður sé engu að síður óumflýjanlegur.**

**STJÓRNMÁL** Tillögur um niðurskurð hjá heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni verða endurskoðaðar.



ODDNÝ HARÐARDÓTTIR

Að sögn Oddnýjar G. Harðardóttur, formanns fjárlaganefndar Alþingis, er hlustað á háværar raddir um óraunhæfar tillögur um niðurskurð í fjárlagafrumvarpinu og reynt að finna leiðir til að milda áhrif efnahagsástandsins á starfsemi heilbrigðiskerfisins úti um land.

„Það er þverpólitísk sátt um að endurskoða þetta og það verður gert,“ segir Oddný. Hins vegar sé ekki hægt að lofa því að enginn niðurskurður verði. „Það er óábyrgt. Við höfum ákveðnar tekjur og verðum að aðlaga gjöldin að þeim. Ef við gerum það ekki erum við í tjóni til framtíðar.“

Oddný vill ekki segja til um hve háar fjárhæðir um er að tefla né hvaðan peningarnir sem draga eiga úr niðurskurðinum eiga að koma. Hún vill heldur ekki upplýsa um hve margar stofnanir sé að ræða. „Ég vil ekki vekja upp væntingar og þurfa að svíkja þær. Slíkt er óábyrgt,“ segir Oddný.





**UNDIR HNÍFNUM** Heilbrigðisstofnunin á Suðurnesjum er ein þeirra stofnana sem er ætlað að skera niður í rekstri sínum samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

Að meðaltali nemur niðurskurður á þrettán heilbrigðisstofnunum tæpum tuttugu prósentum samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Heilbrigðisstofnun Þingeyinga er gert að skera niður um fjörutíu prósent, St. Jósefsspítala-Sólvangi um 37 prósent, Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki um þrjátíu prósent og Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja á milli 20 og 30 prósent.

Samtals nemur niðurskurður á heilbrigðisstofnunum tæpum þremur milljörðum króna.

Fjárlagafrumvarpið hefur verið til meðferðar fjárlaganefndar í þrjár vikur. Hafa nefndarmenn hlýtt á sjónarmið sveitarstjórnarfólks og ráðuneyta til frumvarpsins og fram undan eru viðtöl við fulltrúa stofnana. Þá hefur nefndin falið fagnefndum þingsins að veita umsögn og Ríkisendurskoðun að yfirfara ýmsar tölur frumvarpsins.

bjorn@frettabladid.is



**BERLUSCONI** Ítalski forsætisráðherrann hefur í annað sinn á tveimur árum verið orðaður við vændishneyksli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Starfsmenn sæta rannsókn:

# Vændiskona í mat í lystihúsi

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi forsætisráðherra Ítalíu segir „fjölmiðlaþvætting“ að vændiskona undir lögaldri hafi verið á heimili hans fyrir tilstilli tveggja starfsmanna sjónvarpsstöðvar í hans eigu.

Í frétt dagblaðsins Corriere della Sera í gær segir að fréttastjóri og framleiðandi hjá Mediaset sæti rannsókn lögreglu fyrir milligöngu um vændiskaup hjá Ruby, 17 ára gamalli marókkóskri stúlku. Ruby er í yfirheyrslum sögð hafa sagt að hún hafi verið í mat í lystihúsi Bersolusconis skammt frá Mílanó, en neitar því að forsætisráðherrann hafi haft við hana mök. Lögfræðingur Berlusconis segir um staðlausa stafi að ræða. - óká

Dæmdur fyrir fjárdrátt:

# Gjaldkeri leikfélags dró sér fé

**DÓMSMÁL Fyrrverandi gjaldkeri Leikfélags Dalvíkur hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt.**

**Konan var ákærð fyrir að hafa dregið sér tæplega 1,7 milljónir króna af reikningi leikfélagsins sem hún notaði síðan til eigin neyslu. Féð dró hún sér á rúmlega einu ári, frá nóvember 2008 til desember 2009.**

**Konan viðurkenndi skýlaust sök sína fyrir dómi. Við ákvörðun refsingar leit dómurinn til þess en einnig þess að með hinni refsiverðu háttsemi aflaði hún sér verulegra fjármuna.** - jss

Álыktun um húsnæðismál:

# Vilja fá verkamannabústaði

**FÉLAGSMÁL Endurvekja ætti verkamannabústaðakerfið og raunhæft kaupleigukerfi fyrir almennt launafólk að mati ASÍ.**

**Í ályktun ársfundar sambandsins er þess krafist að gripið verði tafarlaust til aðgerða til að taka á „yfirþyrmandi skulda- og greiðsluvanda heimilanna“. Koma verði til móts við lántakendur vegna mikilla hækkana á höfuðstóli lána frá bankahruninu haustið 2008. Ársfundurinn krafðist þess að stöðugur og sanngjarn leigumarkaður verði efldur, og vörður staðinn um vaxta- og húsaleigubætur.** - bj

space
Hárstofan Hæðarsmári 6 Sími: 544 4455



Íris Hlín, Íris Telma og Kolla hafa hafið störf á hárgreiðslustofunni Space í Kópavogi og vilja bjóða gamla sem og nýja viðskiptavini velkomna.

**Bjóðum 15% afslátt til 20. nóvember!**
**Sími 544 4455**

Hundraða manna saknað eftir flóðbylgju:

# Tæplega 350 manns hafa látist í Indónesíu

**INDÓNESÍA, AP** Tala látinna á Mentawai-eyjum í vesturhluta Indónesíu var í gær komin í 343 eftir leit björgunarsveita. Stjórnvöld telja að hundruð manna sem enn er saknað kunni að hafa borist á haf út með flóðbylgjunni sem þar reið yfir 25. október. Eldgos í fjallinu Merapi á eyjunni Jövu hófst stuttu eftir jarðskjálftann sem hratt flóðbylgjunni af stað.

Gosið sem kostaði 33 lífið hjaðnaði um stund, en hefur nú hafist aftur, þótt engar fregnir séu um frekari mannskaða eða eignatjón.

Í gær var haldin fjöldaútför meðan drunurnar í Merapi-fjalli lægði. Náttúruhamfarirnar, sem áttu sér stað á ólíkum stöðum Indónesíu á innan við sólarhring, hafa reynt verulega á viðbúnað almannavarna.

Eyjabúar á Mentawai, þar sem þriggja metra há alda reið yfir og sópaði burt húsakosti, hafa hafst við undir tjalddúkum. Fjöldi fólks hefur líka flúið til fjalla og neitar að snúa aftur heim af ótta við að önnur flóðbylgja ríði yfir.



**EFTIR FLÓÐ** Kona sem missti bæði hús og mann í flóðbylgju á Pagai-eyju og dætur hennar tvær gráta missi fjölskyldunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld segja að rándýrt viðvörunarkerfi sem sett var upp eftir flóðbylgjuna sem reið yfir á annan í jólum 2004 hafi bilað fyrir mánuði síðan þar sem því hafi ekki verið almennilega við haldið. Þýskur starfsmaður verkefnisins segir aftur á móti að kerfið hafi virkað, en vegna þess hve uppruni skjálftans hafi verið nærri Mentawai-eyjunum hafi reynst ómögulegt að vara íbúa þar við áður en flóðbylgjan reið yfir. - óká

Gos truflar flug á Kamtsjatka:

# Öskuský færist yfir Kyrrahaf

**MOSKVA, AP** Eldgos á Kamtsjatkaskaga í austurhluta Rússlands hefur truflað flug og hulið bæi ösku. Rossiya 24 sjónvarpsstöðin hefur eftir Sergei Seníúkov eldfjallafræðingi að öskuský hafi náð allt að tíu kílómetra hæð og færist í austur yfir Kyrrahaf.

Almannavarnir Rússlands sögðu í gær að öskuský frá eldfjöllunum Sjívulets og og Klútsjetskæja röskuðu flugi á svæðinu. Þá er skyggni í rússneska bænum Ust-Kamtjatsk sagt komið niður í örfáa metra og þykkt öskulag á jörðinni. Fimm þúsund íbúar bæjarins eru ekki sagðir í hættu, en hvattir til að halda sig innan dyra með lokaðar dyr og glugga. - óká

ALLT FYRIR VEIÐIMANNINN!



EXPRESS HAGLASKOT
36 g #3, #4, #5, 25 stk.
42 g #1, #3, #4, #5. Verð: 2.290 25 stk.

RJÚPNAVESTI
9.990 (fullt verð 11.990)

INTERSPORT
Bíldshöfða - Sími 585 7220 - OPIÐ ALLA DAGA

## Vefhýsing og lén - allt á sama stað

# VERÐLÆKKUN

Vefhýsing **628 kr.** á mánuði*

Vefhýsing og **.is** lén **1.288 kr.** á mánuði*

Vefhýsing og **.com** lén **774 kr.** á mánuði*

## Við stækkum pakkann!
## Pantaðu núna á **www.1984.is**

### Hýsingartilboð:*

| | |
|---|---|
| með .is léni | 1.288 kr. á mánuði |
| með .com léni | 774 kr. á mánuði |
| með .org léni | 764 kr. á mánuði |
| með .net léni | 774 kr. á mánuði |
| með .biz léni | 764 kr. á mánuði |
| með .info léni | 764 kr. á mánuði |
| með .name léni | 764 kr. á mánuði |
| með .me léni | 1.046 kr. á mánuði |
| með .bz léni | 957 kr. á mánuði |
| með .wz léni | 785 kr. á mánuði |
| með .cc léni | 934 kr. á mánuði |
| með .tv léni | 1.062 kr. á mánuði |
| með .mn léni | 1.287 kr. á mánuði |
| með .mobi léni | 914 kr. á mánuði |
| með .cn léni | 802 kr. á mánuði |
| með .in léni | 862 kr. á mánuði |

### Hýsing innifelur:

- Netföng: ótakmarkað
- Mysql gagnagrunnar: ótakmarkað
- Netumferð: ótakmarkað
- Aukalén og undirlén: ótakmarkað
- DNS þjónusta: ótakmarkaður lénafjöldi
- Diskpláss: 10.000 Megabæti
- Vefpósthús: Val um tvennskonar vefpósthús
- Tölfræði síðunnar
- FTP aðgangur
- PHP5
- IMAP og POP3 stuðningur
- DAGLEG AFRITUN GAGNA

*Miðað við 3ja ára hýsingarsamning

- Engin uppsetningargjöld
- Engin falin útgjöld
- Engir platínum eða bronz pakkar
- Grunnpakkinn okkar inniheldur meira en stærstu pakkarnir hjá samkeppnisaðilunum.

1984

– stóri bróðir hefur gætur á þér

P.o. Box 126 :: 121 Reykjavík :: Sími 546 1984 :: info@1984.is :: www.1984.is

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvenær hefst rjúpnaveiðitímabilið í ár?*

**2.** *Hvert verður upplag símaskrárinnar á næsta ári?*

**3.** *Hvað hefur Ólafur Stefánsson leikið marga leiki með handboltalandsliðinu?*

**SVÖR**

**1.** *Í dag.* **2.** *150 þúsund eintökum.* **3.** *300 leiki.*



**MÓTMÆLI** Aðgerðasinnar hengja mótmælaplagg á höfuðstöðvar Kristilegra demókrata í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Greenpeace lætur til sín taka:

## Mótmæla breyttri kjarnorkuáætlun

**ÞÝSKALAND, AP** Grænfriðungar létu sig í gær síga ofan af höfuðstöðvum flokks Angelu Merkel Þýskalandskanslara með borða þar sem kjarnorku er mótmælt.

Aðgerðirnar eru meðal fjölda annarra þar sem fyrirætlunum stjórnar Merkel um að framlengja líf kjarnorkuvera í Þýskalandi er mótmælt.

Merkel hefur verið óvinsæla ákvörðun stjórnarinnar um að hætta við úreldingu kjarnorkuveranna fyrir árið 2021. Hún segir að kjarnorku þurfi til að útvega ódýra og trygga orku fram til 2050 þegar endurnýjanlegir orkukostir hafi verið teknir í notkun. - óká

**ÍÞRÓTTAFÉLÖG**

### Fram vill vínveitingaleyfi

Knattspyrnufélagið Fram hefur sótt um vínveitingaleyfi til að geta nýtt félagsheimili sitt til veisluhalda. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi byggingafulltrúa á þriðjudag.

**DÓMSMÁL**

### Dæmdur fyrir barsmíðar

Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manni sem sló annan mann með glerflösku í höfuðið á skemmtistaðnum Nasa í Reykjavík. Maðurinn var dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu nær 360 þúsunda króna í skaðabætur.

Serbía leggur meira fé til höfuðs tveimur stríðsglæpamönnum:

# Tífalda verðlaunafé fyrir Mladic

**SERBÍA, AP** Ríkisstjórn Serbíu hefur lagt meira fé til höfuðs Bosníuserbanum og stríðsglæpamanninum Ratko Mladic. Upphæðin var tífölduð, fór úr einni í tíu milljónir evra.

Mladic er sakaður um að hafa skipulagt fjöldamorð á allt að 8.000 múslímskum drengjum og mönnum frá Srebrenica árið 1995 og fyrir þriggja ára umsátur um Sarajevo, höfuðborg Bosníu. Ríkisstjórnin lofaði einnig einni milljón evra í verðlaun fyrir handtöku uppreisnarleiðtoga Króatíuserba, Gorans Hadzic. Áður var lofað 250 þúsund evrum. Fé var fyrst lagt til höfuðs mönnunum árið 2007, en báðir eru taldir vera í felum í Serbíu. Bandaríkin hafa þegar lofað fimm milljónum Bandaríkjadala (560 milljónum króna) fyrir upplýsingar sem myndu leiða til handtöku Mladic. Fyrr í þessari viku sagði Evrópusambandið að Serbía yrði að draga þessa tvo stríðsglæpamenn fyrir dóm ef landið vildi einhvern tímann gerast aðili að sambandinu. - óká



**VEGGJAKROT Í BELGRAD** Kona gengur fram hjá mynd af Ratko Mladic í Belgrad í Serbíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gengi bílaþjófa eiga í deilum:

## Sex skotnir í Mexíkóborg

**MEXÍKÓ, AP** **Sex ungir menn voru skotnir til bana í Mexíkóborg aðfaranótt fimmtudags.**

**Í viðtali við sjónvarpsstöðina Televisa sagði saksóknari að til harðra orðaskipta hafi komið milli ungu mannanna, sem allir voru um og rétt yfir tvítugu, og byssumannanna sem borið hafði að áður en þeir síðarnefndu hófu skothríð.**

**Mancera kvaðst ekki vita hvort árásin tengdist eiturlyfjaviðskiptum glæpagengja. Deilur gengja bílaþjófa hafi líka verið til vandræða í hverfinu.** - óká

# Kennarar móta nýja stefnu í kynferðisbrotamálum

**Siðaráð KÍ endurskoðar siðareglur um kynferðisbrotamál. Nægilega skýrum verklagsreglum ábótavant, segir formaður siðaráðs. Brjóti starfsmaður hegningarlög fer málið strax í farveg fyrir dómstólum.**

**MENNTAMÁL** Nýlega skipað siðaráð Kennarasambands Íslands (KÍ) mótar nú nýjar verklagsreglur um viðbrögð sambandsins við kynferðisbrotamálum. Ekki hefur verið til skýr stefna um verkferli slíkra mála innan KÍ hingað til.



**EIRÍKUR JÓNSSON**



**ATLI HARÐARSON**

Atli Vilhelm Harðarson, fyrsti formaður siðaráðs KÍ, segir sitt fyrsta verk hafa verið að efna til samstarfs innan þeirra mörgu stofnana sem séu innan sambandsins.

„Við erum fyrst núna að ná saman og móta stefnu um mál sem varða áreitni og slíka hegðun í skólum. Sú stefna er ekki orðin til. Við erum ekki komin lengra,“ segir Atli. „Þegar um er að ræða brot sem eru á gráum svæðum hefur hingað til ekki verið skýrt hvaða verklag á að nota.“

Atli segir ófaglega framkomu kennara alvarlegt mál. Ekki séu til neinar beinar reglur um það hvernig kennara beri að haga sér í samskiptum við nemendur, heldur séu málin metin innan hverrar stofnunar fyrir sig.

Ef fullorðinn kennari tælir óharðnaðan unglings verður að taka það alvarlega og það er óheimilt samkvæmt lögum, segir Atli. KÍ hafi þó hvorki umboð né lagagrundvöll til þess að veita formlegar áminningar heldur verður það skólastjórnanda til ráðgjafar.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir að mikilvægt sé fyrir bæði kennara og nemendur að vita hvert eigi að snúa sér ef kynferðisbrot eigi sér stað innan stofnunarinnar.

„Allir skólar eiga að hafa klárt ferli um það hvað fer í gang, hverjir koma að því og hvernig sé brugðist við. Það er ekki nóg fyrir starfsfólkið að vita það, heldur verður það einnig að vera skýrt fyrir nemendur,“ segir Guðrún.

Eiríkur Jónsson, formaður KÍ, segir að ef alvarleg mál komi upp innan sambandsins verði menn ákærðir og málið fari í sinn farveg fyrir dómstólum. Hann segir það ekki vera hlutverk stéttarfélagsins að verja þá sem séu sakaðir um brot á hegningarlögum.

„Við höfum velt þessu fyrir okkur eftir þessa miklu umræðu um kynferðisbrot í samfélaginu,“ segir Eiríkur. „Auðvitað er þetta hlutur sem getur hent í okkar umhverfi eins og annars staðar. Það getur enginn fríað sig þeirri ábyrgð.“

**sunna@frettabladid.is**



**SIÐAREGLUR KENNARA** Formaður siðaráðs KÍ telur ástæðu til þess að endurskoða þær siðareglur sem snúa að kynferðisbrotamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Leiðbeiningar til skólameistara um viðbrögð við brotum

**Unnið af mennta- og menningarmálaráðuneytinu út frá samvinnu ráðuneytisins og Kennarasambands Íslands, varðandi viðbrögð við kynferðisbrotum.**

Leiðbeiningarnar eru settar fram á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga um framhaldsskóla þegar taka þarf ákvörðun um réttindi og skyldur framhaldsskólakennara og fyrir liggur grunur um kynferðisbrot, játning eða dómur. Það er skólameistari sem tekur ákvörðun um réttindi og skyldur kennara.

**1. Grunur um kynferðisbrot**
Fái skólameistari ábendingu um kynferðisbrot skal hann tilkynna slíkt til lögreglu og hlutaðeigandi barnaverndaryfirvalda.

**2. Ákæra**
Gefi saksóknari út ákæru skal skólameistari tilkynna kennara um að honum hafi verið veitt leyfi frá störfum og forsendur liggi fyrir að fenginni niðurstöðu dómsmálsins.

**3. Sýknudómur**
Verði kennari sýknaður af ákærum skal skólameistari meta það sérstaklega hvort tilefni sé til viðbragða gagnvart starfsmanninum, með hliðsjón af öllum málavöxtum.

**4. Dómur eða játning fyrir dómi eða lögreglu**
Hafi kennari hlotið dóm eða játað brot eftir að hann var ráðinn til starfa, uppfyllir hann ekki lengur hæfnisskilyrði til að gegna starfinu. Um leið og vitneskja um sekt fæst ber að segja kennara upp störfum.

**5. Játning við meðferð skólameistara á málinu**
Játi kennari refsivert brot fyrir skólameistara hefur hann ekki lengur þá tiltrú sem til þarf til að gegna áfram starfinu. Skólameistara ber þá að tryggja fullnægjandi sannanir fyrir játningu.

**6. Skólanefnd**
Við meðferð mála sem varða meint kynferðisbrot kennara skal skólameistari hafa samráð við skólanefnd.

**7. Kynning**
Að höfðu samráði við skólanefnd ákveður skólameistari hvernig einstök mál verða kynnt fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans.

LYFJA
– Lifið heil

**Danatekt Intim**
**Án parabena, ilm- og litarefna**

**DANATEKT INTIM** er hreinsikrem og hlífðarkrem fyrir viðkvæmustu staði líkamans. Intim hentar allri fjölskyldunni, einnig ungabörnum. Danatekt brjóstakremið þarf ekki að þurrka af fyrir gjöf og er eina svansmerkta brjóstakremið á markaðnum.




Nánari upplýsingar á www.portfarma.is

www.lyfja.is

**Nýtt í Lyfju**

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 51970 10/10

Hæstiréttur hnekkir úrskurði Héraðsdóms:

## Sjómaður fær bætur frá Sjúkratryggingum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands hefur hnekkt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem Sjúkratryggingar Íslands voru sýknaðar af bótakröfu sjómanns.

Bátur mannsins strandaði í Vækilvík skammt frá Skagaströnd í júlí 2007. Hann hafði verið við veiðar á Hofstaðagrunni og hugðist sigla til Skagastrandar til að taka olíu.

Hann setti sjálfstýringu á og stefnuna á Spákonufellshöfða. Sjómaðurinn sofnaði á leiðinni og vaknaði þegar báturinn á skall á fjörugrjóti. Hann hlaut áverka í hálsi og baki og tognun á vinstri úlnlið sem leiddi að hans sögn til þess að hann var óvinnufær í fjóra mánuði.

Sjúkratryggingar vildu meina að slysið hefði ekki borið óvænt að og félli þá ekki undir lög um vátryggingarétt. Hæstiréttur tók ekki undir það.



Tvær gæðasýningar
sem enginn má missa af
Stórsýning um brjálæðis-legt dramb og fall
Iþ, Mbl.
ENRON
„Áhrifamikið verk, einstaklega kraftmikil og skemmtileg sýning“
Iþ, Mbl.
„Góð leikræn útskýring á hruninu“
EB, Fbl
„Allt er hér í fókus, karakter, stíll, léttleiki og hraði“
BS, Pressan.is
„Gríðarlega hröð, smart og öflug á stællegu sviði“
SA, TMM
„Leikritið um Enron er lent á Stóra sviði Borgarleikhússins með glæsibrag“
JVJ, DV
Kortasölu lýkur 31. október
lau. 30/10 kl. 20 örfá sæti
lau. 6/11 kl. 20 UPPSELT
fös. 12/11 kl. 20 örfá sæti
lau. 20/11 kl. 20 örfá sæti
fim. 25/11 kl. 20
lau. 27/11 kl. 20
SNARPUR SÝNINGARTÍMI Sýningum lýkur í desember
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Verðlaunasaga Auðar Jónsdóttur loksins á sviðið
„Fantagóð sýning um árekstra hugmyndafræði ólíkra kynslóða“
EB, Fbl
„Það er mikil gæfa að þessi frábæra skáldsaga skuli fá svona vandaða meðhöndlun á leiksviði“
SA, TMM
„kröftug og skemmtileg sýning sem hreyfir við manni“
Iþ, Mbl
„Hlátrasköll, vangaveltur og nokkur tár“
SG, Víðsjá
„Guði sé lof fyrir leikhúsið... - hvergi veikur hlekkur“
BS, Pressan
Fólkið í kjallaranum
lau. 30/10 kl. 19 UPPSELT
lau. 30/10 kl. 22 UPPSELT
sun. 31/10 kl. 20 UPPSELT
mið. 3/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 6/11 kl. 19 UPPSELT
lau. 6/11 kl. 22 UPPSELT
sun. 7/11 kl. 20 UPPSELT
þri. 9/11 kl. 20 UPPSELT
fös. 12/11 kl. 19 UPPSELT
fös. 12/11 kl. 22 UPPSELT
sun. 14/11 kl. 20 UPPSELT
þri. 16/11 kl. 20 örfá sæti
lau. 20/11 kl. 19 UPPSELT
lau. 20/11 kl. 22 örfá sæti
sun. 21/11 kl. 20 UPPSELT
þri. 23/11 kl. 20 UPPSELT
fim. 25/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 27/11 kl. 19 UPPSELT
mið. 1/12 kl. 20 aukasýning
sun. 5/12 kl. 20 örfá sæti
mið. 8/12 kl. 20
fim. 9/12 kl. 20
fös. 10/12 kl. 19
Einstakt tilboð til VISA korthafa. 500 kr. afsláttur af miðaverði.
VISA
Borgarleikhúsið



**FARÞEGAFERÐIR ÚT Í GEIMINN** Auðkýfingar geta brátt keypt sér far út í geiminn með þessari geimskutlu, sem prófuð var í fyrsta sinn opinberlega í vikunni. Það var breski framkvæmdamaðurinn Richard Branson sem lét smíða gripinn. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan handtók síbrotamann og eftirlýst par sem hljóp frá reikningi:

# Tekinn með byssu og fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Síbrotamaður á þrítugsaldri var handtekinn í fyrradag eftir að nokkurt magn af þýfi og fíkniefnum fundust í hans vörslu. Hann hefur margoft komið við sögu hjá lögreglu, meðal annars vegna fíkniefnamála.

Meðal þess sem fannst hjá manninum voru afsöguð haglabyssa, fimm mótorhjól og rúmlega 250 grömm af amfetamíni.

Að loknu góðu dagsverki ákváðu lögreglumennirnir að verðlauna sig með smá skyndibita. Vildi þá ekki betur til en svo að inni á staðnum reyndist par sem lögreglumönnum þótti ansi grunsamlegt í hegðun og ákváðu þeir því að hafa gætur á því. Reyndist grunur þeirra réttur því fljótlega lét parið sig hverfa af veitingastaðnum án þess að greiða reikninginn. Lögreglan hafði hins vegar ekki misst sjónar á því og var parið handtekið í kjölfarið. Í ljós kom að um góðkunningja lögreglunnar var að ræða og voru þau bæði eftirlýst. Konan er eftirlýst vegna stroks af meðferðarheimili þar sem hún afplánar refsivist. Maðurinn var eftirlýstur vegna birtingar á minni háttar brotum.

Aðgerðir lögreglu eru liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrr er minnt á fíkniefnasímann 800-5005. - jss



**AMFETAMÍN** Meðal þess sem fannst hjá manninum voru 250 grömm af amfetamíni.

Íslandspóstur má ekki hækka:

## Fá ekki bætt afsláttarkjör

**VIÐSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur hafnað beiðni Íslandspósts um hækkun á gjaldskrá bréfa.

Í beiðni sinni bar Íslandspóstur því við að frestun hefði orðið á verðskrárbreytingum, tryggingagjald hefði hækkað og frestað hafi verið innleiðingu dreifikerfis. PFS segir beiðnina fela í sér að bæta ætti Íslandspósti tiltekin afsláttarkjör, sem fyrirtækið hafi talið sig skylt að veita. Með því móti væri í raun verið að velta kostnaðinum yfir á notendur þjónustunnar. - óká




Kveikjum útiljósin

Kemur blaðberinn þinn að þínu húsi í myrkri?
Sýnum tillitssemi.
Höfum ávallt kveikt á útiljósum við útihurð og póstlúgu.

Þannig tryggir þú örugga dreifingu á þitt heimili.

Með fyrirfram þökk,

Póst húsið
Við látum það berast

Pósthúsið | Suðurhraun 1
S:585 8300 | www.posthusid.is




**FARALDUR** Eggert Gunnarsson, dýralæknir og bakteríufræðingur á Keldum, á ekki von á öðrum hóstafaraldri í hrossum, þótt bakterían sé komin til að vera.

# Fundu stofna sem valda hóstaveikinni

**Vísindamenn á Keldum hafa fundið bakteríustofna sem taldir eru valdir að einkennum hóstaveikinnar sem herjað hefur á hross og víða valdið ómældu tjóni. „Stórt skref," segir Eggert Gunnarsson, dýralæknir og bakteríufræðingur.**

**HESTAMENNSKA** Vísindamenn á Tilraunastöðinni á Keldum hafa fundið bakeríustofna sem taldir eru valdir að einkennum hóstaveikinnar í hrossum. Líkur benda til að þessir stofnar hafi borist hingað frá útlöndum.

Það eru þeir Eggert Gunnarsson, dýralæknir og bakteríufræðingur, Vilhjálmur Svansson, dýralæknir og veirufræðingur, og Ólöf Sigurðardóttir, dýralæknir og meinafræðingur, sem öll starfa á Keldum, sem unnið hafa að rannsóknum á hóstaveikinni.

„Við höfum stofnagreint eina 25 bakteríustofna," útskýrir Eggert. „Fimmtán þeirra hafa samsvörun við stofn sem greindur hefur verið í tengslum við öndunarfærasýkingu í hrossum í nágrannalöndunum. Sex af þessum 25 stofnum eru með sýkingaþætti, eins konar eiturefni, sem koma í veg fyrir hefðbundin viðbrögð ónæmiskerfisins við sýkingu og hindra að hinn smitaði einstaklingur geti myndað verndandi mótefni, sem skýrir endursmitið í hrossunum. Mótefni myndast þó smátt og smátt og mótstaðan vex með aldrinum. Þessi fundur er stórt skref, ekki síst með tilliti til gerðar bóluefnis við veikinni því ef til vill eru þessir stofnar frumorsök sjúkdómsins."

Eggert segir litla hættu á hóstafaraldri í hrossum eins og hann gerðist hvað verstur. Flest hross hafi sýkst og ekki verði sama uppmögnun á smitefninu aftur þar sem mörg hrossanna hafi þegar myndað eitthvert ónæmi. Veikin sé þó komin til að vera og verði í framtíðinni líklega fyrst og fremst vart í ungum hrossum og folöldum.

Spurður um hvort hætt sé að taka við folöldum í krufningu á Keldum vegna rannsókna á hóstaveikinni, eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær, segir Eggert að ákveðið fjármagn liggi fyrir sem verja skuli til rannsókna af þessu tagi.

„Tilgangurinn var ekki að greina hvað verður öllum folöldum sem drepast í landinu að fjörtjóni, heldur að ná í efnivið sem gæfi okkur einhverja mynd af því sem væri á ferðinni í tengslum við hóstaveikina. Krufning og úrvinnsla sýna krefst mikillar vinnu og þegar sautján folöld höfðu borist þá ákváðum við að nóg væri komið til þess að vinna með, bæði hvað varðaði efnivið og með hliðsjón af kostnaði."

Eggert segir að hægt hafi verið að tengja dauða fjögurra folalda við hóstaveikina og hjá þremur folöldum hafi sýking sennilega verið meðvirkandi þáttur í dauða þeirra. Auk þess hafi svokallað fitudrep og hvítvöðvaveiki greinst í um helmingi folaldanna, sem sé vísbending um vöntun á e-vítamíni eða seleni.

jss@frettabladid.is


Nýtt frá Paris

Í FLASH

20% afsláttur af öllum vörum



Kjólar
Áður 16.990
Nú 12.990
St. 36-48



Úlpur
Áður 24.990
Nú 19.990

Fleiri myndir á facebook
vertu vinur

FLASH
Laugavegi 54,
sími: 552 5201


Málsókn Philip Morris um tóbakslög í Noregi vísað til EFTA-dómstólsins:

# Segja lög brjóta gegn EES-samningi

**NOREGUR** Héraðsdómari í Ósló hefur vísað máli, sem tóbaksframleiðandinn Philip Morris höfðaði gegn norska ríkinu, til EFTA-dómstólsins í Lúxemborg.

Ný lög gengu í gildi í Noregi um síðustu áramót, þar sem lagt var bann við því að tóbaksvörur og vörur tengdar tóbaksneyslu væru sýnilegar á sölustöðum. Philip Morris heldur því fram að bannið brjóti í bága við EES-samninginn og hamli samkeppni.

Í norska miðlinum Dagens Næringsliv segir Anne Andrews, talsmaður tóbaksframleiðandans, að þessi löggjöf stríði gegn einu grundvallaratriða EES, sem lýtur að frjálsum vöruflutningum.

Héraðsdómurinn í Ósló lagði tvær spurningar fyrir EFTA-dómstólinn, annars vegar hvort lögin brytu gegn EES-samningum og hins vegar hvort slíkt bann drægi virkilega úr reykingum.

Þó að úrskurðir EFTA-dómstólsins séu ekki bindandi eru þeir stefnumarkandi og geta til dæmis haft áhrif á nýja tilskipun um tóbak sem er í smíðum hjá Evrópusambandinu. Þá getur úrskurðurinn haft áhrif hér á landi þar sem slíkt bann hefur verið í gildi frá árinu 2001. - þj



**BERJAST GEGN BANNI** Tóbaksframleiðendur eru ósáttir við að vörur þeirra megi ekki vera uppi við í norskum verslunum. Málið er nú komið inn á borð EFTA-dómstólsins.




# 3 sterk 40 tommu tæki

## Hefur þú prófað BRAVIA Internet Video?








**KDL40EX500 40" 100hz**

BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
4 HDMI tengi
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar
Möguleiki á þráðlausu neti
5 stjörnur í What HiFi

Verð: 219.900
Tilboðsverð: 189.990

**KDL40EX600 40" LED**

BRAVIA Engine 2
Full HD 1920x1080 punktar
4 HDMI tengi
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar

Verð: 249.900
Tilboðsverð: 199.990

**KDL40EX710 40" LED 100hz**

BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
4 HDMI tengi
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar
Möguleiki á þráðlausu neti

Verð: 299.900
Tilboðsverð: 249.990

**Sony Center**

Kringlunni - Reykjavík - S: 588-7669 - SonyCenter.is



**HUNDASUND** Þessi ljónsungi þarf að fá kennslu í hundasundi áður en hann fær að spóka sig í ljónabúrinu í dýragarði í Washington-borg, en virðist ekki sérlega hrifinn af volkinu. NORDICPHOTOS/AFP

Egyptar segja friðarumleitan Bandaríkjamanna fyrir botni Miðjarðarhafs engu hafa skilað:

# Friðarviðræður strand meðan byggt er

**PALESTÍNA, AP** Umleitanir bandarískra stjórnvalda til að koma friðarviðræðum milli Ísraels og Palestínu af stað á ný hafa enn sem komið er ekki skilað árangri. Þetta hefur fréttastofa AP eftir Ahmed Aboul Gheit, utanríkisráðherra Egyptalands, í gær.

Innan við hálfur mánuður er til stefnu þar til Palestínustjórn tekur ákvörðun um hvort slíta beri friðarviðræðunum. Þær hófust í Washington í Bandaríkjunum í síðasta mánuði, en hafa legið niðri vegna þess að Ísraelar neita að stöðva byggingu landtökubyggða á Vesturbakkanum. Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, neitaði að framlengja bann á byggingu landtökubyggða sem gilt hafði í tíu mánuði, en endaði 26. september.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, segir ekki hægt að hefja viðræður að nýju nema tekið verði fyrir byggingaframkvæmdirnar. Síðan bannið rann úr gildi hefur verið hafin bygging 600 nýrra íbúða landtökumanna á Vesturbakkanum.

Utanríkisráðherra Egypta sagði fjölmiðlum eftir fund með Abbas í gær, að ríkisstjórn hans héldi áfram viðræðum við Bandaríkin og Ísrael, en fram til þessa hafi ekki komið til nauðsynlegra kaflaskila í viðræðunum. **- óká**



**MÆTTIR Á FUND** Ahmed Aboul Gheit utanríkisráðherra og Omar Suleiman, yfirmaður leyniþjónustu Egypta, mæta á fund með Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Í FLÓTTAMANNABÚÐUM** Milljónir hafa látist og fjöldi manns hefur lagt á flótta vegna vopnaðra átaka í Lýðveldinu Kongó síðastu áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóttafólk snýr aftur til Kongó:

## Yfir 170 verða í fyrsta hópnum

**KONGÓ, AP** Fyrsti hópur flóttafólks frá Kongó sem býr í Búrúndí snýr aftur heim í þessari viku, að því er fram kemur í tilkynningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Celine Schmitt, talskona Flóttamannastofnunarinnar, sagði í gær að flytja ætti yfir þúsund manns aftur heim, en í fyrsta hópnum væru yfir 170 manns.

Fólkið er í hópi fólks sem tók að flýja yfir til Búrúndí á síðari hluta tíunda áratugar síðustu aldar.

Um 28.000 manns sem uppruna eiga að rekja til Kongó búa í Búrúndi, þar af eru um 20.000 í flóttamannabúðum. **- óká**

# Ólíklegt að brotleg lönd verði svipt atkvæðisrétti

**Þjóðverjar og Frakkar kalla eftir ströngum viðurlögum brjóti ríki ESB ítrekað reglur um skuldir og fjárlagahalla. Forseti framkvæmdastjórnar ESB, segir sviptingu atkvæðisréttar aldrei verða samþykkta.**

**BRUSSEL, AP** Fulltrúar Þýskalands og Frakklands reyna að fá fulltrúa annarra ríkja Evrópusambandsins (ESB) til að styðja nýjar reglur um ríkisútgjöld sem nauðsynlegar séu til að forða annarri skuldakreppu í Evrópu.



**ANGELA MERKEL**

Angela Merkel, kanslari Þýskalands og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti mættu til tveggja daga ráðstefnu Evrópuríkja í Brussel í gær. Á ráðstefnunni fara þau fram á að búin verði til neyðarlausn sem skylda myndi lánafyrirtæki í einkaeigu til að taka á sig hluta kostnaðar við að bjarga mjög skuldugum löndum.

Um leið kalla þau eftir stuðningi við tillögu um að lönd sem ítrekað fari fram úr fjárlögum verði svipt atkvæðisrétti í ESB. Sú tillaga þykir afar róttæk og draga sumir embættismenn í efa að hún muni ná fram að ganga.

Herskár tónn er sagður í Angelu Merkel sem vill að þjóðir, sem ekki takist á við heilbrigðar aðgerðir í ríkisfjármálum, þurfi þá að horfa upp á að missa atkvæðisrétt sinn. „Ógni þjóð heilbrigði evrunnar skekur hún grunnstoðir ESB,“ sagði hún.

Leiðirnar sem Þjóðverjar og Frakkar leggja til eru líklega báðar sagðar kalla á breytingar á grunnsáttmála ESB. Breytingar á honum eru þó ekki auðsóttar og ferlið allt líklegt til að taka nokkur ár. Þannig tók tíu ár að fá samþykki Evrópuríkja fyrir gildandi Lissabon-sáttmála. Fyrri útgáfum sáttmálans var árið 2005 hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslum í Hollandi og Frakklandi, auk þess sem Írar felldu sáttmálann nokkrum sinnum.

José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, sagði afnám atkvæðisréttar aðildarríkja „óásættanlegt“ og taldi tillögu um slíkt aldrei verða samþykkta í öllum 27 aðildarríkjunum.

Nokkrir þjóðarleiðtogar og embættismenn ESB tóku í gær undir orð hans. „Við horfum mjög gagnrýnum augum á allar breytingar á sáttmála ESB,“ sagði Josef Proell, fjármálaráðherra Austurríkis.



**Í BRUSSEL Í GÆR** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Angela Merkel er hins vegar sögð hafa gert stuðning við breytingar á sáttmálanum að skilyrði stuðnings Þjóðverja við strangari reglur um ríki sem fara fram úr fjárlögum, sem einnig eru til umfjöllunar á ríkjaráðstefnunni. Fjármálaráðherrar ESB lögðu í síðustu viku til viðvaranir og mögulegar sektir á ríki sem brjóta reglur sambandsins um skuldir og fjárlagahalla. **olikr@frettabladid.is**






Rannsaka tengsl drauma og taugaboða:

# Vonast til að geta lesið í drauma fólks

**VÍSINDI** Bandarískir vísindamenn segjast hafa smíðað búnað sem þeir vonast til að nýtist við að ráða í drauma. Þetta kemur fram í grein sem vísindamennirnir skrifuðu í tímaritið Nature.

„Við viljum geta lesið í drauma fólks,“ segir doktor Moran Cerf, sem leiðir rannsóknina. Markmiðið er að auka skilning á því hvernig og hvers vegna fólk dreymir.

Draumar hafa verið fólki hugleiknir um aldir en á síðustu árum hefur sálfræði verið notuð til að skilja hvað gerist í undirmeðvitundinni þegar fólk dreymir. Hingað til hefur einungis verið hægt að spyrja fólk út í drauma þess eftir að það vaknar. Markmið rannsóknar Cerfs og félaga er að þróa kerfi sem á að hjálpa fólki að muna drauma sína.

„Það eru engin skýr svör til við því hvers vegna fólk dreymir,“ segir doktor Cerf.

Cerf og félagar byggja rannsóknir sínar á því að hver heilafruma sé tengd ákveðnum atburði eða hlut. Hann komst meðal annars að því að þegar fólk hugsaði um Marilyn Monroe kviknaði á ákveðnu taugaboði. Með því að sýna hópi fólks myndaseríu gátu doktor Cerf og samstarfsmenn hans einangrað nokkur taugaboð og búið til gagnagrunn fyrir hvern sjúkling. Þannig kviknaði á sömu taugaboðum ef þeir hlutir eða atburðir komu fyrir í draumum fólks.



**DRAUMUR** Doktor Cerf og félagar vonast til að rannsóknir þeirra verði til þess að hægt verði að lesa í drauma. NORDICPHOTOS/AFP

Doktor Cerf viðurkennir að ekki sé hægt að nota búnaðinn til að fanga drauma. Hann vonast þó til að niðurstöðurnar séu fyrsta skrefið í átt til þess. **- kh**



**ARION BANKI** Ekki liggur fyrir hvenær sala á nýjum Vista samningum muni hefjast að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sala á Vista liggur enn niðri:

## Iðgjöld áfram í endurskoðun

**EFNAHAGSMÁL** Sala á Vista, viðbótalífeyrissparnaði Arion banka og KB ráðgjafar, er enn í biðstöðu síðan í byrjun mánaðarins.

Arion banki ákvað að hætta að selja nýja samninga í kjölfar umfjöllunar um sex greiðslur mánaðarlegra iðgjalda sem renna í þóknun til KB ráðgjafar en ekki í lífeyrissparnað viðskiptavina, en slíkt er óheimilt samkvæmt fjármálaráðuneytinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Arion banka liggur ekki fyrir hvenær sala á nýjum samningum muni hefjast að nýju, en iðgjöldin eru eitt af þeim atriðum sem hafa verið í endurskoðun nú í tæpan mánuð. Gamlir samningar haldist óbreyttir. **- sv**



# OPNAR KIRKJUR

## Menningardagur í kirkjum í Kjalarnessprófastsdæmi

## sunnudaginn 31. október 2010

Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós



**MOSFELLSKIRKJA** KL. 11.00
*Vígð 1965*
**Útvarpsmessa.** Kór Lágafellskirkju syngur og Diddú syngur einsöng. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir þjónar fyrir altari og dr. Gunnar Kristjánsson prófastur prédikar.



**LÁGAFELLSKIRKJA** KL. 13.00/16.00
*Vígð 1889*
**Kl. 13.00** Leikfangadagur í sunnudagaskólanum og ef veður leyfir verða settir niður haustlaukar.
**Kl. 16.00 Menningarhátíð.** Leikarar frá Leikfélagi Mosfellsbæjar leiklesa valda kafla úr Innansveitarkroniku eftir Halldór Laxness. Diddú, kór Lágafellskirkju og barnakór Varmárskóla syngja á milli lestranna.



**BRAUTARHOLTSKIRKJA** KL. 14.00
*Vígð 1857*
**Þjóðlegur fróðleikur og tónlist.** Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir þjóðfræðingur fjallar um þjóðlegan fróðleik tengdan Kjalarnesi. Brynhildur Ásgeirsdóttir leikur á þverflautu. Judith Þorbergsson leikur með á orgel og leikur forspil.



**SAURBÆJARKIRKJA** KL. 15.00
*Vígð 1904*
**Sjálfboðaliðinn-nýjar áherslur.** Arndís Guðmundsdóttir segir frá nýjum áherslum í sjálfboðaliðastarfi. Brynhildur Ásgeirsdóttir leikur á þverflautu. Judith Þorbergsson leikur með á orgel og leikur forspil.



**REYNIVALLAKIRKJA** KL. 17.00
*Vígð 1859*
**Írafellsmóri og harmonikutónar.** Gunnar Kristjánsson prófastur segir frá Írafellsmóra og Kjósverjum sem tengjast sögu hans. Matti Kallio leikur á harmoniku.

Hafnarfjörður, Garðabær og Álftanes



**VÍÐISTAÐAKIRKJA** KL. 11.00
*Vígð 1988*
**Menningar og margmiðlunarmessa.** Barna- og unglingakórinn leiða almennan söng ásamt kirkjukórnum. Nýir sálmar kynntir og kenndir. Trú í kvikmyndum og menningunni. Stjórnendur: Arngerður María Árnadóttir og Áslaug Bergsteinsdóttir. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og sr. Árni Svanur Daníelsson þjóna og miðla.



**ÁSTJARNARSÓKN** KL. 11.00
**Fjölskylduguðsþjónusta með Afríkuþema.** Barnakórinn syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur, m.a. lög frá Afríku. Starfsfólk sunnudagaskólans verður með fræðslu undir stjórn Hólmfríðar S. Jónsdóttur. Prestur er sr. Kjartan Jónsson.



**VÍDALÍNSKIRKJA** KL. 11.00/20.00
*Vígð 1995*
**Kl. 11.00 Messa.** Kór Vídalínskirkju, þjóðlög og harmonikutónlist. Sr. Friðrik Hjartar og Jóhann Baldvinsson organisti þjóna.
**Kl. 20.00** Kvöldvaka. Gospelkór Jóns Vídalíns og Harpa Stefánsdóttir talar um starf Hjálparstarfs kirkjunnar á Indlandi.



**HAFNARFJARÐARKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1914*
**Barbörukór og orgeltónlist í kirkju.** Unglingakór undir stjórn Helgu Loftsdóttur og við píanóleik Önnu Magnúsdóttur. Sunnudagaskólahorn í umsjón Guðmundu Ingu Gunnarsdóttur og Einars Arnar Björgvinssonar. Eitthvað fyrir alla og hægt að ganga á milli atburða. Prestur: Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir. Organisti: Bjartur Logi Guðnason.



**GARÐAKIRKJA** KL. 14.00
*Vígð 1880*
**Einleikur.** Ferðasaga Guðríðar eftir Brynju Benediktsdóttur í leikstjórn Maríu Ellingsen. Leikari: Þórunn Erna Clausen. Saga víkingakonunnar Guðríðar Þorbjarnardóttur sem sigldi til Ameríku um árið 1000. Fróðleg og skemmtileg sýning fyrir fólk á öllum aldri.



**BESSASTAÐAKIRKJA** KL. 20.00
*Vígð 1795*
**Afríkuþema.** Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson fjallar um safnaðartengsl við söfnuði í Pókothéraði í Kenýu og sýnir myndir. Afrísk tónlist í umsjá Helgu og Kristjáns kristniboða ásamt fjölskyldu þeirra með þátttöku fermingarbarna. Sr. Hans Guðberg Alfreðsson og Bjartur Logi Guðnason kantor hafa umsjón með kvöldvökunni.

Suðurnes



**KÁLFATJARNARKIRKJA** KL. 10.00
*Vígð 1893*
**Tónlist.** Eydís Franzdóttir óbóleikari og Frank Herlufsen organisti sjá um tónlistarflutning á milli þess sem konur úr kvenfélaginu Fjólu flytja ágrip af 85 ára sögu félagsins. Prestur er sr. Bára Friðriksdóttir. Að lokinni guðsþjónustu bjóða kvenfélagskonur öllum í veislukaffi.



**YTRI-NJARÐVÍKURKIRKJA** KL. 11.00/17.00
*Vígð 1979*
**11.00 Guðsþjónusta.** Stefán H. Kristinsson leikur nýtt orgelverk. Ný heimasíða Njarðvíkurprestakalls formlega opnuð.
**17.00 Tónleikar.** Hljómsveitin Klassart leikur. Einnig syngur María Rut Baldursdóttir nokkur lög við undirleik Stefáns H. Kristinssonar.



**GRINDAVÍKURKIRKJA** KL. 13.00
*Vígð 1982*
**Tónleikar.** Annars vegar munu Stigamenn syngja og spila og hinsvegar meðlimir úr Bakkalábandinu.



**ÚTSKÁLAKIRKJA** KL. 14.15
*Vígð 1861*
**Tónleikar og myndlistarsýning.** Hljómsveitin Silfurberg verður með tónleika. Í tengslum við menningardaginn verður myndlistasýning í gamla prestsetrinu að Útskálum. Listakonan Mireya Samper sýnir verk sín, en sýningin er að hluta til unnin að Útskálum, þar sem hún vinnur ný verk til viðbótar við önnur sem hún kemur með á staðinn.



**NJARÐVÍKURKIRKJA** KL. 15.20
*Vígð 1915*
**Saga kirkjunnar.** Starfsfólks kirkjunnar og sóknarnefndarfólk safnaðarins segir gestum frá sögu kirkjunnar. Stefán H. Kristinsson leikur á orgel.



**KIRKJUVOGSKIRKJA** KL. 16.15
*Vígð 1861*
**Saga kirkjunnar.** Starfsfólk kirkjunnar segir gestum frá sögu kirkjunnar.



**HVALSNESKIRKJA** KL. 18.00
*Vígð 1887*
**Músík og mannlíf.** Bragi Jónsson óperusöngvari syngur og Steinar Guðmundsson organisti leikur á orgelið. Reynir Sveinsson segir skemmtilegar mannslífssögur af svæðinu.



**KEFLAVÍKURKIRKJA** KL. 20.00
*Vígð 1915*
**Talentukvöld.** Fluttir verða *Eide* söngvar í útsetningum Arnórs Vilbergssonar fyrir kór og hlómsveit.
Kór Keflavíkurkirkju flytur tónverkið *Sólstafir* sem kórinn samdi ásamt Sigrúnu Sævarsdóttur.
*Missa de angelis (Englamessan)* verður sungin og munu Talenturnar leika undir.
Kórinn flytur *Lacrimosa* eftir Mozart. Organisti: Arnór Vilbergsson. Prestur: Sr. Skúli S. Ólafsson. Hugvekja: Sr. Erla Guðmundsdóttir

Kjalarness prófastsdæmi
www.kjalarpr.is

NÝTT N1 KORT. NÝR OG MEIRI ÁVINNINGUR
FYRIR ÞÁ SEM SAFNA PUNKTUM Á N1

# TILBOÐ SEM ÞÚ HEFUR EKKI SÉÐ

★ GULLTILBOÐ 1

## FERÐ TIL KANARÍ

Sólarlandaferð með VITA á einstöku verði.

**14 nætur, 27. nóv. - 11. des.**

FULLT VERÐ ~~137.700~~ KR.

**77.700 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair til Gran Canaria, skattar og gisting á hinu vinsæla hóteli Las Camelias.

PUNKTAR GILDA x60

Eingöngu fáanlegt á n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

vita

**10 nætur, 11. des. - 21. des.**

FULLT VERÐ ~~125.500~~ KR.

**65.500 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair til Gran Canaria, skattar og gisting á hinu vinsæla hóteli Las Camelias.

PUNKTAR GILDA x60

Eingöngu fáanlegt á n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

vita

FLUG OG GISTING

TAKMARKAÐ MAGN



★ SILFURTILBOÐ 1

## PLAYSTATION 3

Þessi einstaka tölva er með 160 GB hörðum diski, 2xUSB tengi, Blu-ray spilara og HDMI tengi. DualShock 3 stýripinni fylgir líka.

FULLT VERÐ ~~74.000~~ KR.

**44.000 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



TAKMARKAÐ MAGN

PUNKTAR GILDA x30

★ SILFURTILBOÐ 2

## DVD SPILARI

Sniðugur DVD spilari frá DYON með 7"LCD skjá. SD minniskortarauf, USB tengi, 12v hleðsla og Li-Ion rafhlaða. Spilar DVD, CD, CD-R, CD-RW, DVD+R, DVD+RW, MP3 og JPG.

FULLT VERÐ ~~29.990~~ KR.

**11.990 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



TAKMARKAÐ MAGN

PUNKTAR GILDA x18

## FÁÐU SKJÁEINN Á BETRA VERÐI

N1 korthafar sem kaupa áskrift á N1 fá 15% afslátt.
Tryggðu þér aðgang að skemmtilegri dagskrá!

**300 FYRSTU**

sem sækja um nýja N1 kortið á n1.is fá áskrift að SKJÁEINUM í heilan mánuð að gjöf frá N1.

15% AFSLÁTTUR



FÆST Á N1 UM ALLT LAND

PUNKTAR GILDA x6



★ N1TILBOÐ

## REMINGTON

Vandað hársnyrtisett:
· títaníum hnífar
· 4 mism. rakhausar
· kambar 3–30 mm
· hausa má skola í vatni

FULLT VERÐ ~~12.990 KR.~~

**6.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

# ÁÐUR

ALLT UM MÁLIÐ Á N1.IS




★ GULLTILBOÐ 2

## FLUGSÆTI TIL KANARÍ

Flugsæti með Icelandair til Gran Canaria báðar leiðir með sköttum.

**27. nóv. – 11. des. (14 nætur)**
**11. des. – 21. des. (10 nætur)**

TAKMARKAÐ MAGN

FULLT VERÐ ~~85.000~~ KR.

**45.000 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

Eingöngu fáanlegt á n1.is.
*Flugvallaskattar innifaldir

vita

PUNKTAR GILDA x40

★ ★

## SALA HEFST KL. 12:00 Í DAG Á N1.IS

Gull- og silfurtilboð eru aðeins seld á n1.is

VISA Tengdu N1 kortið við Visa kortið þitt

★ GULLTILBOÐ 3

## FERÐ TIL KÖBEN

FLUG OG GISTING

TAKMARKAÐ MAGN

Fáðu þér julefrokost í Köben.

**3. des – 6. des (3 nætur)**
**9. des – 12. des (3 nætur)**

FULLT VERÐ ~~69.900~~ KR.

**39.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, skattar og gisting á Hotel Wakeup.

Eingöngu fáanlegt á n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

PUNKTAR GILDA x30



## SVONA VIRKAR NÝJA N1 KORTIÐ



Nýja N1 kortið er nú á leiðinni heim til tryggra viðskiptavina N1. Kortið leysir af hólmi og sameinar alla kosti Safnkorts, Viðskiptakorts og greiðslulykils.

Þú færð betri kjör og safnar ávinningi í formi N1 punkta, sem áður hétu Safnkortspunktar. Einn punktur jafngildir einni krónu en verðmætið margfaldast þegar þú nýtir þér tilboð á N1 um allt land og á n1.is.

TILBOÐ · INNKAUP · ELDSNEYTI · SMURNING · VEITINGAR · VIÐGERÐIR · DEKK · SKJÁREINN

★ SILFURTILBOÐ 3

## MYNDAVÉL

Samsung ES-55, 10,2 megapixla stafræn myndavél með lithium hleðslurafhlöðu. Myndavélin er mjög nett og með búnað sem lætur rauð augu hverfa.

FULLT VERÐ ~~26.990~~ KR.

**8.990 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



TAKMARKAÐ MAGN

PUNKTAR GILDA x18



PUNKTAR GILDA x3

FÆST Á N1 UM ALLT LAND

★ N1TILBOÐ

### POPPVÉL

Vél sem poppar á heilnæman hátt með heitu lofti í stað olíu. 850 g af Orville poppmaís fylgir með!

FULLT VERÐ KR. ~~9.890~~

**6.890 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**




PUNKTAR GILDA x2

FÆST Á N1 UM ALLT LAND

★ N1TILBOÐ

### DVD EÐA CD

· CD 100 íslensk lög í fríið
· DVD Jóhannes
· DVD Heilsubælið 1
· DVD Heilsubælið 2

FULLT VERÐ KR. ~~1.990~~

**0 KR. PR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x4

FÆST Á N1 UM ALLT LAND

★ N1TILBOÐ

### VEÐURSTÖÐ

Veðurstöð sem sýnir loftþrýsting ásamt hita- og rakastigi inni og úti.

FULLT VERÐ KR. ~~9.790~~

**5.790 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**




PUNKTAR GILDA x3

FÆST Á N1 UM ALLT LAND

★ N1TILBOÐ

### SVONA Á AÐ...

Skemmtileg og óvenjuleg handbók með myndskreyttum leiðbeiningum um allt milli himins og jarðar.

FULLT VERÐ KR. ~~5.890~~

**2.890 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin, nema hvað varðar SKJÁEINN. Ný tilboð verða kynnt í hverjum mánuði. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

N1

**FRÉTTAVIÐTAL:** Helgi Hjörvar

# Norðurlöndin líflína út úr kreppunni

**Þing Norðurlandaráðs verður haldið í Reykjavík í næstu viku en viðburðir sem því tengjast eru þegar hafnir eða að hefjast. Á sjöunda hundrað norrænna gesta koma til borgarinnar vegna þingsins. Mörg stór mál verða til umfjöllunar en Helgi Hjörvar, forseti Norðurlandaráðs, segir að grænn hagvöxtur verði helsta pólitíska málið.**

„Við munum ræða um grænan hagvöxt og velta upp spurningunni hvort grænn hagvöxtur sé leiðin út úr kreppunni. Við köllum eftir því að ríkin í sameiningu leggi áherslu á og geri átak í að byggja upp græna geirann því hvert um sig hafa þau takmarkaða burði en saman geta þau orðið töluvert afl.

Þetta er gríðarlega stór geiri, umsvifin eru metin um sex þúsund milljarðar sænskra króna sem eru hundrað þúsund milljarðar íslenskar, og það sem meira er um vert; hann vex mjög hratt þrátt fyrir kreppuna. Hér eru sóknarfærin því mjög mikil. Samkeppnishæfni Norðurlandanna liggur fyrst og fremst á sviði endurnýjanlegrar orku, þróunar og nýsköpunar í umhverfistækni. Hluti af þessu er líka sá að heimurinn getur ekki bara spurt hvernig við getum haldið áfram að eyða meira og neyta meira, þetta gengur líka út á að við þurfum að draga úr og nýta betur.“

*Grænn hagvöxtur snýst þá ekki bara um efnahagsmál?*

„Nei. Fyrir utan efnahagslega þáttinn er þessi stóri umhverfis- og hnattræni hluti, þar með talin loftlagsmálin. Við getum ekki endalaust haldið áfram að knýja hagvöxt sem gengur á auðlindirnar. Að leita leiða til að byggja upp í græna geiranum er viðleitni til að slíta á tengsl hagvaxtar og neikvæðra umhverfisáhrifa. Það má segja að verkefni 20. aldarinnar hafi verið að stýra vexti en verkefni nýrrar aldar er sumpart að ráðstafa takmörkuðum auðlindum þannig að hægt sé að nýta þær fyrir alla.“

### Samstarf í sendiráðum

*Hvaða önnur mál verða ofarlega á baugi?*

„Vaxandi áhugi á samstarfi í utanríkis- og varnarmálum hefur hleypt auknum krafti í norræna samstarfið og þau mál verða rædd. Eitt er loftrýmiseftirlitið sem varðar okkur Íslendinga miklu, annað er björgunarsamstarf í höfunum umhverfis okkur.

Þegar við könnum meðal íbúa hvaða málum við eigum að vinna að saman eru öryggismál í víðasta skilningi oft nefnd. Þá ekki síst baráttan gegn skipulögðum glæpum og mansali.

Við munum einnig ræða deilur sem við eigum í við ríkisstjórn Danmerkur um brottvísun norrænna manna frá Danmörku, meðal annars Íslendinga en nokkrir tugir slíkra brottvísana munu hafa verið á undanförnum árum. Það stríðir beint gegn norræna félagsmálasáttmálanum um gagnkvæm réttindi. Viðkomandi ráðherra hefur neitað að koma fyrir nefnd Norðurlandaráðs og ég mótmælti því nýverið með bréfi til danska forsætisráðherrans. Við munum taka það mál upp því það er mikilvægt að fólk geti gengið að þessum gagnkvæmu réttindum og verið öruggt um þau.

Við munum líka ræða samstarf um sendiráð og annað starf á erlendri grundu sem er mjög viðeigandi á tímum niðurskurðar í opinberum útgjöldum. Það er augljóst að við gætum sparað og hagrætt með því að leggja saman sendiskrifstofur okkar í ýmsum löndum.“

### Böndin hafa styrkst

*Hvernig hefur kreppan leikið norrænt samstarf?*

„Hún hefur sannarlega styrkt það. Það er þannig í lífi þjóða, eins og í lífi fólks, að þegar kreppir að þá finna menn hverjir standa þeim nærri og hverjir voru viðhlæjendur. Böndin eflast og styrkjast við þá sem standa manni næst og það er nákvæmlega það sem hefur gerst á Norðurlöndunum. Þau hafa staðið þétt saman í gegnum þetta, hvert með öðru.“

Við vorum ekki ánægð með Norðurlandaþjóðirnar á tímabili, þau neituðu að aðstoða okkur í þrengingunum nema við borguðum Icesave.

„Það voru ýmsir sem hefðu viljað fá peninga frá Norðurlöndunum hraðar og meir og án allra skilyrða en ég held að þegar menn líta um öxl þá sjái þeir að það hafi ekki verið raunsætt. Við sendum menn land úr landi á fund fjölmargra þjóða og báðum um peninga en þær sögðu nei hver á fætur annarri. Jafnvel nánar bandalagsþjóðir okkar til áratuga eins og Bretar og Bandaríkjamenn sögðu nei og við vitum hvernig fór um Rússalánið. Þegar til stykkisins kom voru það bara Norðurlöndin og Pólland sem voru tilbúin til að styðja okkur.

Það hét að Ísland stæði við alþjóðlegar skuldbindingar sínar og auðvitað var það á reiki og ágreiningur um það, innan og utan Norðurlanda, hverjar þær skuldbindingar væru. Á Norðurlöndunum lögðu menn áherslu á, í þessari alþjóðlegu fjármálakreppu, að fótunum væri ekki kippt undan alþjóðlega innstæðutryggingakerfinu en þegar allt kemur til alls þá gerðu þeir gjaldmiðlaskiptasamninga við okkur og síðan lánasamninga og hafa stutt okkur í áætluninni með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Í veruleikanum er það þannig að það eru þessar þjóðir sem eru tilbúnar til að styðja við okkur. Þær eru í raun líflína okkar í kreppunni.“

### Breyting gagnvart Evrópusamstarfinu

*Hefur Evrópusambandsaðildarumsókn Íslands haft áhrif á Norðurlandasamstarfið?*

„Ekki bein áhrif en menn hafa verið áhugasamir um stöðu málsins því stundum hafa komið misvísandi skilaboð héðan. Það hafa líka verið vangaveltur um hvort og hvaða áhrif þetta kynni að hafa á stöðu Noregs en ég held að umsókn okkar hafi engu breytt um Evrópumálin í norræna samstarfinu.

Hins vegar hefur orðið mikil breyting í Norðurlandaráði gagnvart Evrópusamstarfinu því það var lengi tabú. Sum landanna eru inni en önnur ekki og sumir flokkar eru á móti aðild sinna ríkja en aðrir ekki. Lengi vel forðuðust menn að ræða þetta en nú hafa þeir nálgast málið praktískara. Staðreyndin er sú að hvort sem við erum innan eða utan ESB og hvort sem við erum hlynnt aðild eða ekki þá hefur Brussel veruleg áhrif á líf fólks á Norðurlöndum. Þess vegna er mikilvægt fyrir Norðurlandaráð, svo það verði áfram lifandi og hafi mikilvægu hlutverki að gegna, að hafa áhrif á það sem gert er í Brussel.“

*Á þinginu verður fjallað um hugmyndir Gunnars Wetterberg um Sambandsríkið Norðurlönd. Hvað finnst þér um þær pælingar?*

„Þær eru mjög skemmtilegar. Auðvitað eru þær ögrandi og margir af kollegum mínum segja að þær séu fullkomlega óraunsæjar, hafi átt við fyrir einhverjum áratugum en að lestin sé farin hjá. Ég deili ekki því sjónarmiði. Í grunninn er hugmynd Gunnars um norrænt sambandsríki bara hugmyndin um að auka og þétta samstarfið og það er hugmynd sem er góð og á sér mikinn samhljóm.

Til dæmis er orðinn ríkari vilji til samstarfs í öryggis- og varnarmálum en var á tímum stórveldanna og uppi eru pælingar um að samþætta enn frekar norrænan vinnumarkað.“

### Velferðarstjórn er réttnefni

*Íslenska ríkisstjórnin kallar sig norræna velferðarstjórn. Margir efast um að það sé réttnefni. Telur þú, margvís um velferðaráherslur norrænu ríkjanna, að ríkisstjórnin geti skreytt sig með þessari nafnbót?*

„Ég held að þetta heiti lýsi fyrst og fremst göfugri markmiðssetningu. Til að standa undir velferð þarf ákveðnar efnahagslegar forsendur og efnahagslegar forsendur okkar í dag eru allt aðrar heldur en á hinum Norðurlöndunum.

Velferðarsamfélög Norðurlandanna voru byggð upp í kjölfar kreppunnar miklu sem menn lærðu af og auðnaðist að byggja upp þessa sterku innviði og þessi samfélög jöfnuðar. Um þetta eru flestir sammála hvort sem þeir eru til hægri eða vinstri á hinu pólitíska litrófi. Stjórnmálamenn á Norðurlöndunum eru almennt stjórnmálamenn mikils jöfnuðar.

Stundum hefur okkur Íslendingum fundist menn ganga langt í þessu efni og fundist skattlagningin mikil, kerfin þunglamaleg og að ákvarðanatökur taki langan tíma. En ég held að við hljótum að horfast í augu við að þessi ameríkansering sem hér varð og þetta fráhvarf frá norræna módelinu yfir í mjög óbeislað og óagað hagkerfi þar sem pólitíkin gekk út á undirboð í sköttum, hún er ekki sjálfbær.

Það er ástæða fyrir því að þjóðir sem hafa lengri lífsreynslu en okkar unga lýðveldi leyfa sér ekki svoleiðis pólitík. Við höfum feikilega margt af Norðurlöndunum að læra í því að vera ófeimin við að beita ríkisvaldinu til þess að tryggja velferð. Velferð er ekki fátækrahjálp eins og velferðarumræðan á Íslandi svo oft verður. Velferð er spurning um að skapa almenn skilyrði fyrir allan þorra fólks til þess að lifa sínu lífi og við sjáum til dæmis að hin Norðurlöndin hafa gengið miklu lengra en við í að beita skattaog bótakerfinu til að tryggja jafnstöðu barna og jöfn tækifæri. Til að gera það þurfa menn að þora að leggja á gjöld til að hafa tekjur til að byggja upp slíka velferð. Ríkisstjórnin hefur sett stefnuna á það en betur má ef duga skal því við eigum langt þangað, bæði efnahagslega og pólitískt. Við þurfum róttækar samfélagsbreytingar til að endurreisa ekki bara sama kerfi og hrundi.“

### Skilur úlfúð

*Það bar til tíðinda á dögunum að ráðning Halldórs Ásgrímssonar í starf framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar var framlengd. Það vakti úlfúð á Íslandi. Hvað finnst þér um það mál?*

„Ég skil ósköp vel að það hafi vakið umræðu en við hefur bæst sá misskilningur, vegna þess að menn þekkja ekki til, að þetta sé á vegum Norðurlandaráðs. Svo er ekki. Norðurlandaráð hefur sína eigin skrifstofu og eigið starfsfólk. Norræna ráðherranefndin er samstarf ríkisstjórnanna og það var á þeim vettvangi sem þetta var ákveðið.“



**GÓÐUR SKÓLI** Helgi Hjörvar hefur öðlast mikla og góða reynslu af samstarfinu við norræna stjórnmálamenn. Hann segir þá nálgast verkefni sín með öðrum og faglegri hætti en hér tíðkast. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þarf að læra tíu ræður utanbókar

Helgi er með arfengan augnsjúkdóm og lessjón hans hvarf alfarið þegar hann var 25 ára. Á og í tengslum við Norðurlandaráðsþingið þarf hann að flytja margar ræður og þær þarf hann að læra utanbókar.

„Það er í mörg horn að líta á svona stóru þingi. Fundirnir eru margir, það eru margar dagskrár að halda utan um og margir staðir sem þarf að koma á og gera eitthvað og ég hef ekki fundið jafn tilfinnanlega til þess áður að ég er ólæs.

Þar sem ég lærði ekki blindraletur get ég ekki stuðst við punkta og þarf fyrirfram að leggja á minnið dagskrárefnin og innlegg mín fyrir alla dagana. Það vill til að geymslurýmið eykst eftir því sem sjóninni hrakar. Venjulega sakna ég bara sjónarinnar fegurðarinnar vegna en sú hugsun hefur læðst að mér síðustu daga að þetta verkefni væri léttara með henni en án.“

Helgi lætur af embætti forseta Norðurlandaráðs um áramót og hefur þá gegnt því í ár. Hann segir tímabilið hafa verið lærdómsríkt og gefandi.

„Þetta er íslenskum stjórnmálamanni góður skóli. Ekki er síst dýrmætt að fá að vinna náið með norrænum stjórnmálamönnum því að maður lærir af því hvernig þeir nálgast verkefnin. Umræðuhefðin er allt öðruvísi en hér, hún einkennist af meiri virðingu gagnvart öðrum, viðleitni til að ná samstöðu um mál og vinna heildstætt að málasviðum. Þetta er annað en hér þar sem hlaupið er eftir því sem var á forsíðu Fréttablaðsins þann morguninn.“



**Björn Þór Sigbjörnsson**
bjorn@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus á Korputorgi um þessa helgi



Tolli

**Bónus á Korputorgi** býður til sölu glæsilegar myndir eftir listamanninn Tolla.
Um er að ræða hágæða eftirprentanir á listastriga í tveimur stærðum:
98 x 118 sm: **kr. 35.000.-** og 77 x 87 sm: **kr.25.000.-**




Tolli: Landslag hugans. Listaverkabók
**kr.4990.-**



5. Hvannadalshnjúkur - stærð 77 x 87 cm



6. Hvítt ljós - stærð 77 x 87 cm



7. Röðull rennur - stærð 77 x 87 cm



8. Sólsetur - stærð 77 x 87 cm



1. Álfkonutjörn - stærð 98 x 118 cm



2. Dalur - stærð 98 x 118 cm



3. Yfirgefnir steinar - stærð 98 x 118 cm



4. Býli að kveldi - stærð 98 x 118 cm

**Fegraðu heimili þitt með orkuríku íslensku landslagi eftir listamanninn Tolla - á viðráðanlegu verði.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Villti meirihlutinn í borgarstjórn á sér heimildir eða getur hann gert skattahækkanir skemmtilegar?

## Gamanið búið í Reykjavík

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Jákvæðni og lífsgleði, grín og glens voru allsráðandi þegar borgarstjórnarmeirihlutinn núverandi tók við völdum. Fulltrúar Bezta flokksins og Samfylkingarinnar knúsuðust á blokkarþaki í Breiðholtinu. Stefnuyfirlýsing flokkanna var full af frábærum og skemmtilegum hugmyndum, sem allir gátu verið sammála um.

Það sem helzt vantaði þó í þá yfirlýsingu var hvernig ætti að taka á fjármálum borgarinnar. Þar var ekkert sagt um skattahækkanir. Ekkert um niðurskurð. Ekkert um skerðingu þjónustu.

Þvert á móti voru þar ótal loforð um framkvæmdir og aðgerðir sem kosta peninga. Norðurhjaragarðurinn í Laugardal (ísbjörninn var látinn liggja á milli hluta), morgunmatur fyrir skólabörn, efld þjónusta þjónustumiðstöðvanna í hverfunum, tvöföldun á viðhaldi á fasteignum borgarinnar, fegrun torga og grænna svæða, fleiri ferðir og betra leiðakerfi strætós, aukin fjárhagsaðstoð við lágtekjufólk, hjólreiðastígarnir og allar hinar sniðugu hugmyndirnar. Allt kostar þetta víst eitthvað.

Nú hefur Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, loksins bætt við því sem vantaði í stefnuyfirlýsinguna. Hann hefur lýst því yfir að til að ná endum saman í rekstri borgarinnar verði að hækka útsvarið upp í leyfilegt hámark. Jafnframt verði ýmis gjöld fyrir þjónustu borgarinnar hækkuð og útgjöldin skorin niður. Borgarbúar verði að búa sig undir að þetta verði varanlegar aðgerðir fremur en tímabundnar.

Það er út af fyrir sig ágætt að borgarstjórnarmeirihlutinn skuli vera farinn að horfast í augu við staðreyndir og búa sig undir að taka á fjármálum borgarinnar. En er þetta í samræmi við alla kátínuna og fjörið, sem var lofað í upphafi? Má ekki segja að borgarstjórnarmeirihlutinn hafi villt á sér heimildir með því að gefa eitthvað allt annað í skyn við borgarbúa en það sem var raunverulega í vændum?

Það er dálítið lýsandi að það skuli vera Dagur B. Eggertsson sem er látinn flytja borgarbúum þessi ótíðindi. Borgarstjórinn Jón Gnarr sýnist engan veginn fær um að valda hlutverki sínu sem framkvæmdastjóri borgarinnar. Hluta verkefna sinna hefur hann afsalað í hendur embættismanns og lætur nú Dag, sem sumir kalla hinn raunverulega borgarstjóra, sjá um leiðindin á meðan hann sjálfur gegnir sínu „ótilgreinda tilfinningalega hlutverki“ gagnvart borgarbúum, svo notuð séu hans eigin orð. Leiðinleg mál vill borgarstjórinn ekki ræða.

Þetta verður samt örugglega frábærlega skemmtilegt og jákvætt. Bezti flokkurinn og Samfylkingin munu finna leið til að hækka á okkur skattana og gjöldin með bros á vör. Burt með leiðindin í borginni! Var það ekki það sem margir kusu?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




**29. október er alheimsdagur psoriasis sjúklinga.**

**Að þessu sinni er árið tileinkað börnum með húðsjúkdóminn psoriasis.**

**Sjá nánar á heimasíðu spoex.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sérstakt

Hreyfingin fer oft óhefðbundnar leiðir í pólitíkinni. Á fundi hennar í fyrrakvöld var samþykkt ályktun um að hefja undirskriftasöfnun þar sem skorað er á forsetann að „skipa starfshæfa ríkisstjórn í landinu svo fljótt sem verða má“. Fróðlegt verður að sjá hve margir munu skrifa undir og hver viðbrögð forsetans verða en hann getur náttúrulega ekki annað en hent ályktuninni og undirskriftunum á arineldinn. Það er nefnilega þannig að það er sama hvað fólki kann að finnast ríkisstjórnin léleg og hve illa hún hefur haldið á málum og hve fáránlegt sé að hún sitji. Engu að síður er hún starfhæf samkvæmt þeim mælikvörðum sem forsetinn getur lagt á málið.



### Herskár

Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, var herskár á Rás 2 í gærmorgun. Þar andmælti hann Guðmundi Ólafssyni hagfræðingi sem deginum áður hafði bendlað Guðna við þann hóp stjórnmálamanna sem á sínum tíma vildu koma lífeyrissjóðunum í hendur bankanna. Guðni tók þessum ávirðingum óstinnt upp og kvaðst þvert á móti hafa haldið uppi vörnum fyrir lífeyrissjóðina þegar að þeim var sótt.



### Þurfti ekki Guðna til

En Guðni beindi spjótum sínum ekki aðeins að Guðmundi heldur líka lífeyrissjóðunum sem hann sagði hafa farið óvarlega í fjárfestingum. „Það verður að fara fram rannsókn á starfsemi þeirra,“ sagði Guðni og bætti við að ef hann væri stjórnmálamaður í dag myndi hann gera kröfu um slíka rannsókn. Guðna til upplýsingar hefur Alþingi ákveðið að slík rannsókn verði gerð auk þess sem þegar er hafin sjálfstæð og óvilhöll úttekt að frumkvæði lífeyrissjóðanna sjálfra á fjárfestingum þeirra og starfsemi almennt.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Réttlæti fyrir alla

Efnahagsmál



Tryggvi Gíslason
Fv. skólameistari

Ef sátt á að verða í samfélaginu eftir hrunið, þarf að leysa skuldavanda heimilanna strax. Heimilin eru hornsteinn þjóðfélagsins og standa undir rekstri þess. Allir verða að leggja sitt af mörkum til að leysa vandann: Alþingi, ríkisstjórn, launþegasamtök, lífeyrissjóðir, samtök atvinnulífsins og fjármálastofnanir auk samtaka heimilanna, umboðsmanns skuldara og talsmanns neytenda. Kostnaður við almenna lækkun skulda heimilanna um 20% er talinn nema ríflega 200 milljörðum króna. Spurt er, hvort – og hvernig greiða skuli kostnaðinn. Nú síðast hefur Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagst sammála niðurfærslu ef benda megi á hvar finna skuli fé til þess að greiða kostnaðinn.

Þessu skal ég svara þeim góða manni. Kostnaðinn skal greiða á þrjá vegu: með hluta af hagnaði nýju bankanna, með hagnaði lífeyrissjóðanna vegna hækkunar á vísitölu síðan í maí 2008 og með greiðslum úr ríkissjóði. Rökin eru þessi: Nýju bankarnir fengu eignir gömlu bankanna á þriðjungsverði, en innheimta skuldirnar að fullu. Þeir eiga að gefa eftir hluta af þessum hagnaði sínum til heimilanna.

Talið er að lífeyrissjóðirnir verði af 30 til 50 milljörðum við almenna lækkun á húsnæðisskuldum heimilanna og muni sligast undan. Auk þess fái lífeyrisþegar stórlækkaðan lífeyri í framtíðinni. Ekki er á það minnst að sjóðirnir högnuðust á annað hundrað milljarða á því að vísitalan var ekki fryst vorið 2008 og verðbólgan í kjölfarið færði þeim stórfelldan hagnað – meðan heimilunum blæddi. Má ætla að framlag lífeyrissjóðanna til lækkunar skulda sé innan við fjórðungur af því.

Bent skal á að 50 milljarðar eru innan við þrjú prósent af heildareignum lífeyrissjóða en eignirnar nema hátt á annað þúsund milljörðum. Í þriðja lagi er það ríkissjóður, sem leggja skal fram fé til þess að lækka skuldir heimilanna. Engar athugasemdir voru gerðar þegar þingmenn veittu fjármálaráðherra heimild með neyðarlögunum 2008 til að reiða fram fé úr ríkissjóði til þess að yfirtaka bankana svo að þeir gætu staðið við skuldbindingar gagnvart innstæðueigendum. Enginn greinarmunur var gerður á þeim sem áttu þrjár milljónir króna og hinum sem áttu tugi eða hundruð milljarða króna í bönkunum. Ríkissjóður getur skattlagt þetta fé stóreignafólks til þess að mæta greiðslum til bjargar heimilunum, fé sem bjargað var að fullu með fé úr ríkissjóði.

Að lokum: Réttlæti er fyrir alla – ekki aðeins þá sem hafa völd og áhrif og eiga milljarða í fasteignum og lausu fé.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Svar við opnu bréfi um trú og skóla

Í DAG
Örn Bárður Jónsson
sóknarprestur í Neskirkju



Sæll og blessaður Guðmundur Ingi og þakka þér fyrir að bregðast við grein minni. Í henni benti ég á að leikskólabörn hefðu verið leidd til þátttöku í atferli og undir tákni sem ég tel að hafi í sér fólgið trúarlega tilvísun eða í það minnsta vísi til tiltekinna gilda og menningar og til sögulegrar hreyfingar með sína hugmyndafræði. Ég vildi benda á að trú og trúboð er miklu víðar í samfélaginu en á vegum presta Þjóðkirkjunnar. Ég gef mér það að prestar hefðu líklega ekki fengið leikskólastjóra til þess að leyfa börnunum að taka þátt í sambærilegri göngu undir merki krossins og í anda kenninga Jesú Krists. Dæmið var sett fram til þess að sýna fram á að trúboð er víða í gangi í þjóðfélaginu – og það er líka allt í besta lagi með það. Trú er ekki eitthvað sem hvergi má tala um nema bak við luktar dyr í musterum eða kirkjum. Trú er snar þáttur í lífi flestra manna og hún verður ekki einangruð við sérstök hús eða staði. Trúin er hluti af menningu okkar. Í skólum eru yfir 90% barna frá kristnum heimilum, þau eru skírð og fermd. Auðvitað á að fræða um hið trúarlega í skólum, bæði um kristna trú og önnur trúarbrögð en af menningarlegum ástæðum hlýtur kristin trú að fá þar eitthvað meira rými en til dæmis shinto-trú svo dæmi sé tekið. Svo má líka spyrja: Mega prestar kenna í skólum? Auðvitað mega þeir það hafi þeir til þess tilskilda menntun. Prestar og guðfræðingar geta kennt ýmis fræði eins og t.d. trúarbragðafræði. Vandi þeirra er sá sami og allra annarra kennara, að kenna á hlutlægan hátt en ekki hlutdrægan.

Tilvísun mín í menningarbyltinguna í Kína fól ekki í sér neina tengingu við „blóðþyrsta kúgara“ heldur var ég að vara við miðstýringu á skoðunum og atferli fólks, afnámi fjölbreytileikans sem nú er við lýði í skólahverfum. Byltingar hefjast oft með litlum skrefum í átt til þöggunar og afnáms tjáningarfrelsis. Á t.d. að banna Gídeonfélaginu að gefa börnum Nýja testamentið, bók sem er grundvöllur íslenskrar menningar, siðar og gilda? Og er eitthvað að því að sum börn fái sérstök verkefni meðan önnur fara til kirkju? Vilji meirihluta á að ráða svo fremi að hann fari fram á heilbrigðan hátt og án alls ofríkis. Börnin þín þurfa ekki verða fyrir neinni mismunun í skóla þótt skólasystkini þeirra fari í kirkjuheimsókn á aðventunni. Og ég geri ekki lítið úr þínum lífsskoðunum og afstöðu þótt meirihluti barna í skóla barna þinna fari í kirkjuheimsókn en börnin þín ekki. Það er ekki mismunun í mínum augum. Ef það er mismunun í þínum augum þá spyr ég hvort það eigi ekki líka við um það ef kristin börn mega ekki fara í slíkar heimsóknir vegna þess að örfá börn af annarri trú eru í sama skóla? Ég vil ekki að örfáir einstaklingar geti sett fjöldanum stólinn fyrir dyrnar í þessum efnum. Slíkar heimsóknir eru liður í fræðslu um sið og trú meirihluta þjóðarinnar. Á meðan fá börn þeirra foreldra sem vilja ekki að þau taki þátt í heimsókninni að vinna að öðrum verkefnum eða heimsækja eigin trúfélag ef svo ber undir. Þurfa ekki sum börn líka að vera eftir við aðra iðju í skólanum á meðan íþróttamenn úr þeirra hópi fá leyfi til keppnisferða? Er það mismunun og brot á mannréttindum barnsins eða foreldra? Ég tel reyndar að börnin þín verði víðsýnni ef þau fá að kynnast ólíkum siðum og hefðum annarra barna. Sama á við um hin kristnu börn.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar vill ákveða og miðstýra samskiptum skóla annars vegar og kirkju og ýmissa félaga hins vegar. Ég tel að fjölbreytni eigi að fá að ríkja á sem flestum sviðum. Skólahverfi eru ólík og hefðir sem skapast hafa í samskiptum skóla og kirkju eru með einum hætti hér og öðrum þar. Opið þjóðfélag hlýtur að stuðla að því að fólk læri sem mest og um sem flest. Við þurfum að vita og þekkja vel og vandlega sögu okkar og menningu, einnig trú þjóðarinnar í þúsund ár, um leið og við fræðumst um önnur trúarbrögð.

Að gera presta eina að trúboðum og segja að þeir megi ekki koma að neinu starfi innan skóla tel ég vera atlögu að starfsheiðri þeirra. Prestar með 5 ára háskólamenntun að baki og í mörgum tilfellum framhaldsnám að auki hafa margt fram að færa í þjóðfélaginu. Þegar slys verða og dauðsföll og prestar eru kallaðir til að hugga fólk þá gera þeir það af varfærni og yfirvegun sem sérfræðingar á svið sorgar og áfalla. Prestar starfa til að mynda með Almannavörnum og eru þar teknir gildir sem fagmenn.

Tillögur meirihluta Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar eru að mínu álit fráleitar. Forðumst þröngsýni en stuðlum þess í stað að opnu og víðsýnu þjóðfélagi. Fordómar eru alltaf vondir enda byggjast þeir á fáfræði og þröngsýni. Ölum ekki á fordómum gegn neinum hópum í þjóðfélaginu, hvorki prestum né öðrum.

Tillögur meirihluta Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar eru að mínu álit fráleitar. Forðumst þröngsýni en stuðlum þess í stað að opnu og víðsýnu þjóðfélagi.

Auglýsingasími
512 50 50

Allt sem þú þarft…

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.



m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og í iPad!

Meiri Vísir.
vísir.is




# SVÍNALUNDIR OG TAGLIATELLE MEÐ NORÐUR-ÍTALSKRI SÓSU

*fyrir 4-6 að hætti Steingríms*

800 g svínalundir
3 msk ólífuolía
2 hvítlauksgeirar pressaðir
2 tsk þurrkuð salvía
1 tsk þurrkað rósmarín
Salt og pipar

Blandið saman í stórri skál 3 msk ólívuolíu, 2 pressuðum hvítlauksgeirum, 2 tsk þurrkaðri salvíu, 1 tsk þurrkuðu rósmarín, salti og pipar. Veltið lundunum upp úr kryddleginum og geymið i kæli í a.m.k. 3 klukkustundir, helst lengur

TAGLIATELLE MEÐ NORÐURÍTALSKRI SÓSU
500 g Ítalía Tagliatelle
1/2 dós Ítalía sólþurrkaðir tómatar
1 bréf Ítalía Prosciutto-skinka
1 laukur
3 hvítlauksgeirar
1 búnt steinselja
1 lúka fersk salvíublöð
1 dl kjúklingasoð (vatn og 1 tsk Oscar kjúklingakraftur)
2,5 dl rjómi/matreiðslurjómi
Salt og pipar.
Ítalía ólífuolía

Saxið lauk, hvítlauk, sólþurrkaða tómata, skinkuna, steinselju og salvíu. Hitið ofninn í 180 gráður. Hitið olíu á pönnu. Hitið vatn og sjóðið pasta samkvæmt leiðbeiningum. Steikið lundirnar þar til að þær hafa tekið á sig góðan lit, 2 mínútur á hvorri hlið. Setjið í fat og inn í ofn í um 10 mínútur. Bætið smá olíu út á pönnuna ef þarf og steikið laukinn og hvítlaukinn í 3-4 mínútur. Bætið saxaðri skinkunni og sólþurrkuðu tómötunum út á. Steikið áfram í 2 mínútur og bætið þá kryddjurtunum út á. Blandið vel saman og veltið um á pönnunni í um mínútu. Hellið kjúklingasoðinu á pönnuna og sjóðið niður um rúman helming. Hellið rjómanum út á og lækkið hitann. Látið malla í 4-5 mínútur eða þar til sósan hefur þykknað vel. Saltið ef þarf. Piprið vel. Hrærið tagliatelle saman við sósuna. Skerið lundirnar í sneiðar og berið fram.




**Grísahnakkasneiðar**




**Kjúklingalundir**
ferskar




**Heill kjúklingur**
ferskur




**Lambafile**
Grand orange



*Bryndís bakari*

## Bakað á staðnum

Bakararnir okkar byrja daginn snemma til að baka brauð og bakkelsi frameftir degi. Þannig tryggjum við að þú fáir nýbakaðar vörur alla daga, allan daginn.

Bjóðum upp á gæða vörur og tilboð í hverri viku.

NÝBAKAÐ




























**OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 31. október á meðan birgðir endast.

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN
2010

# LAM BORGARAR FABRIKKUNNAR

*Lamborgarinn á sér enga hliðstæðu*

*Fyrsti sinnar tegundar á Íslandi*

*Hann er 120 gr. úr 100% fyrsta flokks lambakjöti*

*Í pakkanum eru tveir Lamborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð og Bernaissósa*

## LAMBORGARINN ER KOMIN Í HAGKAUP!



ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010
**1175 kr. pakkinn**
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Hrekkjavakan
31. október

*Graskerin fást í Hagkaup*



GRASKER
**399** kr/kg.

SS



Læri

Kótilettur

Framhryggur í sneiðum

Framhryggur sagaður í súpukjöt

1/2 LAMBASKROKKUR
snyrtur og án slaga

TILBOÐ 35% afsláttur við kassa

**974** kr/kg.
Merkt verð 1.498.-



CHICAGO TOWN PIZZUR **449** kr/stk

SVALI **119** kr/stk

RISA SAMLOKUBRAUÐ **199** kr/stk

GATORADE G2 **179** kr/stk.



CHEERIOS 518g **517** kr/pk.

LARABAR **289** kr/stk.

ALPARÓS KJÖRÍS **2** fyrir **1**

NEKTARÍNUR **399** kr/kg

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

# Háskólarannsóknir á tímum kreppu og doktorsnám á Íslandi

Menntamál

Eiríkur Steingrímsson
Magnús Karl Magnússon
prófessorar við læknadeild HÍ




Í fyrri greinum okkar höfum fjallað um hlutverk háskóla, fjármögnun vísindaverkefna og gæðamat. Við rannsóknarháskóla er doktorsnám grundvallareining rannsóknarstarfs háskóla. Langveigamesti þáttur slíks náms er vísindaverkefni doktorsnemans en í því felst sjálfstætt rannsóknarverkefni unnið undir handleiðslu háskólakennara. Slík vísindaverkefni eru víðast burðareining rannsóknarstarfs skólans. Doktorsneminn er þannig að mestu að vinna að sínu vísindaverkefni og þiggur fyrir það laun eða styrk. Kostnaður við slíkt nám nemur 4-8 milljónum á ári vegna launa og rekstrarkostnaðar og heildarkostnaður fyrir fjögurra ára doktorsnám er því um 16-32 milljónir. Við þetta bætist síðan kostnaður við uppbyggingu rannsóknarinnviða (t.d. tæki og gagnagrunnar), launakostnaður kennara og aðstoðarfólks og ýmiss konar samrekstur.

Víðast hvar erlendis eru rannsóknarverkefni doktorsnema fjármögnuð gegnum samkeppnissjóði þar sem jafningjamati er beitt og eru slíkir styrkir forsenda fyrir doktorsnáminu og um leið tryggja þeir gæði vísindaverkefnanna og doktorsnámsins. Þrátt fyrir mjög metnaðarfull markmið um fjölgun doktorsnema á síðustu árum hefur ekki átt sér stað samhliða áætlun um fjármögnun þessa námsstigs. Við Háskóla Íslands hefur fjöldi skráðra doktorsnema farið úr 36 árið 1999 í 190 árið 2006 og voru þeir í júní á þessu ári 487. Ljóst er að rekstrarfjármagn til vísindaverkefna stendur engan veginn undir þessum fjölda doktorsnema. Okkur er því fyrirmunað að skilja hvaðan fjármagnið kemur sem drífur áfram þessa sprengingu í fjölda doktorsnema.

Staðan í dag er sú að samkeppnissjóðirnir rýrna ár frá ári. Eimskipasjóður Háskóla Íslands sem veitt hefur myndarlega styrki til doktorsverkefna er að engu orðinn, styrkjum úr doktorsnemasjóði HÍ fækkar og samkeppnissjóðir í umsjón Rannís, einu sjóðirnir sem hafa þá faglegu aðferðafræði að tryggja raunveruleg gæði vísindaverkefna dragast saman ár frá ári þrátt fyrir að sókn í þá aukist verulega. Þetta er að gerast á sama tíma og við erum að leggja verulega aukna áherslu á þetta stig háskólastarfseminnar. Með öðrum orðum, við sitjum nú uppi með metnaðarfull áform um uppbyggingu doktorsnáms, hundruð doktorsnema í námi en samkeppnissjóðir sem eiga að tryggja gæði og styðja þessa uppbyggingu eru komnir að fótum fram.

Það vantar talsmenn fyrir eflingu samkeppnissjóðanna. Því miður hafa yfirmenn háskólastofnana verið svo uppteknir við tryggja grunnfjárveitingar til að halda háskólunum gangandi að þeir hafa ekki veitt yfirvöldum nógu skýr skilaboð um að forsenda vísindastarfsemi þessara stofnana byggir á því að fé sé veitt beint til vísindaverkefna á forsendum gæða. Við teljum að doktorsnám við háskóla á Íslandi sé nú í uppnámi. Það sem verst er, er að sennilega munu þeir hópar sem mest hafa reitt sig á fjármagn úr samkeppnissjóðum þ.e. sterkustu vísindahópar háskólanna verða verst úti.

Við teljum mikilvægt að ráðamenn vakni úr dvala og átti sig á því að enginn háskóli nær raunverulegum árangri án þess að styðja við bestu vísindamenn skólanna. Slíkan stuðning á að tryggja með því að veita raunverulegt fjármagn til vísindastarfsemi og um leið tryggja að fjármunirnir fari til þeirra vísindaverkefna sem best eru að gæðum. Um allan heim er slíkt gert með fjárveitingum í gegnum samkeppnissjóði þar sem sjálfstætt og óháð mat er lagt á hvert vísindaverkefni. Við höfum slíkt kerfi hér á landi innan sjóða sem úthluta styrkjum á grundvelli stefnu Vísinda- og tækniráðs. Þeir sjóðir eru fjársveltir en með margföldun á fjármunum til þeirra má tryggja raunverulegan grundvöll fyrir doktorsnám, þekkingarsköpun innan háskóla og fyrirsjáanlega nýsköpun íslensku samfélagi til heilla.

# Lækkun húsaleigubóta

húsaleigubætur

Jens Fjalar Skaptason
formaður Stúdentaráðs HÍ



Frá árinu 1994 hafa húsaleigubætur staðið þeim sem leigja húsnæði til búsetu til boða. Í samræmi við þær áherslur sem eru ríkjandi í norrænni húsnæðispólitík er húsnæðisstuðningurinn bæði einstaklingsbundinn og tekjutengdur svo eðli máls samkvæmt er hann fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þá tekjulægstu, t.d. námsmenn. Yfirlýst markmið með setningu laga um húsaleigubætur var einmitt það að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

Fyrir ríflega tveimur árum undirritaði núverandi forsætisráðherra reglugerð þess efnis að almennar húsaleigubætur myndu hækka í fyrsta skipti í átta ár. Jafnframt var kveðið á um þátttöku ríkisins í greiðslu sérstakra húsaleigubóta í fyrsta sinn. Ekki stóð ríkið við sinn hlut lengi og í byrjun mars árið 2009 gaf Samband íslenskra sveitarfélaga frá sér yfirlýsingu þar sem þau átöldu samkomulagsbrot ríkisins. Töluvert skorti á fjármagn til að hlutur ríkisins gæti talist að fullu efndur samkvæmt samkomulaginu.

Nú bregður svo við að ríkisstjórnin hefur ákveðið að stíga skrefið til fulls afturábak. Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er áformað að fella niður framlög til sveitarfélaganna vegna húsaleigubóta. Þetta skýtur skökku við áherslu núverandi ríkisstjórnar á aukinn félagslegan stuðning í þjóðfélaginu.

Núverandi markaðsaðstæður gera það að verkum að töluverður hluti landsmanna ræður ekki við hið hefðbundna eignaréttarform sem hefur verið ríkjandi á íslenskum húsnæðismarkaði í áratugaraðir. Ungir námsmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref úr foreldrahúsum hafa flestir ekki fjárhagslegt bolmagn til að fjárfesta í eigin fasteign. Á sama tíma og fjöldinn allur af húsnæðiskosti stendur tómur þurfa æ fleiri stúdentar, sem þess eiga kost, að hverfa af leigumarkaði vegna hækkandi leiguverðs. Það er kominn tími til að ríkið bjóði þegnum sínum upp á húsaleigu sem raunverulegan langtímavalkost með sambærilegum hætti og tíðkast í öðrum Evrópuríkjum.

Það er engum vafa undirorpið að lækkun húsaleigubóta hefur verulega slæmar afleiðingar í för með sér fyrir stúdenta. Úrræði til hagsbóta fyrir stúdenta hafa farið síþverrandi að undanförnu og hvatinn til þess að feta sig á leigumarkaðinn er enginn. Hagur þjóðarbúsins hlýtur að felast í því að íbúðarhúsnæði standi ekki autt og að stúdentar, jafnt sem aðrir leigutakar, haldi velli á leigumarkaðnum. Því takmarki væri náð með því að auka fjárhagslegan fýsileika íbúðarhúsnæðis, til dæmis með auknu vægi húsaleigubóta í leigujöfnunni.

# Útrýming fátæktar krefst langtímaaðgerða

Velferðarmál

Oktavía Jóhannesdóttir
félagsráðgjafi

Vilborg Oddsdóttir
félagsráðgjafi




Evrópusambandið hefur tileinkað árinu 2010 baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun. Ástæðan er að 17% eða um 80 milljónir íbúa ESB landa eru nú með tekjur undir því sem kallast afstæð fátæktarmörk, þ.e. eru lægri en 60% af meðaltekjum. Fyrir þá, sem eru í þessari stöðu, eru þetta ekki bara tölur á blaði heldur miskunnarlaus veruleiki, sem hefur áhrif á uppvaxtarskilyrði barna, húsnæði, heilsu, menntun og stjórn á eigin lífi. Metnaður ESB var að draga úr fátæktinni og einangruninni á þeim áratug sem nú er að ljúka, en veruleikinn er allt annar. Fátæktin hefur aukist, og það á einnig við um Norðurlöndin.

Svona ætti þetta að sjálfsögðu ekki að vera, þar sem byrjunarstaða Norðurlanda var góð. Norræna velferðarkerfið hefur fyrst og fremst stuðlað að jöfnuði í samfélaginu með tiltölulega lítilli fátækt, en líkanið felur einnig í sér aðra þætti sem skapa skilyrði fyrir betra lífi og velferð. Má þar nefna góða heilsu, hátt menntunarstig, lítið atvinnuleysi o.s.frv. Í Evrópu er oft litið á norræna líkanið sem fyrirmynd í vinnu við að móta evrópskt félagslegt líkan.

Því miður stefnir nú þróunin niður á við, atvinnuleysi og fátækt eykst. Hér er ekki aðeins um afleiðingar fjármálakreppunnar að ræða, heldur einnig það að við höfum sagt skilið við grunnþátt norræna líkansins, þ.e. að verja samfélagslegan jöfnuð þar sem allir fá tækifæri til að lífa góðu lífi með öruggar tekjur. Ójöfnuðurinn í tekjum og lífskjörum eykst hratt í löndum okkar þó að nýjustu rannsóknir sýni að það er einmitt jöfnuðurinn sem ræður hvað mestu um hvernig land stendur sig í mælingum á ýmsum velferðarþáttum svo sem menntun, lífslíkum, glæpatíðni, heilbrigði, öryggi, fátækt o.fl.

> Norræna velferðarkerfið hefur fyrst og fremst stuðlað að jöfnuði í samfélaginu með tiltölulega lítilli fátækt.

Gagnvart þegnum sínum og umheiminum, bera Norðurlöndin mikla ábyrgð á því að nýta þær hagstæðu forsendur sem þau hafa til að vera áfram fyrirmynd hvernig hægt er að byggja upp samfélag þar sem ríkir jöfnuður og fátækt er lítil.

Til að gera það er mikilvægt að standa vörð um grunnþætti norrænnar velferðarstefnu og að sýna það á ýmsan hátt í verki, að við samþykkjum ekki fátækt. Við höfum bæði vilja og getu til að berjast gegn henni. Fátækt er margslungið vandamál sem á rætur að rekja til margra, oft samverkandi þátta. Baráttuna gegn fátækt verður því að heyja á mörgum vígstöðvum samtímis. Félagsleg heildarsýn og viðeigandi lágmarksframfærsla og lágmarkslaun eru mikilvægir þættir í baráttunni. Útrýming fátæktar er langtímaverkefni.

Þess vegna æskjum við þess að þetta umrædda átak, Evrópuár um fátækt og félagslega einangrun 2010 verði framlengt. Ísland þyrfti að setja saman eigin langtímaáætlun um baráttuna gegn fátækt og félagslegri einangrun. Þessar áætlanir eiga áfram að gera frjálsum félagasamtökum og öðrum, sem koma að þessum málum, kleift að fá stuðning við starfsemi sem miðar að því að gera þessi mál sýnileg og tala máli þeirra sem minna mega sín. Einnig þarf að sinna frumkvöðlastarfsemi og rannsóknum.

Sýnið vilja, sýnið getu, stöðvið fátæktina!

# Háðsádeila eða einelti?

Fjölmiðlar

Höskuldur Þór Þórhallsson
alþingismaður



Það felst í því mikil ábyrgð að gegna starfi blaðamanns. Skrifa þarf fréttir þar sem staðreyndir eru raktar og gæta þarf þess að öll sjónarmið komist til skila. Það vald sem blaðamönnum er gefið er því mikið og er oft kallað fjórða valdið. Ekki að ástæðulausu.

Í umfjöllun Fréttablaðsins um þingsályktun sem sjö þingmenn úr öllum flokkum nema Samfylkingunni lögðu fram hefur að mínu mati ekki verið gætt þeirra sjónarmiða sem vönduð blaðamennska kennir sig við. Þannig hafa sterkar Evrópuáherslur blaðsins skinið í gegn þegar fjallað hefur verið um tillöguna og um leið reynt að gera eins lítið úr henni og hugsast getur.

Tillagan er nefnilega allra góðra gjalda verð þegar hún er skoðuð nánar. Lagt er til að kosið verði jafnhliða kosningum á stjórnlagaþing um það hvort halda eigi aðlögunarferlinu við Evrópusambandið áfram. Um er að ræða sáttaleið og þjóðinni gefinn kostur á að segja álit sitt á einhverju umdeildasta máli þjóðarinnar. Einnig felst í tillögunni hagræðing þar sem mikill sparnaður er fólginn í því að kjósa um leið og þjóðin kýs sér einstaklinga á stjórnlagaþing.

Fréttablaðið hefur í umfjöllun sinni um ályktunina kosið að draga fram alla þá galla sem á henni finnast. Reyndar eru þeir ekki margir en blaðið fjallaði ítarlega um það nokkra dag í röð að flutningsmönnum yfirsást að þrír mánuðir þurfa að líða frá því að ályktunin er samþykkt og þangað til þjóðaratkvæðagreiðslan getur farið fram. Mistök sem fyrsti flutningsmaður tillögunnar viðurkennir fúslega að hafi átt sér stað og hefur þegar bætt úr.

Í dálki sem ber heitið „Frá degi til dags“ á leiðarasíðu Fréttablaðsins gefst blaðamönnum tækifæri til að skrifa stuttar háðsádeilur og gera grín að fólki með mislagðar hendur. Yfirleitt tekst þeim blaðamönnum vel upp sem þar skrifa, en ekki alltaf. Það er nefnilega hárfín lína á milli háðs og eineltis. Það sem einum finnst fyndið getur sært aðra. Umfjöllun blaðsins að undanförnu um þau mistök sem gerð voru hefur að mínu mati verið meira í ætt við einelti en beitta háðsdeilu. Ég veit reyndar að þeir sem skrifin beinast að eru ekkert sérstaklega hörundsárir og standa umræðuna af sér en öllu má ofgera. Einnig að þeir sem skrifa í þennan dálk ætla sér sjálfsagt ekki að vega að nokkurri persónu.

Í ágætum leiðara blaðsins sl. föstudag er vakin athygli á því að ríkisstjórn Samfylkingar og VG hefur tekið upp fyrri ósóma undangenginna ríkisstjórna þegar kemur að mannaráðningum. Þannig fái hin faglegu sjónarmið ekki að ráða þegar starfsmenn eru ráðnir í ráðuneytin. Ég og leiðarahöfundur erum sammála um að þessu þurfi að breyta en bendi um leið á að blaðamenn Fréttablaðsins þurfa ekki að taka upp ósóma fyrirrennara sinna, hvað þá höfunda „Staksteina“ Morgunblaðsins þegar kemur að umfjöllun um einstök málefni. Um leið og gerð er krafa um vandaðri vinnubrögð hjá stjórnvöldum nær sú krafa einnig til fjölmiðla sem endurspegla það sem sagt er og gert inni á Alþingi. Þeim ber eins og öðrum að fara vel með það vald sem þeim er gefið.





**Þjóðarspegillinn 2010** Ráðstefna í félagsvísindum XI verður í Háskóla Íslands í dag en henni er ætlað að kynna og miðla því sem er efst á baugi í rannsóknum í félagsvísindum á Íslandi á hverju ári. Um 160 fyrirlestrar verða fluttir í 43 málstofum og verður fjallað um allt frá þjóðfræði miðalda til afleiðinga efnahagshrunsins.



FRÉTTABLAÐIÐ
**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





Villibráðar-hlaðborð

21. október - 17. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

Verð 8.490 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*7.490 kr.*

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 18. nóvember
*Tilboð mán.-mið. 7.290 kr. — Verð: 8.290 kr.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot







**Lilja Sigurðardóttir hefur brennandi mataráhuga. Þann áhuga ljær hún aðalsöguhetjunni í nýrri bók.**



Lilja getur ekki stillt sig um að hafa hvítlauksristaða humarhala með humarsúpunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allur heimurinn undir

Mataráhugi er útbreiddur í fjölskyldu rithöfundarins Lilju Sigurðardóttur og þegar hún eldar er allur heimurinn undir. Glæpasagan hennar Fyrirgefning kom út hjá Bjarti í vikunni og hefur hún lánað aðalsögupersónunni Magna fjölda uppskrifta.

„Það má segja að við séum andlegir tvíburar þegar kemur að matargerð. Bókin er full af uppskriftum og þó að þær séu ekki allar nákvæmlega útlistaðar veit ég um konur norður í landi sem elda beint eftir þeim. Ég er líka þannig gerð að ég fer aldrei nákvæmlega eftir uppskriftum og er óhætt að bæta við og breyta.“

Fyrirgefning er önnur bók Lilju um ástarsögupþýðandann Magna og lögreglukonuna Iðunni en fyrri bókin Spor kom út í fyrra.

*vera@frettabladid.is*

## HUMARSÚPA MEÐ HVÍTLAUKSRISTUÐUM HUMARHÖLUM

Forréttur fyrir fjóra, aðalréttur **FYRIR TVO**

Um það bil ½ kíló smáhumar eða skelbrot
vatn svo fljóti vel yfir
1 fiskiteningur eða lúðubein til að fá kraft
1 rauð eða gul paprika
½ til 1 rautt chili
1 gulrót, sæt kartafla, sellerístilkur eða annað grænmeti sem til er í ísskápnum
nokkur Jamaica- eða önnur piparkorn
saffran (má sleppa)
3-4 hvítlauksrif
vænn biti af engifer
1 dós kókosmjólk
salt
pipar
karrý (má sleppa)



*Látið humarinn sjóða í tæpa klukkustund ásamt grænmetinu, fiskiteningnum, hvítlauknum, chili, engifer, piparkornum og saffrani. Setjið allt í blandara og maukið. Færið blönduna aftur í pottinn og látið sjóða í röskan hálftíma til viðbótar. Sigtið jukkið vel bætið kókosmjólkinni í og kryddið súpuna til. Það er tilvalið að hafa stærri humarhala sem meðlæti.. Kljúfið þá og smyrjið á þá hvítlauksolíu (kraminn hvítlaukur og smátt saxaður kóríander) og steikið á pönnu. Skerið brauð í strimla og steikið í olíunni af humrinum. Raðið ofan á salatbeð og berið fram með súpunni.*






**Ostafylltir pitsuendar** gera ljúffenga pitsu enn betri og draga úr líkum á því að endunum sé leifað. Það er minna mál að fylla kantana en mætti halda. Ostinum (sem getur verið mozzarellaostur, piparostur eða í raun hvernig ostur sem er) er raðað út við jaðar pitsunnar og deiginu flett yfir.



Hálfmáni fylltur með kjúklingi og þistilhjörtum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hálfmánar í vasabroti

**Hinn klassíski réttur hálfmáni, fylltur með skinku og sveppum, nýtur stöðugra vinsælda. Skemmtilegt getur verið að útbúa marga litla hálfmána og huga að einhverri nýsköpun hvað fyllinguna varðar.**

Margar litlar pitsur eru kjörinn partímatur og oft fallegar á borði. Hins vegar geta litlir hálfmánar oft verið enn sniðugri þar sem þeir haldast lengur heitir og ef fyllingin er ekki þeim mun fallegri er flott að geta falið hana inni í gylltu deigi.

Uppskriftin sem hér er gefin að litlum hálfmánum er með eilítið óvenjulegri fyllingu.

*- jma*

## LITLIR HÁLFMÁNAR

Með kjúklingi og þistilhjörtum FYRIR FJÓRA

**Deig**
1 msk þurrger
1 msk volgt vatn
1 tsk sítrónusafi
1 bolli mjólk
1 ½ bolli hveiti
¾ bolli heilhveiti
1 msk sykur
1 tsk lyftiduft
½ tsk matarsódi
½ tsk salt
2 msk mjúkt smjör

*Hrærið gerið saman við volgt vatn og látið standa í tíu mínútur. Hrærið sítrónusafanum og mjólkinni saman í annarri skál. Í þriðju skálinni er hveitinu, sykri, lyftidufti, matarsóda, salti og smjöri blandað saman. Blandið gerblöndunni og mjólkurblöndunni saman við hveitiblönduna. Hnoðið deigið og látið lyfta sér í 30 mínútur. Skiptið deiginu að því loknu í 8-10 litlar bollur. Fletið hverja bollu vel út.*

**Sósa**
1 dós af niðursoðnum tómötum
1 dós tómatpúrra
1 hvítlauksrif
1 tsk ólívuolía
salt, pipar og óreganó eftir smekk

*Maukið allt hráefnið vel saman, í matvinnsluvél eða með töfrasprota.*





**Fylling**
1 krukka af þistilhjörtum, fínt skornum
¼ tsk salt
¼ tsk mulinn svartur pipar
1 hvítlauksrif, maukað
2 bollar fersk spínatlauf, fínt skorin
1 ¼ bolli rifinn ostur að eigin vali
1 bolli af smátt skornum kjúklingabringum
1 tsk ólívuolía

*Best er að þerra mesta vökvann af þistilhjörtunum með pappír. Blanda svo öllu hráefninu saman í skál.*

**Hálfmáninn fylltur**

*Hellið um matskeið af sósu á deigið, án þess að sósan hylji endana. Setjið um 3 msk. af fyllingunni í miðjuna og lokið hálfmánunum með því að setja deigið yfir og klípið endana vel saman. Bakið við 190°C í tuttugu mínútur. Best er að hálfmánarnir fái að kólna í fimm mínútur áður en snætt er.*


# PIZZAOFN

PIZZUR
BÖKUR
BAGUETTE
SAMLOKUR
LASAGNE ofl.





„Pizzan verður eins og eldbökuð!“

Ariete

**Ariete 903**
Da Gennaro Pizzaofn úr málmi. Bakar frosnar eða heimatilbúnar pizzur á steinplatta sem snýst og endurkastar hita (svipað og í viðarbrennsluofnum). Fljótur að hitna og bakar pizzu á 5-10 mínútum. Frábær fyrir pizzur, bökur, baguette, samlokur, lasagne og fleira. Tímastillir og stillingar fyrir ýmsar matartegundir.

VERÐ
17.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




Pitsa margaríta var upphaflega kónga- eða réttara sagt drottningarmatur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Í ítölsku fánalitunum

**Saga hinnar vinsælu margarítu pítsu má rekja til ítölsku konungshirðarinnar seint á 19. öld þegar matreiðslumaður einn útbjó hana til heiðurs drottningu landsins.**

Flestir hafa bragðað á eða að minnsta kosti einhvern tímann heyrt talað um pitsu margarítu. Færri þekkja hins vegar söguna á bak við þessa vinsælu flatböku, sem má rekja alveg aftur til ítölsku konungshirðarinnar seint á 19. öld.

Þá réðu ríkjum á Ítalíu Umberto I. konungur og drottning hans Margherita, en sú varð fyrst til að innleiða flatbökur við ítölsku hirðina. Fram að því voru pitsur taldar vera bændamatur á Ítalíu en það kom ekki í veg fyrir að Margherita prófaði þær og kolféll í kjölfarið fyrir þeim. Ekki voru allir jafn hrifnir af því þegar Margherita bætti flatbökum á matseðilinn við konungshöllina, en drottningin lét hins vegar allar gangnrýnisraddir sem vind um eyru þjóta og fór ekki leynt með dálæti sitt á pitsum.

Þetta varð til þess að einn matreiðslumaður við hirðina, Rafaelle Esposito, varð svo ánægður að hann bakaði sérstaka flatböku handa Margheritu með tómötum, mozarellaosti og fersku basil í takt við ítölsku fánalitina og nefndi hana Pizza margherita til heiðurs drottningunni.

Drottningin tók pitsuna samstundis fram yfir aðrar og af þeim sökum náði hún fljótt útbreiddum vinsældum á Ítalíu, en þessar vinsældir teygja nú anga sína víða um heim.

Heimild: www.visindavefur.is

# Pitsur eru líka sætindi

**Pitsur eru ekki algengar sem eftirréttir en það er skemmtileg nýbreytni að bjóða upp á pitsu með ávöxtum eða súkkulaði sem ábæti. Það ætti að vekja lukku í barnaafmælum og saumaklúbbum.**

Sætindi eru ekki það fyrsta sem okkur dettur í hug þegar talað er um pitsur. En það er hægt að búa til gómsæta eftirrétti eftir formúlu pitsugerðarinnar, enda pitsur í sjálfu sér bakstur. Ávextir eru kjörið álegg, en einnig má nota súkkulaði, hnetur, sykurpúða eða næstum hvað sem hugmyndaflugið býður. Stundum er það þó eiginlega bara formið sem minnir á pitsu, eins og í súkkulaðipitsunni með jarðarberjunum hér til hliðar, en það er líka hægt að setja sætar fylling ar í hefðbundið pitsudeig eins og til dæmis banana með súkkulaðikremi, hunangslegnar mandarínur eða sýrópsmarinerað kiwi.

Hvor aðferðin sem valin er verður árangurinn gómsætur og nýstárlegur eftirréttur sem ætti að vekja aðdáun sælkera. Hvernig væri að skipta pepperónípitsunni út fyrir ljúffenga súkkulaðipitsu með jarðarberjum í næstu afmælisveislu eða saumaklúbbi?



## SÚKKULAÐIPITSA

með jarðarberjum **FYRIR 24**



**Deig**
1 bolli smjör
1/2 bolli flórsykur
1/2 bolli maízenamjöl
2 bollar hveiti
1/2 teskeið salt

**Sósa**
1 bolli súkkulaði, brytjað
1/2 bolli rjómi

**Fylling**
1 heill rjómaostur, mýktur
1/3 bolli sykur
1 bolli rjómi, stífþeyttur

**Álegg**
3 bollar jarðarber, sneidd
1/2 bolli hindberjahlaup eða hindberjasulta
2 matskeiðar kaffisíróp

*__1.__ Hitið ofninn í 170°C*

*__2. Deig__: Hrærið saman smjör, flórsykur, maízenamjöl, hveiti og salt.*

*__3.__ Setjið deigið í 12 tommu form.*

*__4.__ Bakið í 20-25 mínútur.*

*__5.__ Takið kökuna úr ofninum og kælið.*

*__6.__ Á meðan kakan bakast er sósan búin til: Setjið brytjað súkkulaðið út í rjómann og hitið í örbylgjuofni í 3 mínútur.*

*__7.__ Takið úr örbylgjuofninum og látið kólna í 5 mínútur. Þeytið þar til sósan er hæfilega þykk.*

*__8.__ Látið sósuna kólna við stofuhita.*

*__9. Fylling:__ Þeytið rjómaostinn og sykurinn þangað til það er létt og froðukennt. Blandið þeyttum rjómanum saman við.*

*__10.__ Samsetning: Setjið kökuna á kökufat.*

*__11.__ Dreifið kældri sósunni yfir botninn, skiljið eftir nóg til að skreyta með.*

*__12.__ Dreifið rjómaostsfyllingunni yfir sósuna.*

*__13.__ Raðið jarðarberjunum ofan á fyllinguna.*

*__14.__ Hitið hindberjahlaupið augnablik í örbylgjuofninum, hrærið sírópinu út í og látið blönduna drjúpa á jarðarberin.*

*__15.__ Hitið afganginn af sósunni í örbylgjuofni í 15-20 sekúndur. Dýfið gaffli í sósuna og látið leka af honum yfir jarðarberin.*

*__16.__ Setjið plast yfir pitsuna og setjið í ísskápinn þar til hún er gegnköld.*

*__17.__ Skerið í sneiðar og berið fram.*



Pepperoni er vinsælasta pitsuálegg hins vestræna heims.

# Pitsa með rjóma

**Sinn er siður í landi hverju og á það við um pitsur eins og annað.**

Pitsa nýtur vinsælda um gjörvalla veröld, en þjóðirnar hafa ólíkan smekk fyrir áleggi ofan á pitsur sínar. Hér má sjá eftirlætis áleggssamsetningu tíu þjóða.

**Indland:** Kryddsaltaður engifer, kindahakk og kotasæla

**Rússland:** Mockba (blanda af sardínum, túnfiski, makríl, laxi og lauk) og reykt síld

**Brasilía:** Grænar baunir

**Japan:** Áll, smokkfiskur og Mayo Jaga (majónes, kartöflur og beikon)

**Frakkland:** Flambée (beikon, laukur og rjómi)

**Pakistan:** Karrí

**Ástralía:** Rækjur, ananas og barbeque-sósa

**Kosta Ríka:** Kókoshneta

**Holland:** Double Dutch (tvöfalt af öllu: kjötáleggi, osti og lauk)

**Bandaríkin:** Pepperóní, sveppir, pylsur, græn paprika og glás af osti







# Nýjung sem féll í kramið

**Hornið var með fyrstu veitingastöðum á Íslandi til að bjóða upp á pitsur þegar það var opnað árið 1979. Einn eigendanna, Valgerður Jóhannsdóttir, segir landsmenn hafa tekið framtakinu fagnandi og síðan þá hafi pitsurnar verið vinsælastar á matseðli staðarins.**

„Auðvitað klóruðu sér einhverjir í hausnum yfir þessu framtaki. Almennt tóku þó flestir vel í það og enn í dag eru þetta langvinsælustu réttirnir á matseðlinum," segir Valgerður Jóhannsdóttir, einn eigenda Hornsins, sem var einn af fyrstu veitingastöðum á landinu sem bauð upp á pitsur.

Valgerður og eiginmaður hennar, Jakob H. Magnússon, stofnuðu Hornið árið 1979 þá nýflutt heim með eit barn frá Danmörku, en það var einmitt þar sem þau fengu þá hugmynd að opna pitsustað á Íslandi. „Við bjuggum í Kaupmannahöfn í nokkur ár þar sem Jakob vann á pitseríu við Strikið. Okkur datt í hug að opna sams konar stað hérlendis ásamt félaga okkar, sem gekk reyndar út úr rekstrinum einu og hálfu ári síðar, og ekki verður annað sagt en að það hafi lukkast vel, þar sem pitsurnar féllu í kramið hjá þjóðinni."



Á Horninu geta viðskiptavinir fylgst með matreiðslumönnum að störfum á meðan beðið er eftir kræsingunum.

Pitsumenning Íslendinga hefur vitanlega tekið miklum breytinum frá því að Hornið var opnað fyrir meira en þrjátíu árum. Pitsustaðir og -keðjur hafa sprottið upp eins og gorkúlur og pitsur teljast ekki lengur til framandi rétta heldur dæmigerður heimilismatur á borðum landsmanna. Valgerður segir þó ekkert af þessu hafa slegið á vinsældir pitsanna á Horninu. „Nei og það sem meira er að þótt við höfum reynt að fylgja einhverjum nýjum straumum í pitsugerð þá eru það þessar sem hafa verið lengst á matseðli sem fólk sækist mest eftir."

Valgerður segir sömu lögmál gilda um útlit staðarins, sem hefur verið haldið óbreyttu frá upphafi og að þar spili ekki síst inn í kröfur viðskiptavinanna. „Auðvitað hefur okkur oft langað til að breyta ýmsu og höfum reynt að gera nokkrar lítils háttar breytingar, eins og að færa til málverk, en þessu hafa kúnnarnir mótmælt harðlega og þar af leiðandi þorum við ekki að hreyfa við neinu. Svona eftir á að hyggja er vel hugsanlegt að þetta eigi sinn þátt í vinsældum staðarins, fyrir jú utan auðvitað matseðilinn. Fólk vill geta gengið að öllu vísu og á meðan það gengur vel er svo sem engin ástæða til að breyta því."

*roald@frettabladid.is*




„Þetta er sannkallað fjölskyldufyrirtæki, maðurinn minn Jakob og dóttirin Ólöf sjá um matseld, eldri sonurinn Hlynur kemur að rekstrinum og sá yngri Jakob er þjónn. Sjálf er ég allt í öllu, sinni allt frá þrifum til reksturs," segir Valgerður, hér ásamt Jakobi og elsta syninum Hlyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Pizza pescatore eða sjávarréttapitsa er meðal þeirra rétta sem hafa notið mikilla vinsælda á Horninu frá fyrstu tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## PIZZA PESCATORE HEFUR VERIÐ Á MATSEÐLI HORNSINS FRÁ UPPHAFI

**Pitsudeig**
- 1 bolli volgt vatn
- 4 bollar hveiti
- ½ tsk. þurrger
- 2 tsk. sykur
- ½ tsk. salt

**Álegg**
- 4-5 kræklingar
- Um það bil 10 hörpuskeljar
- Handfylli af rækjum
- Pitsusósa, keypt eða heimalöguð
- Óreganó

*Setjið fjóra bolla af hveiti út í einn bolla af volgu vatni ásamt hálfri teskeið af þurrgeri, tveimur teskeiðum af sykri og hálfri teskeið af salti. Hnoðið vel saman og látið hefa sig. Þegar því er lokið eru gerðar hnefastórar kúlur úr deiginu. Látið þær hefa sig smávegis aftur, fletjið síðan út í pitsu.*

*Sósan á Horninu er leyndarmál, en hægt er að kaupa tilbúna pitsusósu úti í búð eða laga hana til heima úr maukuðum tómötum, oregano, salti og pipar og krydda eftir smekk. Þá þarf bara að gæta þess að sósan sé ekki of þykk, svo auðvelt sé að smyrja hana á pitsuna.*

*Þegar búið er að smyrja sósu á pitsuna, setjið þá kræklingana, hörpuskeljarnar og rækjurnar ofan á og dreifið vel úr öllu saman. Bakið pitsuna við 180-200°c í um það bil 15-20 mínútur. Setjið óreganó yfir pitsuna þegar hún kemur úr ofninum.*





**Magnús Bjarnason** kynnir niðurstöður doktorsritgerðar sinnar sem fjallar um áhrif aðildar Íslands að Evrópusambandinu á íslenskt efnahagslíf og samfélag á opnum fundi í Háskólanum í Reykjavík á morgun klukkan 11. Fundurinn, sem er í Antares-sal á jarðhæð, er öllum opinn.



# Skrímslin fara á kreik



**Hrekkjavakan er á sunnudag. Af því tilefni verður haldin graskersútskurðarkeppni við veitingastaðinn Á næstu grösum í Kringlunni á morgun milli klukkan 10 og 16. Verðlaun eru í boði fyrir flottasta graskerið.**

„Hugmyndin vaknaði einhvern tíma þegar ég var að horfa á skrítna bandaríska bíómynd. Þá hugsaði ég með mér að þetta væri nú skemmtilegur siður sem gaman væri að taka upp á Íslandi. Þó hann sé ekki íslenskur þá mælir ekkert móti því að við skemmtum okkur aðeins á haustin,“ segir Dóra Svavarsdóttir eigandi Á næstu grösum sem stendur fyrir graskersútskurðarkeppni í Kringlunni á morgun.

„Ég var fyrir nokkrum árum í Bandaríkjunum á hrekkjavöku og fannst það æðislega gaman,“ segir Dóra sem sjálf hefur dundað sér við graskersútskurð á hverju ári í tilefni hrekkjavökunnar. Hún segir ekki þurfa mikla hæfileika í útskurðinn. „Maður þarf auðvitað að geta farið með hníf en annars er það bara hugmyndaflugið sem setur manni takmörk,“ segir hún glaðlega en bætir hlæjandi við að listamannseðli hennar leyfi henni ekki mjög flókinn útskurð. „En ég hef séð fólk gera stórkostlega hluti.“



Fólk getur srpeytt sig í útskurði graskera í Kringlunni á morgun. Dóra Svavarsdóttir, hjá Á næstu grösum, stendur fyrir uppákomunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Graskersútskurðarkeppnin fer fram við veitingastaðinn Á næstu grösum í Kringlunni á morgun frá klukkan 10 til 16. Öllum er frjálst að taka þátt en Dóra minnir á að börn og unglingar þurfi að vera í fylgd með fullorðnum. Áhöld til útskurðar verða á staðnum en þátttökugjald er 500 krónur. Dómarar munu meta listfengi graskeranna og tilkynna úrslit klukkan 17 en vinningshafar geta unnið úttekt frá Hókus Pókus, gjafakörfur frá Bönunum og Yggdrasil og út að borða á Á næstu grösum. „Dómararnir eru þrír fagurkerar, þær Áslaug Snorradóttir ljósmyndari, Hjördís Reykdal Jónsdóttir skartgripahönnuður og Marentza Poulsen smurbrauðsjómfrú,“ segir Dóra sem ráðleggur fólki að koma í fötum sem megi slettast á.

Dóra hefur mjög gaman af hrekkjavöku og grímuböllum. Mér er boðið á nokkur slík,“ segir hún hlæjandi og útilokar ekki að hún mæti í grímubúningi á keppnina á morgun. *solveig@frettabladid.is*

# Þjóðhátíð og sýningar á Vökudögum

**Vökudagar, hin árlega menningar- og listahátíð Akurnesinga, hófust í gær og standa yfir í tíu daga. Fjölmargir koma að dagskránni, allt frá leikskólabörnum til landsþekktra listamanna.**

Dagskrá hátíðarinnar er afar fjölbreytt og borin uppi af hæfileikafólki á öllum aldri, heimafólki á Akranesi. Meðal viðburða má nefna þrjár sýningar á Safnasvæðinu; sýningu Björns Lúðvíkssonar í Garðakaffi, ljósmyndasýningu „Vitans“ félags áhugaljósmyndara í Fróðá og sýningu á listaverkasafni Akraneskaupstaðar í nýju sýningarrými í Safnaskálanum, auk fastra sýninga.

Á sunnudaginn heldur svo Félag nýrra Íslendinga á Akranesi þjóðhátíð, þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá, dans, tónlist og margt fleira.

Einnig stendur yfir samkeppni um nafn á hinum nýja sýningarsal í Safnaskálanum og verða úrslit keppninnar kynnt í lok Vökudaga. Tillögum skal skilað til Akranesstofu (tomas.gudmundsson@akranes.is) en frestur til að skila inn tillögum rennur út föstudaginn 5. nóvember. Þá verða Menningarverðlaun Akraness árið 2010 afhent á Vökudögum og verður afhending þeirra kynnt sérstaklega þegar nær dregur. Akranesstofa hefur umsjón með undirbúningi og skipulagi Vökudaga, en þeim lýkur sunnudaginn 7. nóvember. *- fsb*



Skagamaðurinn Andrea Gylfadóttir, ásamt hljómsveit, var meðal þeirra sem komu fram á Vökudögum í fyrra.


Tilboð allan nóvember
á engiferdrykknum aada í verslunum víða um land.

Kíktu í næstu verslun.

Engiferdrykkurinn aada er framleiddur úr 100% fersku og óafhýddu engifer, 100% fersk mintulauf, hrásykur, íslenskt vatn og sítrónusýra.

Hlutfall engifers í aada er mjög hátt !

Með allri virðingu fyrir vísindum að þá verðum við líka að hlusta á reynslu fólksins. Austurlensk fræði býr yfir mörg þúsund ára sögu þar sem hálft mannkynið býr!

Reynsla viðskiptavina okkar hér á íslandi sýnir að aada er að gera frábæra hluti.

Ég vona svo innilega að aada eigi eftir að gera þér gott.









My Secret
aada

kær kveðja,
Ólafur Sólimann

75% magn engifers, kælivara.

50% magn engifers, kælivara

Engifer ehf | Digranesvegi 10 | 200 Kópavogi | Sími 527-2777 | www.mysecret.is

FJÁRÖFLUN
fyrir félög og hópa
frábært úrval pakka sem innihalda jólapappír og skraut

Margir möguleikar - hafið samband
DANCO HEILDVERSLUN
Melabraut 19
220 Hafnarfirði
Sími: 575 0200
danco@danco.is
www.danco.is

vera
VETRAR-TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
olsen sandwich_
vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020

# Leiksystur líta til baka

**Stelpur sem fyrir 60-70 árum bökuðu drullukökur í bakgörðum og hoppuðu í parís á moldargötum í Vesturbænum ætla að hittast í Silfursal Hótel Borgar á morgun og rifja upp liðnar stundir.**

„Ég held að við verðum um fjörutíu talsins, allt stelpur sem léku sér á Nýlendugötunni fyrir löngu síðan," segir Ester Hurlen verslunarkona sem ásamt gömlum vinkonum og vinkonum þeirra ætlar að mæta á Hótel Borg á morgun og gera sér glaðan dag. Það er í fjórða skipti á jafnmörgum árum sem þær hittast til að rifja upp gömul kynni. En þar sem Nýlendugatan er stutt vekur fjöldinn í partínu athygli. Ester útskýrir hann:

„Það er alveg tuttugu ára aldursmunur á þeim yngstu og elstu í hópnum þannig að við lékum okkur ekki allar saman í gamla daga. Þegar ein var orðin dama voru aðrar litlar og svo framvegis. En við vissum allar hver af annarri. Þessir samfundir á síðustu árum byrjuðu með því að ég og Unnur Gunnarsdóttir, gömul vinkona mín, hittumst af tilviljun hjá dætrum okkar suður í Vogum og upp úr því ákváðum við að hóa nokkrum leiksystrum saman. Það spurðist út og bæði yngri og eldri vildu fá að vera með. Auðvitað voru allar velkomnar og strax fyrsta árið vorum við 23 eða 24. Þegar sá fundur var höfðum við ekki hist í mörg herrans ár og þekktum ekki hver aðra í sjón."

Ester ólst upp í húsi sem heitir Sandgerði og er á Nýlendugötu 19 B. Í porti á bak við húsið kveðst hún hafa átt bú sem hún og vinkonurnar léku sér oft í. „Ég var einkabarn og fékk að hafa portið dálítið fyrir mig og þarna urðu til margar vel skreyttar drullukökur," rifjar hún upp og nefnir líka ratleiki og parís þegar hún er spurð hvað þær stöllur hafi haft fleira fyrir stafni. „Svo vorum við í boltaleikjum eins og kíló, brennó, sóló og „yfir". Leikvellir? – nei, við lékum okkur niðri í Daníelsslipp, í bakgörðunum og svo á götunum sem voru moldargötur þar sem auðvelt var að teikna parís."

Ekki hefur enn orðið úr því að hópurinn fari saman á fornar slóðir vestur á Nýlendugötu að sögn Esterar. „En gamlar myndir eru gjarnan dregnar upp úr veskjunum þegar við hittumst," segir hún. „Og svo höfum við um margt að spjalla. Æskan var ljúfur tími sem gaman er að minnast." *gun@frettabladid.is*


Ester Hurlen, Jónína og Guðlaug Kristófersdætur, Unnur Gunnarsdóttir og Guðríður Thorlacius á fornum slóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Nýlendugötuvinkonurnar hittust fyrir tveimur árum á veitingastaðnum A Hansen.


Áslaug og Oddfríður spásséra úti með dúkkurnar á sjötta áratugnum.

billi bi
15%
afsláttur af öllum Billi Bi
...aðeins þess einu helgi !!
gs skór
laugavegi | kringlunni | smáralind
s.512 1760 | www.ntc.is | erum á facebook


Rómantík má alls staðar finna, jafnt heima, í borgarysnum og úti í náttúrunni, eins og sjá má á þessum samrýmdu hestum.

# Rómantísk helgi!

**Rómantískar helgar þurfa ekki að kosta mikið meira en ríkulegt ímyndunarafl og sanna ást.**

■ Gerðu heimilið eins kósí og hugsast getur, þar sem ekkert minnir á vinnu eða daglegt stress. Slökktu á farsímum og tölvum. Settu hrein sængurföt á rúmið og hrein handklæði á baðherbergið.

■ Gefðu þér tíma til að hugsa um hvað hittir í mark hjá báðum. Var hann kannski búinn að biðja um eitthvað sérstakt og ástleitið fyrir sig, eða öfugt? Um helgar gefst tími til að láta draumana rætast.

■ Gerið eitthvað náið saman, eins og að horfa á rómantískar kvikmyndir, fara á söfn, elda lostvekjandi máltíð eða skreppa í stutta ástarferð út fyrir bæinn.

■ Hafðu tiltæka tónlist sem geymir fallegar minningar og tengir ykkur saman.

■ Farið í ratleik heima eða í miðbænum, þar sem þið ratið loks í faðm hvor annars eftir skemmtilega útúrdúra.

■ Skrifið hvort öðru ástarbréf þar sem þið tíundið tilfinningar, söknuð og þrár hvort til annars, en einnig drauma sem ekki hafa áður verið sagðir.

■ Gefið hvort öðru persónulega ástargjöf, eins og málaðan blómvönd í ramma eða vinaband úr völdum perlum og steinum.

■ Laumist í fáfarna sveitasundlaug til að kela undir vetrarbláma.

■ Heimsækið sjaldséðan ástvin ykkar saman, eins og ömmu á elliheimilinu eða einmana frænda.

■ Í fallegu vetrarveðri er rómantískt að fara saman á afvikinn stað þar sem kveikja má lítinn eld og steikja sykurpúða yfir, eða fara á veitingahús í sveitum landsins þar sem kertaljós vermir hjörtun.

■ Að fara saman í undirfatabúð og kaupa fallegan nærfatnað á hvort annað er kynæsandi upplifun.

■ Kveiktu á urmul kerta heima og jafnvel lokkandi ilmkerti sem gefur frá sér munúðarfullan ilm. Taktu upp flösku af góðu víni eða öðrum frískandi drykk og útbúið máltíð sem krefst ekki mikils umstangs eftir á. Eigðu ljúffengar múffur, ávexti og konfekt til að maula í rúminu að morgni.

# Dularfullir dýrgripir

**Á sunnudag gefst almenningi kostur á að koma með gamla gripi til greiningar hjá sérfræðingum Þjóðminjasafns Íslands.**

Á greiningardögum Þjóðminjasafnsins hefur margt skemmtilegt komið fram. Meðal þess sem fólk hefur komið með eru tóbaksdósir sem munu hafa verið í eigu Brynjólfs Péturssonar Fjölnismanns, stokkabelti eignað Ragnheiði biskupsdóttur, forn öxi sem fannst í jörðu í Þjórsárdal og hlutar úr vinsælu bollastelli frá 19. öld.

Hlutir þurfa ekki að vera mjög gamlir til að vera áhugaverðir. Ef til eru á heimilinu sérkennileg áhöld eða gripir með áletrunum eða stimplum, sem enginn man lengur hvaðan komu eða til hvers voru notuð, er tilvalið að koma með þau á Þjóðminjasafnið og fá greiningu hjá sérfræðingum, því þá kemur oft ýmislegt spennandi í ljós.

Dagskráin stendur frá klukkan 14 til 16, en samkvæmt fenginni reynslu næst að greina um fimmtíu gripi á þeim tíma. Gestum er því bent á að koma tímanlega og taka númer.


Á mörgum heimilum leynast stakir og dularfullir gripir sem gaman væri að vita meira um.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

25%
aflsáttur af öllum töskum og hálsklútum
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 29. október 2010



Sinnir áhugamálinu og hefur aldrei verið ánægðari

## JÓHANNA VILHJÁLMSDÓTTIR

# BREYTTI UM LÍFSSTÍL

+ ÍSLENSK HÖNNUN + Á RÚMSTOKKNUM + SYSTUR SKRIFA BÓK + HELGARRÁÐIN + NÝ FYLGIHLUTAVERSLUN + TÍSKUSTRAUMARNIR


FJÖLNOTATÆKI • PRENTARI OG SKANNI




Útprentanir endast allt að 300 ár!

EPSON

Epson SX218

Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar í 1200 x 2400. Prentar allt að 34 bls. á mín. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

Kr. 12.450

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ Lifðu lífinu



## HATTAR FYRIR ALLA

Hattar eru meðal þeirra tískustrauma sem koma sterkir inn í vetur. Hattar eru skemmtileg viðbót fylgihlutatískunnar í vetur. Þessi fæst í Nostalgíu og kostar 7.900 kr.

## blogg vikunnar



### Fyrirsætublogg

Tískubloggið www.fashionistablogg.blogspot.com fjallar um allt sem viðkemur tísku. Stúlkan sem heldur úti síðunni er fyrirsæta sem lifir og hrærist í heimi tískunnar og skrifar um nýjustu tískustraumana, fötin sem hana dreymir um að eignast og ýmislegt annað sem viðkemur tísku.

### Bresk fínheit



Bloggið www.kaylahadlington.blogspot.com var valið eitt af fimmtíu skemmtilegustu nýju bloggunum í ár. Stúlkan á bak við bloggið er bresk og er hennar helsti veikleiki skyrtur og blússur í öllum stærðum, litum og gerðum. Hún kaupir helst notuð föt því hún segir verðlag í tískuverslunum vera hreinan þjófnað. Stúlkan er fínn penni og gaman er að lesa færslur hennar.

### Óskiljanleg tíska

Www.electricdreamerr.blogspot.com er pólskt tískublogg og því óskiljanlegt öllum nema þeim sem tala það tungumál. Myndirnar sem fylgja blogginu eru þó afskaplega skemmtilegar og gaman er að skoða þær, þrátt fyrir tungumálaörðugleika.

Kristín og Þóra Tómasdætur skrifa bók fyrir stelpur um stelpur

# STELPUR FARA Í MÚTUR EINS OG STRÁKAR



**Eins og að fæða barn** Kristín Tómasdóttir líkir bókaútgáfunni við fæðingu barns og hlakkar mikið til að sjá hana í hillum búðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Okkur systrum fannst vanta svona bók á markaðinn, svona almennilegan stelpufræðara um allt milli himins og jarðar," segir Kristín Tómasdóttir en hún hefur nú gefið út bók ásamt systur sinni Þóru. Bókin ber ekki flókinn titil en hún nefnist Stelpur.

Bókin kemur í búðir í dag og er markhópurinn stúlkur frá 10 ára aldri og upp í 19 ára. „Bókin er fyrst og fremst ætluð þeim aldri en er örugglega skemmtileg og fræðandi fyrir konur á öllum aldri," segir Kristín en í hverjum kafla bókarinnar, sem eru ellefu talsins, er tekið á einu málefni. Allt frá kynþroska, kynlífi, fjármálum og útliti að samböndum við vini. Í bókinni eru viðtöl og reynslusögur úr ýmsum áttum sem hægt er að læra mikið af. Einnig eru próf og kannanir lesendum til gamans.

„Það má eiginlega segja að hugmyndin hafi kviknað einn daginn við eldhúsborðið og við byrjuðum vinnuferlið í febrúar á þessu ári," segir Kristín en þar sem þær systur búa hvor í sínu landinu er samvinnan búin að vera örlítið snúnari en gengur og gerist. „Við Þóra höfum ekki látið landamærin stöðva okkur en það má kannski segja að símareikningarnir hafi verið háir um tíma," segir Kristín en var það eitthvað sem kom henni sjálfri á óvart við vinnslu bókarinnar? „Já, það var sko margt og mikið. Til dæmis það að stelpur fara líka í mútur á kynþroskaaldrinum eins og strákar. Ekki jafn mikið en raddir stúlkna dýpka líka töluvert. Það kom mér í opna skjöldu," segir hún og bætir við að kaflinn sem snerist um útlit hafi verið henni erfiður viðfangs. „Það er ekki alveg mín deild. Ég á erfitt með setja stelpum einhverjar sérstakar útlitsreglur. Ég var búin að skrifa eitthvað en svo las Þóra það yfir og sagði mér hreint út að þetta væri glatað og tók þar með kaflann í sínar hendur. Hún hefur alltaf haft meira vit á útliti en ég," segir Kristín létt í bragði en þær systur ætla að vera í Eymundsson á Skólavörðustíg milli 15-17 á morgun og spjalla um bókina. **- áp**


**Heildverslunin Zahira ehf er umboðsaðili fyrir Magnetic Naglavörurnar**




**Zahira ehf** Kringlunni 1 Sími 588-2323
**Zahira og Magnetic Naglaskólinn eru á facebook!**


Weird Girls með verk á listahátíð í Skotlandi:

# Skrítnar í Edinborg



**Í útrás** Vídeóverk eftir listahópinn Weird Girls var sýnt á listahátíð í Edinborg.

Nýtt vídeóverk gjörningahópsins Weird Girls var sýnt á listahátíðinni Edinburgh's Hidden Door festival um síðustu helgi. Þetta er í fyrsta sinn sem verk eftir hópinn er sýnt á erlendri grundu.

Að sögn Kitty Von Sometime, sem fer fyrir hópnum, var mikill heiður að fá að sýna á hátíðinni því mikill fjöldi listamanna hafði sótt um þátttöku en aðeins fáir komist að. Í verkinu sem sýnt var á hátíðinni sjást stúlkurnar ganga um skóglendi klæddar engu nema blómakransi sem þær bera á höfði sér og undir ómar tónlist eftir Ólaf Arnalds. „Við fréttum mjög seint af því að við höfðum fengið inn á hátíðina og þess vegna gátum við ekki verið viðstaddar. Klippari verksins býr aftur á móti í Edinborg og gat því sótt sýninguna. Hún sagði að þetta hefði gengið mjög vel og að gestirnir hefðu verið mjög hrifnir af verkinu og þema þess," segir Kitty.

Heimildarmynd var gerð um verkefnið og vinnur Kitty nú að því að fá þá mynd sýnda annaðhvort í sjónvarpi eða kvikmyndahúsum. **- sm**

✻ aug likið



**KLASSÍSK** Leikkonan Rosario Dawson mætti í þessum klassíska kjól á opnun nýrrar verslunar hönnuðarins Vanessu Bruno í Los Angeles.


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


TAX FREE
21%
afsláttur af öllum vörum
the PIER
Gríptu tækifærið
virðisaukalaus helgi í verslunum Pier um helgina
Ketill og bollar kínasett verð 1990- án vsk 1572
Kerti frá verð 790 - án vsk 624
Sushi sett verð 3990 - án vsk 3152
Skál lauf verð 2990 - án vsk 2362
Bókastoðir sett verð 3490 - án vsk 2752
Borðstofuborð verð 59900 - án vsk 47321
Fugl verð 3990 - án vsk 3152
Vasi verð 3990 - án vsk 3152
Opnum 4. nóvember
Smáratorgi Kópavogi / Korputorgi Reykjavík / Glerártorgi Akureyri



Chloé

Tískustraumarnir í vetur:

# BRENNDIR LITIR



Bolur úr Topshop, 5.990 kr.

Þægilegar buxur úr Zöru, 6.995 kr.

Brenndir litir hafa verið áberandi í haustlínum tískuhúsanna þetta árið. Hunangslitaðir bolir, sinnepsgulir kjólar og aðrar brúnleitar flíkur verða mjög ráðandi í vetur. Litirnir klæða ef til vill ekki alla, en þeir sem komast upp með það ættu svo sannarlega að láta til leiðast, enda eru brenndu litirnir skemmtileg tilbreyting frá svarta litnum sem hefur hingað til verið helsti tískulitur vetrarmánuðinna. - sm





1. Kjóll úr Spúútnik, 15.900 kr. 2. Loðskór úr Zöru, 17.995 kr. 3. Hlébarðahúfa úr Accessorize, 3.999 kr. 4. Afrískt hálsmen úr Spúútnik, 11.900 kr. 5. Brúnt hálsmen úr Topshop, 3.990 kr. 6. Síður trefill úr Zöru, 3.495 kr. 7. Brúnt leðurbelti úr Zöru, 7.995 kr. 8. Taska með kögri úr Friis og Company, 9.990 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hermes


SNYRTI-AKADEMÍAN

SNYRTISKÓLI - NAGLASKÓLI - FÖRÐUNARSKÓLI - FÓTAAÐGERÐASKÓLI

Fjölbreytt nám - Glæsileg aðstaða
Nánari upplýsingar á snak.is

## Naglaskóli Professionails



### Viltu verða naglafræðingur?

- Fyrirtækið Professionails er einn virtasti naglavöruframleiðandi í Evrópu.
- Ásamt því að framleiða naglavörur rekur Professionails naglaskóla víða um heim.
- Naglaskóli Professionails hefur verið starfræktur á Íslandi í 13 ár.
- Allir leiðbeinendur sækja námskeið og þjálfun til Professionails, a.m.k. einu sinni á ári.
- Naglavörurnar sem notaðar eru við kennsluna koma eingöngu frá Professionails.
- Allir nemendur fá diploma frá Professionails sem nýtist þeim um allan heim að námi loknu.

- Kennt er einu sinni í viku, á miðvikudögum, kl. 18-22 í 6-12 mánuði.
- Skólagjöldin eru frá 336.000 kr. Hægt er að dreifa greiðslum á allt að 36 mánuði.
- Innifalið í skólagjöldum er veglegur vörupakki frá Professionails.

Snyrtiakademían | Hjallabrekku 1 | 200 Kópavogur | S.553-7900 | www.snak.is




Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

## Rakaðar rauðsokkur

Um daginn var ég á biðstofu þar sem við mér blasti tímarit fyrir unglinga. Ég blaðaði í hálfkæringi í gegnum það þar til orðið „kynfærarakstur“ fangaði athygli mína. Ung stúlka hafði sent blaðinu fyrirspurn um hvernig væri best að framkvæma háreyðingu hjá kynfærum. Svarið var að gera það alls ekki enda væri fjarlæging kynfærahára óþörf. Þetta fannst mér athyglisvert þar sem ég er mikil áhugamanneskja um kynfæri, og þá skiptir engu hvort þau séu snyrt eða ósnyrt. Fólk skiptist iðulega í fylkingarnar „með“ og „á móti“ þegar kemur að háreyðingu. „Hinir hárlausu“ tala oft um aukið hreinlæti og kynferðislega aðlöðun (sex appeal) og gera oft strangar kröfur um að konur jafnt sem karlar snyrti sig. „Hinir snyrtu“ ganga oft út frá allsherjar hárleysi líkamans; handarkrikar, leggir, kynfæri, og stundum líka bringa og bak, eftir því hver á í hlut. „Hinir loðnu“ hins vegar leyfa, að flestu leyti, óheftan líkamshárvöxt. Samkvæmt staðalímyndinni þá eru þeirra rök fyrir náttúrulegum hárvexti þau að það sé hið eðlilega ástand líkamans.

Eflaust má rekja „normalíseringu“ kynfæraháreyðingar til klámsins og því spyr ég, þarf þetta að vera svona? Mætti vera loðin á leggjunum en með vel snyrtan munaðarhól? Eða loðin í dag og hárlaus á morgun? Oft er ég spurð hvort ég sé „með“ eða „á móti“ háreyðingu. Ef ég játast öðrum hvorum hópnum virðist ég hafa sett mig í þann hóp og fylgi viðhorfum hans. Þessu er ég hreinlega ósammála. Mér finnst að kynfærahárvöxtur og eyðing eigi að vera persónulegt val hvers og eins og þeirra einkamál.

Vinkona mín framkvæmdi óformlega rannsókn á kynfærahárvexti kvenna í sundlaugum víðsvegar um höfuðborgina og komst að því að hárvöxtur var oft bundinn ákveðnum hverfum borgarinnar. Þessar niðurstöður segja ekkert til um skoðanir né kynlífshegðun fólks sem búsett er í þessum tilteknu hverfum, heldur er ákveðinn stökkpallur fyrir frekari umræðu á fyrirbærinu. Ef háreyðing er skoðuð í sögulegu samhengi má rekja hina útbreiddu hugmynd um að allar konur skulu vera „vel snyrtar“ til markaðsátaks snyrtivörufyrirtækja í byrjun tuttugustu aldarinnar. Hins vegar er háreyðing sem slík, á kynfærum og annars staðar, töluvert eldra fyrirbæri sem framkvæmt er af báðum kynjum í sumum menningarheimum.

Í mínum útópíska heimi er kynfærahárvöxtur einkamál en ekki yfirlýsing um lífsviðhorf, kynlífshegðun og bólfélagastöðu. Hár er jú bara hár og eins og með flest allt í þessum heimi þá má finna kosti og galla í báðum tilfellum. Mér er alveg sama hvernig þú hagar þínum hárvexti svo lengi sem þú sért sátt en sért ekki að haga þér samkvæmt samfélagslegri pressu. Rauðsokkur geta skartað suðuramerískri klippingu rétt eins og Beðmálsstúlkur geta hvílt rakvélina.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***




# BIOTHERM GJAFADAGAR

## í snyrtivörudeild Lyfja & heilsu, Kringlunni

## 29. október – 3. nóvember

Kynnum NÝJA náttúrulega kremlínu, SKIN•ERGETIC fulla af efnum úr ávöxtum og grænmeti.

Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 6.900 krónur eða meira:

- Eau de Paradis ilmur 15 ml – kvenlegur og munúðarfullur ilmur
- Huile de Douche 75 ml sturtusápa með 3 náttúrulegum olíum sem hreinsa, næra og gefa silkiáferð.
- Baume Corps 75 ml nærandi líkamskrem með aprikósuolíu.
- Aquasource Eye Perfection augngel með nuddkúlum sem örva blóðrásina 4 ml.
- Biomains handáburður 20 ml.

**Einnig aðrar gerðir kaupauka!**




*Meðan birgðir endast á kynningunni. Einn kaupauki á viðskiptavin

Lyf&heilsa
Kringlunni

# VERÐUR ALLTAF UNG Í ANDA

**Jóhanna Vilhjálmsdóttir kvaddi Kastljósið fyrir ekki svo löngu og íhugar nú að setjast aftur á námsbekk og nema náttúrulækningar. Fjölskyldan, óhefðbundnar lækningar og heilbrigði heillar þjóðar er það sem á huga hennar núna.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason



Jóhanna Vilhjálmsdóttir er sátt við lífið. Hún sinnir áhugamálum sínum af mikilli ástríðu.

Ég útskrifaðist með BA-gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og meðfram náminu starfaði ég meðal annars sem þula, sem var ágæt aukavinna. Auk þess starfaði ég sem flugfreyja um tíma og kynntist þar Brynju Nordquist, eiginkonu Þórhalls Gunnarssonar. Hann vissi af því að ég hafði unnið sem þula og fékk mig til að koma í prufu fyrir sjónvarpsþáttinn Ísland í bítið og ég endaði á því að stýra þeim þætti með honum, síðar vorum við saman í Íslandi í dag og loks í Kastljósinu. Þannig hófst sjónvarpsferill minn eiginlega,“ útskýrir Jóhanna. Hún segir áhuga sinn á hollu líferni hafa spilað inn í þá ákvörðun hennar að taka starfinu því hana langaði að miðla því sem tengdist forvörnum og heilsu til áhorfenda.

„Þessi áhugi minn á öllu sem viðkemur heilsu hefur í raun alltaf verið undirliggjandi, svo hefur hann ágerst með árunum,“ segir hún og hlær. „Ég hef lengi verið að grúska í þessu og það hefur leitt mig á þá braut sem ég er á í dag. Ég hef mikinn áhuga á að fara og læra meira í kringum þetta, hvort sem ég fer beint í náttúrulækningar, eða byrja á lífefnafræðinni eða jafnvel hefðbundinni læknisfræði.“

Jóhanna segir þennan áhuga vera sjálfsprottinn og að hún hafi með aldrinum farið að velta því fyrir sér hvort það væri eðlilegt að flestir væru meira og minna sjúkir á einhvern hátt. „Og svarið var nei. Náttúrulegt ástand líkamans getur ekki verið sjúkt! Það hlýtur að vera heilbrigt. Og líkaminn hefur yfir alveg mögnuðu viðgerðarkerfi að ráða sem virðist ekki ná að sinna sínu hlutverki vegna skorts á næringarefnum og neyslu á næringarsnauðum hitaeiningum og unnum matvælum. Sem betur fer eru alltaf fleiri og fleiri að verða meðvitaðir um hve mikil áhrif þeir geta haft á heilbrigði sitt og valið aðrar leiðir en að taka lyf við öllum meinum. Ég hef til dæmis verið að rannsaka áhrif mataræðis og hugans á krabbamein og niðurstöðurnar eru sláandi. Mataræði og friðsæll hugur getur haft ótrúlega mikið að segja um það hvort fólk nái bata eða ekki. Eins finnst mér skrítið hvað heilbrigðiskerfið stuðlar lítið að forvarnastarfsemi og einblínir þess í stað á viðgerðir eftir að fólk er orðið veikt. Við höfum nefnilega komið upp sjúkdómakerfi en ekki raunverulegu heilbrigðiskerfi,“ segir Jóhanna. „Auðvitað geta lyf verið nauðsynleg en þessi ofnotkun getur ekki gengið til lengdar. Ég spyr: Hvernig getum við bara horft upp á heiminn verða veikari og veikari eins og það sé eitthvað náttúrulögmál og ætlað síðan bara að finna ný og ný lyf. Það er eitthvað alveg galið í þessari heimsmynd.“

*„Það var mikil gjöf að fá að upplifa það að eignast barn aftur á „gamals“ aldri, orðin þroskaðri og gildin í lífinu önnur.“*

## FJÖRUGT FJÖLSKYLDULÍF

Jóhanna er í sambúð með Geir Sveinssyni, fyrrverandi landsliðskappa í handbolta, og saman reka þau stórt og fjörugt heimili. Parið á saman þrjú börn en fyrir átti Jóhanna eina dóttur og eins átti Geir einn son frá fyrra sambandi. „Ég átti dóttur mína rétt rúmlega tvítug og fannst því mikil gjöf að fá að upplifa það að eignast barn aftur á „gamals“ aldri, orðin þroskaði og gildin í lífinu önnur. Maður einhvern veginn upplifir svo miklu sterkar hvað þessi sköpun er mikið kraftaverk og það má eiginlega segja að ég sé uppfull af þakklæti á hverjum degi fyrir að eiga þessa fjölskyldu.“

Aðeins átján mánuðir eru á milli tveggja yngstu barnanna og þó þeim geti fylgt mikil læti og


# SOHO MARKET

Vinsælu blúndu **aðhaldstopparnir** komnir aftur.

Blúnda að framan og aftan.

Litir: Svart og húðlitur

Stærðir: S–XXL

**Verð aðeins 3.450 kr.**



SOHO / MARKET Á FACEBOOK

Grensásvegur 16 - sími 553 7300 - Opið mán-fös 14–19. Laugd. 12–17


## * bak við tjöldin





**Nýjustu kaupin?**
Veit ekki alveg hvernig ég á að lýsa því en það er svona rúllukraga peysusjal.

**Uppáhalds hljómsveitin?**
Lenny Kravitz, Dikta, Muse, Queen, 10 CC svo einhverjir eru nefndir.

**Uppáhalds staðurinn?**
Bústaðurinn okkar við Laugarvatn. Það er bara yndislegt að komast í kyrrðina og róna í sveitinni og hafa það kósí með fjölskyldunni.

**Helsta fyrirmyndin?**
Allir sem lifa lífinu lifandi og hafa hugrekki til að synda á móti straumnum.

**Uppáhalds bíómyndin?**
Fer ótrúlega sjaldan í bíó og man ekki eftir neinni alveg í svipinn. Uppáhalds heimildarmyndin mín heitir Dying to have known og fjallar um alveg einstaka krabbameinsmeðferð sem gengur undir heitinu The Gerson Therapy. Önnur er Food Inc. eftir Michael Pollan sem enginn má láta fram hjá sér fara.

# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • NÓVEMBER 2010

## STELPAN Í RETRO STEFSON

ÞORBJÖRG ROACH ER Í MINNIHLUTA Í HEITUSTU HLJÓMSVEIT LANDSINS

## ARI ELDJÁRN OG STEINDI

OG ALGENGAR MÝTUR UM GRÍNBRANSANN

## FLEIRI DÆGURLÖG FRÁ HUGLEIKI

HUGLEIKUR SENDIR FRÁ SÉR NÝJA BÓK







Vertu á Facebook í símanum

www.ring.is / m.ring.is

www.facebook.com/ringjarar

ring

VERTU MEÐ

ENNEMM / SÍA / NM44138

# LIFÐU AF Í NÓVEMBER



**HLUSTAÐU**
Fyrsta sólóplata Erps Eyvindarsonar, Blaz Roca, er væntanleg. Lögin á plötunni eru á annan tug og Erpur fékk goðsögnina Ragga Bjarna til að taka lagið með sér. Þannig að ef þú vilt heyra Ragga syngja: „Allir eru að fá sér“ *autotjúnaðan* eins og T-Pain þá er Kópacobana platan fyrir þig.



**HORFÐU**
Hlemmavídeó lofar góðu. Loksins virðast vera komnir íslenskir þættir sem taka sig ekki of alvarlega. Sem dæmi um það má nefna að Örn Árnason fuðraði upp í fyrsta þættinum.



**LESTU**
Bókin hans Loga Geirs er skyldulesning. Þó það sé ekki nema til að vera með í umræðunni. Logi er náttúrulega ósérhlífnasti maður landsins eftir að hann ljóstraði því upp að hann hefði ekki fengið hár á punginn fyrr en hann fór að skríða á þrítugsaldurinn. Svo fá Þjóðverjar á baukinn í bókinni.


4

6

13

14




**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Sölustjóri:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.


# FLEIRI ÍSLENSK DÆGURLÖG FRÁ HUGLEIKI

**Hugleikur Dagsson sendir á næstunni frá sér bókina Fleiri íslensk dægurlög. Bjartmar Guðlaugsson á í þetta skipti lag sem Hugleikur myndskreytti, en Sigur Rós hefur ekki enn þá verið tekin fyrir.**

„Það var alltaf planið að gera aðra svona bók vegna þess að ég vissi að það væri eitthvað efni eftir,“ segir Hugleikur Dagsson.

Hugleikur sendir frá sér bókina Fleiri íslensk dægurlög í nóvember. Bókin er framhald bókarinnar Íslensk dægurlög sem var sú fyrsta sem forlagið Ókeibæ-kur sendi frá sér, en það er í eigu Hugleiks og Ólafíu Erlu Svansdóttur. Í bókunum myndskreytir Hugleikur þekkt lög, en hann segir að brunnurinn sé ekki ótæmandi. „Ég held ekki. Ef ég geri þriðju og fjórðu bókina þá verða brandararnir frekar langsóttir og skrýtnir,“ segir hann. „Ég er búinn að vera að skoða bækur eins og 100 bestu plötur Íslandssögunnar og sönglagabækur og svoleiðis til að finna eitthvað til að gera grín að. Það var meira eftir en ég bjóst við þegar ég byrjaði að semja þessa.“

Spurður hvort tónlistarmenn verði kynntir til sögunnar í nýju bókinni sem voru ekki í þeirri fyrri svarar Hugleikur játandi. „Ég held að Bjartmar hafi ekki verið í fyrri bókinni. Ég teikna ágætismynd af Mamma beyglar alltaf munninn,“ segir hann og játar að lög stærstu íslensku hljómsveitar allra tíma, Sigur Rósar, hafi ekki enn þá orðið að mynd.

Stuttu eftir að Íslensk dægurlög komu út gaf Hugleikur út Popular Hits, sem er sams konar bók með erlendum lögum. Eins og gefur að skilja er hægt að taka fyrir talsvert fleiri erlend lög. Það er því ljóst að framhald Popular Hits kemur út á næstu misserum. „Það gæti enst í meira en tvær bækur,“ segir Hugleikur.






**SÖNN ÁST** Úr bókinni Fleiri íslensk dægurlög.






## STÓRA KARLAKÖNNUNIN

Vefsíðan Askmen.com gerði risavaxna könnun í samstarfi við vefsíðuna Cosmo.com í sumar. Takmarkið var að varpa ljósi á nútímamanninn, en yfir 100.000 karlmenn tóku þátt í könnuninni sem var framkvæmd eftir kúnstarinnar reglum. Popp valdi nokkrar skemmtilegar staðreyndir úr könnuninni og birtir á síðum blaðsins í dag. Það skal tekið fram að þeir sem svöruðu eru frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Ástralíu og Kanada. Við hljótum að eiga eitthvað sameiginlegt með þeim.

**19%**
karlmanna myndu nota GPS-tæki til að fylgjast með ferðum kærustunnar sinnar.

**6%**
karlmanna myndu ekki vilja vera með stelpu sem þénar meira en þeir.

**41%**
finnst í lagi að kærastan sé vinkona fyrrverandi kærastanna sinna á Facebook.

**48%**
karlmanna hafa logið til um hversu mörgum stelpum þeir hafa sofið hjá.




HEILSAÐU UPP Á ÞIG
HOLLT OG GOTT Á HAGSTÆÐU VERÐI.
Þú getur borðað án samviskubits hjá okkur. Réttirnir okkar eru saðsamir og girnilegir en um leið trefjaríkir og fitulitlir.
SERRANO.IS
Kristall
6 STAÐIR
HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI
serrano
FRESH MEX
VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!

# MÚSÍK

Sérstök ábreiðuplata með Kings of Leon er væntanleg. Mark Ronson, Kenna, Justin Timberlake, Lykke Li, Pharrell Williams og Linkin Park hyggjast taka lög hljómsveitarinnar.



# RIS & FALL

## KINGS OF LEON

Ég hef ekkert á móti vinsældum. Sumar hljómsveitir geta verið gríðarlega góðar á sama tíma og þær eru gríðarlega vinsælar. Aðrar missa metnaðinn og verksmiðjuframleiða plötur sem eru aðeins til þess fallnar að selja miða á tónleika. Kings of Leon virðist því miður vera komin í hóp þeirra síðarnefndu.

Come Around Sundown er einstaklega tilþrifalítil plata í ótrúlega fallegum og fagmannlegum umbúðum. Á mannamáli: Lögin eru leiðinleg þó þau hljómi vel og séu flutt af mikilli snilld. Manni verður þó alls ekki illt við að hlusta á plötuna, hún rennur í gegn eða fer öllu heldur fram hjá manni eins og kafbátur sem stingur sjónpípu af og til upp á yfirborðið. Lögin renna saman í óeftirminnilegan graut og það er erfitt að velja hápunkta og lágpunkta. Lögin eru þarna bara.

Smáskífulagið Radioactive er fínt, meira að segja pínu grípandi. Mary er tilgerðargrautur – léleg tilraun til að vera öðruvísi, en það er í raun tilgangslaust að telja upp kosti og galla einstakra laga því platan stendur og fellur harkalega sem heild. Fagmannlegar útsetningar og hljóðblöndun gera það að verkum og hún er prjónuð þétt saman eins og lopapeysa. Leiðinlega grámygluleg lopapeysa.

*Atli Fannar Bjarkason*



**KINGS OF LEON**

**COME AROUND SUNDOWN**

**Dánlódaðu:** Radioactive

## REIS HÆST ÁRIÐ 2007

Kings of Leon náði óumdeilanlega tónlistarlegum hápunkti árið 2007 með plötunni Because of the Times. Platan er frábær, enda tekst hljómsveitinni að blanda kæruleysislegu Suðurríkjarokkinu sem einkenndi hana í upphafi við nýrri, ferskari og hlustendavænni strauma.



Ári síðar gaf Kings of Leon út plötuna Only by the Night, sem er góð, en lagði grunninn að tónlistarlegri hnignun sem kristallast í Come Around Sundown. Sex on Fire er ennþá vinsælasta lag hljómsveitarinnar og þrátt fyrir að strákarnir virðist markvisst vinna að frekari vinsældum með hlustendavænni lögum hafa þeir vælt yfir því að þurfa að taka lagið á tónleikum.




**30%** karlmanna eru þreyttastir á að heyra um Lady Gaga af nokkrum heimsfrægum konum.



**BILLY CORGAN** Corgan á tónleikum með Smashing Pumpkins. Honum leiðist ef hann skorar sjálfan sig ekki á hólm.

## VILL MIKLA ÁSKORUN

Billy Corgan, forsprakka The Smashing Pumpkins, leiðist mjög ef hann skorar sjálfan sig ekki á hólm. Hljómsveitin gefur á netinu, lag fyrir lag, plötuna Teargarden By Kaleidyscope sem hefur að geyma 44 lög.

„Ef ég ræðst ekki á garðinn þar sem hann er hæstur fer mér að leiðast,“ sagði Corgan. „Ef ég læt virkilega reyna á sjálfan mig er ég til í verkefnið. Síðast gerði ég það með Mellon Collie [And the Infinite Sadness] á tíunda áratugnum. Við urðum rosalega vinsæl eftir aðra plötuna og þá sagði ég: „Ókei, núna gerum við tvöfalda plötu“. Allir héldu að ég væri brjálaður en þetta varð til þess að ég lagði enn meira í lagasmíðarnar. Ég lít á þetta nýja verkefni með svipuðum augum.“

Corgan segist eiga helling af lögum og ekki í neinum erfiðleikum með að fylla 44-laga plötu. „Ég á örugglega eftir að semja mun fleiri lög.“



TVÍBURAR?
EKKERT
VANDAMÁL
FYRIR KARLMENN
VERTU EKKERT SMÁ ÓMÓTSTÆÐILEGUR
AXE




TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn
Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is
Tónastöðin Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185

# GRÆJUR

**POPPGÚRÚ:** BRÆÐURNIR BÖRKUR OG DAÐI REKA STÚDÍÓ SÝRLAND



**Í STÚDÍÓ SÝRLANDI** Bræðurnir Daði og Börkur, upptökustjórar í Stúdíó Sýrlandi. Þeir hafa alla tíð verið forfallnir græjukarlar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FORFALLNIR GRÆJUKARLAR Í HEIMSKLASSA HLJÓÐVERI

Þeir eru upptökustjórar og tónlistarmenn en umfram allt bræður. Þrír mánuðir eru liðnir síðan Börkur Hrafn og Daði Birgissynir tóku við sem „útibússtjórar“ í Stúdíó Sýrlandi í Skúlatúni. Það er eitt af þremur hljóðverum Sýrlands og er í eigu Þóris Jóhannssonar og Sveins Kjartanssonar. Þeir bræður sjá um daglegan rekstur hljóðversins og hafa í nógu að snúast, enda er Sýrland eitt rótgrónasta og flottasta hljóðver landsins.

Þeir stofnuðu fönksveitina Jagúar á sínum tíma og spiluðu með henni í mörg ár en núna fer mestur þeirra tími í að taka upp fyrir aðra tónlistarmenn. Börkur er þó gítarleikari í hljómsveit Jónasar Sigurðssonar, Ritvélar framtíðarinnar, sem sendi einmitt frá sér sína aðra plötu á dögunum.

Bræðurnir eiga fyrirtækið Benzín Music og ráku hljóðver í sjö ár á Eiðistorgi áður en þeir færðu sig yfir í Sýrland. „Það var töluvert lakari aðstaða en við sniðum okkur stakk eftir vexti,“ segir Daði um gamla hljóðverið. „Í gamla daga byrjuðu menn sem aðstoðarmenn eða uppvaskarar í stóru hljóðverunum, unnu sig upp og tóku kannski við. Þetta er kannski nýja leiðin. Menn eru í smærri starfsaðstöðu og gera verkefni fyrir kannski minni listamenn en svo stækka verkefnin. Þetta er bara eðlilegt framhald af því. Það er frábært að vera kominn í svona heimsklassa aðstöðu.“ Þessa dagana eru Börkur Hrafn og Daði að taka upp í Sýrlandi nýjar plötur með Bubba Morthens og Páli Rósinkrans. Þeir hafa áður unnið með stórum nöfnum á borð við Pál Óskar, Ragnheiði Gröndal og Stefán Hilmarsson. Þeir eru því orðnir reynslumiklir í íslenska upptökubransanum.

Bræðurnir eru umvafðir græjum allan ársins hring og hafa því frá nógu að segja í þeim efnum. Eins og gefur að skilja eru þeir báðir forfallnir græjukarlar. „Ef það er eitthvað sem stendur eftir um mánaðamótin er maður farinn í græjukaup. Þetta er algjör sjúkleiki,“ segir Daði. Hann er mikill hljómborðsáhugamaður og sankar að sér slíkum hljóðfærum af miklum móð. „Ástæðan fyrir því er að mér finnst ekki enn þá búið að ná þessum hljómi inn í þennan stafræna heim. Það er alltaf einhver kraftur og aukakjöt í þessum alvöru, gömlu hljóðfærum.“

Einn magnari er í sérlegu uppáhaldi hjá Berki Hrafni. „Það er 1963 Blackface Fender-magnari. Hann hefur verið á sviði með Miles Davis. Það var gítarleikari sem spilaði með honum í eitt ár sem notaði þennan magnara. Hann var svo rekinn reyndar,“ segir hann.

Þeir bræður hafa nánast eingöngu keypt sér græjur á netinu. „Nema menn séu heppnir og einhver er á leiðinni að losa sig við græju og hringir í mann. Ég hef heyrt sögur um að menn fái heimsklassa græjur fyrir ekki neitt en ég hef ekki verið það heppinn sjálfur. Ef einhverjir vilja losa sig við græjur geta þeir alveg haft samband við okkur,“ segir Daði og hlær.

freyr@frettabladid.is

### GRÆJUR Í UPPÁHALDI

### DAÐI:

### COLES-HLJÓÐNEMI



„Ég er með mikið hljóðnemablæti. Þetta er afmælisútgáfa af Coles 4038, sem eru hljóðnemar sem BBC hefur notað við sína vinnu í gegnum árin.“



### TELETRONIX LA-2A-HLJÓÐÞJAPPARI

„Hann bætir hljóðið og jafnar það út ef það er óstöðugt. Hann bætir aukaáferð á hljóminn sem má líkja við silki eða rjóma.“




### VOCODER-HLJÓÐGERVILL

„Ég er ofboðslega hrifinn af þessum. Þetta er Roland VP 330 Vocoder sem er frá áttunda áratugnum og getur breytt röddinni í upptökum.“



### BÖRKUR:

### FENDER, HOFNER OG RED WING

„Hvítur Fender Stratocaster „Jimi Hendrix“ 1963 „reissue“. Þetta er aðalgítarinn minn. Svo er það Red Wing-magnari smíðaður á Íslandi sem ég er með í láni og verður á sviði með Páli Óskari og Sinfó um þarnæstu helgi. Nýjasta græjan er síðan Hofner „New President“ gítar sem ég var að fjárfesta í.




### OVERDRIVE

„Þetta er Boss Overdrive sem ég fékk lánað hjá Stefáni Má vini mínum. Mun sennilega aldrei skila því. Þarna er líka Fuss Probe effect frá Tónastöðinni. Maður setur hann í gang og þú veist ekkert hvað þú færð út. Sjúk græja.“

**POPPLEIKUR:** FIFA 11



**ROO!** Ólíkt raunveruleikanum er Wayne Rooney ekki frekt, ofalið og ofvaxið barn í Fifa 11.

# GEITUR KUNNA EKKERT Í FÓTBOLTA

Það ættu allir að vita um hvað Fifa-leikirnir snúast og því algjör óþarfi að eyða orðum í að útskýra grunnspilun Fifa-leikjanna. Þess í stað ætti frekar að einblína á hver munurinn er á Fifa 10 og Fifa 11.

Helsti munurinn, að minnsta kosti hvað spilun varðar, er sá að nú geta leikmenn stjórnað markvörðunum. Það er tiltölulega auðvelt að stjórna hinum hanskaklæddu hetjum, en það verður að segjast að markvarðarstarfið í Fifa 11 er með þeim leiðinlegri í bransanum, sérstaklega á lægri styrkleikunum þar sem koma varla skot á markið.

Annað sem hefur verið bætt er hegðun leikmanna. Varnarmenn hanga utan í sóknarmönnum líkt og smábörn með aðskilnaðarkvíða og gera þar af leiðandi sóknarleikinn erfiðari.

Einn áþreifanlegur galli við Fifa 11 er hversu mistæk gervigreind leikmanna er. Stundum geta liðsfélagar manns spilað eins og lið sem samanstendur af tíu Ronaldo-klónum en þess á milli eru knattspyrnuhæfileikar þeirra til jafns við geitur sem telja að besta leiðin fram hjá varnarmanni sé í gegnum hann. Þessi galli getur verið einstaklega pirrandi, en sem betur fer gerir hann nánast eingöngu vart við sig í career-mode, þar sem einungis einum leikmanni er stjórnað. Talandi um career-mode þá hefur verið pússað upp á það og nú geta leikmenn hlakkað til að bíða margar mínútur á milli leikja og lesa tölvupóst um meiðsli liðsfélaganna. Langt frá því að vera spennandi viðbót.

En kjarni Fifa-leikjanna hefur alltaf verið fótboltinn og þar stendur leikurinn rækilega undir væntingum, ef maður sleppur við að spila með geitunum.

**FIFA 11**

| | |
|---|---|
| SPILUN | 4/5 |
| GRAFÍK | 5/5 |
| HLJÓÐ | 4/5 |
| ENDING | 4/5 |
| NIÐURSTAÐA | 4/5 |

**70%** karlmanna nota Facebook reglulega. 12% nota ekki Facebook vegna þess að þeim finnst síðan tilgangslaus.

**POPPLEIKUR:** MEDAL OF HONOR



**VOPNAÐUR** Þegar barist er fyrir frelsi hins vestræna heims er enginn tími til að raka sig.

# ORÐA FYRIR VIÐLEITNI

Sú var tíðin að Medal of Honor-leikirnir voru það allra heitasta á tölvuleikjamarkaðnum. Með tímanum döluðu þó gæði leikjanna og sá síðasti, Medal of Honor: Airborne, hefði átt að vera leiddur beint fyrir aftökusveitina í stað þess að vera hleypt á markaðinn. Nú hefur EA ákveðið að blása nýju lífi í seríuna og hefur því gefið út Medal of Honor, fyrsta leikinn í seríunni sem gerist ekki í seinni heimsstyrjöldinni. Nú hefur serían loksins losað sig við sagnfræðiblætið og ræðst á nútímann, nánar tiltekið hernaðarbrölt Bandaríkjamanna í Afganistan.

Leikmenn fara í hlutverk nokkurra mismunandi hermanna og fylgja þeim í gegnum 2-3 daga af hörðum stríðsátökum. Saga leiksins er svo sem ágæt en hún er í styttri kantinum, ekki nema 5-6 klukkutímar. Til að reyna að vega á móti þessu kynnir leikurinn til sögunnar svokallaðan Tier 1 spilunarmöguleika þar sem leikmenn spila aftur í gegnum sögu leiksins í kapp við tímann nema nú eru checkpoint-ar kvaddir og erfiðleikastigið stillt í topp.

Enginn skotleikur með vott af sjálfsvirðingu vogar sér að koma á markaðinn án þess að skarta einhvers konar netspilun, Medal of Honor er þar engin undantekning. Menn geta böðlast um í fjórum mismunandi leikjategundum, með þrjá mismunandi hermannaklassa, á átta mismunandi vígvöllum og er alveg hægt að hafa gaman af því í einhvern tíma.

Sem skotleikur er Medal of Honor meira en viðunandi. Hann skilar stuttri, en hnitmiðaðri sögu sem fer ekki yfir í yfirgengilegan kjánaskap eins og Modern Warfare 2. Framleiðendur leiksins hafa stýrt þessu fyrrverandi hernaðarveldi á rétta braut og eiga skilið að fá orðu fyrir viðleitnina. Vonandi verður næsti leikur bara enn betri.

**MEDAL OF HONOR**

| | |
|---|---|
| SPILUN | 4/5 |
| GRAFÍK | 4/5 |
| HLJÓÐ | 5/5 |
| ENDING | 3/5 |
| NIÐURSTAÐA | 4/5 |




## ÞORBJÖRG ROACH GUNNARSDÓTTIR ER STELPAN Í RETRO STEFSON

# LÍFIÐ SNÝST UM TÓNLIST



**Orð:** Atli Fannar Bjarkason
**Myndir:** Anton Brink

Retro Stefson er ein heitasta hljómsveit landsins. Ef þú trúir því ekki, spurðu þau sem sáu hljómsveitina koma fram á Iceland Airwaves-hátíðinni á dögunum. Gríðarleg orka leysist úr læðingi á tónleikum hljómsveitarinnar, sem gaf út aðra plötu sína á dögunum. Hún heitir Kimbabwe og hefur fengið frábæra dóma; fjórar stjörnur í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu og fullt hús í Fréttatímanum. Árangur sem fáar hljómsveitir toppa.

Retro Stefson varð til í Austurbæjarskóla fyrir nokkrum árum. Hún varð þó hvorki til í mötuneyti kennara né skrifstofu húsvarðarins, þar sem meðlimir hljómsveitarinnar voru á barnaskólaaldri þegar ævintýrið hófst. Hljómsveitina leiðir hinn skeleggi Unnsteinn Manúel Stefánsson og er hann einn af sex strákum í Retro Stefson. En það er líka ein stelpa í hljómsveitinni. Hún heitir Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir og er einn fjórði Ameríkani. Hún leikur á hljómborð, segist vera feimin og þurfti að hugsa sig um í klukkutíma áður en hún sló til og tók boði Popps um að mæta í viðtal.

Ég hitti Þorbjörgu í höfuðstöðvum Popps í Skaftahlíð. Þegar hún kom fékk ég strax nagandi samviskubit þar sem ég hafði komið þeim skilaboðum áleiðis að hún tæki hljómborðið með sér og hún burðaðist með það í strætó úr miðbænum. Væri ég eins mikill herramaður og ég segist vera hefði ég að sjálfsögðu sótt hana. Allavega sent eftir henni bíl, en ég þarf augljóslega að fara betur yfir það sem mamma mín kenndi mér. Við setjumst niður í viðtalsherbergi Popps og hún biður um að fá að opna glugga. Það er ekki til að slá á samviskubitið, en hún þurfti augljóslega að leggja mikið á sig til að mæta í viðtalið. Ég ætti að skammast mín.

*Nýja platan ykkar í Retro Stefson er búin að fá frábærar viðtökur og magnaða dóma í fjölmiðlum. Bjuggust þið við því?*

„Nei, ég er ógeðslega ánægð. Ég var ekki mikið að pæla í þessu, það var mikið að gera. Svo sá ég dóm á Facebook og var mjög ánægð. Ég var stressuð, þetta er náttúrulega plata númer tvö og hún er öðruvísi en sú fyrsta. Ég hafði áhyggjur af því að fólk þyrfti meiri tíma til að melta hana, en viðtökurnar komu á óvart og við erum öll ógeðslega ánægð.“

*Já, þetta er náttúrulega plata númer tvö, sem hefur reynst mörgum erfið. Voruð þið ekki viss um að hún myndi slá í gegn þegar hún var tilbúin?*

„Nei, ég veit það ekki. Við erum rosalega ánægð með hana og vorum ekki mikið að spá í hvað öðrum fyndist. Ég varð fyrst stressuð þegar við héldum hlustunarpartí.“

**Framhald á næstu síðu**

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn og HighFive kynna með stolti:

# Kvikmynda-verðlaun Norðurlandaráðs 2010

www.nordiccouncilfilmprize.com

ALLT UM
//MYNDIRNAR
//DAGSKRÁNA
//VERÐLAUNIN



SPURT OG SVARAÐ
SÝNING Á SUBMARINO
ÁSAMT THOMAS VINTERBERG
KL. 20:00 ÞRIÐJUDAGINN
2. NÓVEMBER Í BÍÓ PARADÍS

**29. október - 4. nóvember**

BÍÓ ★ PARADÍS
*Heimili kvikmyndanna*

Nordisk Film & TV Fond · AGICOA · norden

ting 28.10.—07.11. 2010
Norræn listahátíð
*Nordisk kulturfestival*
Reykjavík

Dagskrá og miðasala á Miði.is.
Nánar á www.bioparadis.is & www.graenaljosid.is

græna ljósið

# BRAGÐMIKIL BLANDA AF NORRÆNUM KVIKMYNDUM SEM NOTIÐ HAFA ALÞJÓÐ-LEGRAR HYLLI

**Markmiðið með Kvikmyndaverðlaunum Norðurlandaráðs er að kynna úrval og fjölbreytni kvikmynda sem gerðar eru á Norðurlöndum, að efla norrænt menningarsamfélag og kynna Norðurlöndin sem heimamarkað fyrir menningu og styrkja þar með stöðu norrænna kvikmynda á alþjóðamarkaði.**

**Norrænu kvikmyndaverðlaunin eru veitt árlega og er afhending verðlaunanna í Reykjavík 3. nóvember við hátíðlega athöfn í íslensku Óperunni. Verðlaunin eru veitt fyrir listræna norræna kvikmynd í fullri lengd, sem ætluð er til sýningar í kvikmyndahúsum. Kvikmyndin verður að hafa verið frumsýnd í þjóðlandinu á tímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010. Verðlaunin nema jafnvirði 350.000 danskra króna og skiptast jafnt á milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda til að leggja áherslu á að kvikmynd er listform þar sem náið samstarf þessara þriggja aðila er forsenda árangurs.**

**Fimm alþjóðlegar dómnefndir hafa valið þær kvikmyndir sem tilnefndar eru frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.**

## Viðmið við tilnefningu

**Kvikmyndir sem tilnefndar eru þurfa að hafa sterka tengingu við norræna menningu, vera listframleiðsla í hæsta gæðaflokki, vera einstakar og listrænar og sameina og betrumbæta alla þætti kvikmyndalistarinnar þannig að útkoman sé sannfærandi og samþætt listaverk.**

## Dómnefndin

**Dómnefnd er skipuð fulltrúa og varafulltrúa frá hverju landi fyrir sig, sem samþykktir eru af Norrænu ráðherranefndinni um menningarsamstarf. Fulltrúar í dómnefnd eru valdir meðal mikilsmetinna einstaklinga í kvikmyndaheiminum sem hafa faglega innsýn og reynslu af kvikmyndagerð.**

**Fulltrúar: Anne Jerslev (Danmörk), Johanna Grönqvist (Finnland), Sif Gunnarsdottir (Ísland), Le LD Ngyen (Noregur) og Eva af Geijerstam (Svíþjóð). Varafulltrúar: Bo Green Jensen (Danmörk), Kati Sinisalo (Finnland), Kristín Jóhannesdóttir (Ísland), Øyvor Dalan Vik (Noregur) og Tony Forsberg (Svíþjóð).**

# TILNEFN

## DANMÖRK




### SUBMARINO

**Fafla – efniskjarni atburðarásar**
Myndin segir frá tveimur bræðrum sem voru aðskildir í æsku eftir áfall sem sundraði allri fjölskyldunni. Í dag er eldri bróðirinn ofbeldisfullur ofdrykkjumaður, meðan sá yngri, sem er einstæður faðir og fíkill, reynir að búa syni sínum betra líf. Leiðir bræðranna skarast sem gerir uppgjör við fortíðina óumflýjanlegt.

**Um myndina**
Leikstjórinn Thomas Vinterberg laðaðist að því hlutbundna raunsæi sem er að finna í skáldsögu Jonas T. Bengtsson þar sem umfjöllunarefnið er sektarkennd foreldra. Við undirbúning kvikmyndarinnar sökkti Vinterberg sér í hugarheim tveggja aðalpersónanna, hinum félagslega snauða Nick (Jakop Cedergren) og eiturlyfjafíklinum yngri bróður hans (Peter Plaugborg), sem er faðir litla drengsins Martin. Til að ná sem bestri mynd af beiskum hugarheimi persónanna dvaldi Vinterberg langdvölum í vafasömum hluta Kaupmannahafnar, þar sem hann hitti fyrir gamlan bekkjarfélaga sinn sem þá hafði verið heróínfíkill í 20 ár. Bekkjarfélagann gamla spurði hann spjörunum úr til að skilja betur líf föður Martins í bókinni.
Myndin var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni Berlinale 2010 í Berlín í Þýskalandi. Hún hefur verið keypt til dreifingar í Frakklandi, Benelux löndunum, Spáni, Ítalíu og Japan. Hún var frumsýnd í Danmörku í mars síðastliðinn og hlaut lofsamlega dóma.

**Aðstandendur**
*Leikstjóri: Thomas Vinterberg*
*Handrit: Thomar Vinterberg og Tobias Lindholm*
*Framleiðandi: Morten Kufman*
*Byggt á bók eftir: Jonas T. Bengtsson*
*Aðalhlutverk: Jakob Cedergren, Peter Plaugborg, Patricia Schuman og Morten Rose*
**Framleitt af Nimbus film**
**Lengd 110 mínútur**

## ÍSLAND




### THE GOOD HEART

**Fafla – efniskjarni atburðarásar**
Myndin fjallar um umrenninginn Lucas, sem lendir á sjúkrahúsi eftir misheppnaða sjálfsmorðstilraun. Þar hittir hann bareigandann Jacques, sem á við eigin heilsuvandamál að stríða. Eftir að Lucas hefur verið hjúkrað til heilsu tekur Jacques hann að sér í þeim tilgangi að hann taki við barnum þegar Jacques fer yfir móðuna miklu. Allt gengur eins og áætlað var þar til drukkna gengilbeinan April mætir á staðinn og setur heldur betur strik í reikninginn.

**Um myndina**
Dagur Kári sameinar í þessari kvikmynd tvo ólíka póla kvikmyndagerðarlistarinnar: Arthouse og sitcom eða ljóðrænt listform og gamanþáttaform. „Ég hef mikið dálæti á gamanþáttastílnum, að vera fastur í endalausri endurtekningu með uppáhalds persónunum mínum í skýrum og afmörkuðum frásagnarheimi. Ég hef líka dálæti á ljóðrænum kvikmyndum og dramatískri uppbyggingu sem brýtur hefðbundnar reglur frásagnarlistarinnar. Gamanþættirnir hafa tilhneigingu til að hafa helst til ófrýnilega umgjörð og útlit á meðan ljóðrænar kvikmyndir eiga það til að taka sig of alvarlega. Markmiðið var að gera blöndu af því sem ég hef dálæti á úr báðum stílum, gera ljóðrænan húmor og dramatíska kómík," segir Dagur Kári.
Myndin var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Tórontó í Kanada 2009. Hún hefur verið sýnd í kvikmyndahúsum hér á Íslandi, í Frakklandi, í Póllandi, í Bandaríkjum Norður-Ameríku, á Spáni og hefur þar að auki unnið til ýmissa verðlauna s.s. Kodak Nordic Vision verðlaunin fyrir kvikmyndatöku (Rasmus Videbæk) á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Gautaborg í Svíþjóð 2010.

**Aðstandendur**
*Leikstjórn og handrit: Dagur Kári*
*Framleiðendur: Þór Sigurjónsson og Skúli Fr. Malmquist*
*Aðalhlutverk: Brian Cox, Paul Dano og Isild Le Besco*
**Framleitt af Zik Zak Filmworks**
**Lengd 95 mínútur**

## Verðlaunahafar fyrri ára.

**Norrænu kvikmyndaverðlaunin voru veitt í fyrsta sinn á árinu 2002. Þá hlaut finnski kvikmynda-leikstjórinn Aki Kaurismäki þau fyrir kvikmyndina Mies vailla menneisyyttä (Maður án fortíðar).**

# NINGAR 2010

## FINNLAND




### MIESTEN VUORO (STEAM OF LIFE) //SÁLNASÁNA

**Fafla – efniskjarni atburðarásar**
Heimildamynd um nakta finnska karlmenn í sánum. Við fylgjumst með þeim hreinsa sig líkamlega og andlega og tala beint frá hjartanu. Í myndinni er farið vítt og breitt um Finnland, heimsóttar fjölmargar sánur og rætt við karlmenn úr öllum stigum þjóðfélagsins. Við heyrum sögur af ást, dauða, fæðingu og vinskap. Í örstuttu máli, um lífið.

**Um myndina**
Hugmyndin að myndinni, að kvikmynda finnska karlmenn í sánum, kviknaði þegar Joonas Berghäll vandi komur sínar í eina af elstu sánum Tampere/Tammerfors til að hreinsa hugann á erfiðum tímum. Hann hjó eftir innilegum samtölum manna í sánunni, en berskjaldaðir í þessu umhverfi tókst þeim að finna sérstaka nánd og gátu deilt tilfinningum sínum. Þegar upptökurnar áttu sér stað voru leikstjórinn og tökuliðið einnig án fata svo viðfangsefnin ættu auðveldara með að opna sig. Frá tæknilegu sjónarhorni þurfti að hita tækjabúnað upp að hita sánunnar (75-85 gráður á Celsíus) til að forðast móðumyndun á tökuvélinni.
Myndin var frumsýnd í Finnlandi þann 26. mars síðastliðinn og hlaut miklar vinsældir sem og góðar umsagnir gagnrýnenda. Myndin vekur ámóta viðbrögð hjá áhorfendum og dómnefndum hvert sem hún fer. Hún hlaut Risto Jarva verðlaunin og áhorfendaverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Tampere/Tammerfors í Finnlandi, dómnefndarverðlaun á Visions du Reel í Nyon í Swiss ásamt því að skipa efstu sætin á kvikmyndahátíðunum DocAviv í Tel Aviv í Ísrael og Planeta Doc Review í Varsjá í Póllandi.

**Aðstandendur**
*Leikstjórn og handrit: Joonas Berghäll og Mika Hotakainen*
*Framleiðandi: Joonas Berghäll*
**Framleitt af Oktober Oy**
**Lengd 84 mínútur**

## NOREGUR




### UPPERDOG //YFIRHÖNDIN

**Fafla – efniskjarni atburðarásar**
Ung að árum voru hálfsystkinin Axel og Yanne ættleidd til Noregs. Drengurinn fór á hástéttarheimili í vesturhluta Oslóborgar á meðan stúlkan fór heimili miðstéttarfjölskyldu í austurhluta borgarinnar. Ólíkt bróður sínum man Yanne vel eftir ferð þeirra til Noregs þó hún viti ekki hvar bróðir hennar er niðurkominn. En skjótt skipast veður í lofti og þegar pólsk vinkona Yanne hefur störf sem þerna á heimili foreldra Axels, fara hjólin að snúast. Á heimili þeirra uppgötvar hún ljósmynd af ungum dreng, þeim sama og er á ljósmynd sem Yanne hefur uppi á vegg hjá sér.

**Um myndina**
Myndin er marglaga frásögn af hópi ungmenna í Osló okkar daga. Myndin snýst um það að sjá annað fólk, ekki bara sjálfan sig, til að sættast við fortíðina. Kjarni myndarinnar er fólginn í þeirri frelsun sem fyrirfinnst í ást milli tveggja einstaklinga.
Myndinni gekk firnavel eftir að hún var heimsfrumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Haugasundi í Noregi og trekkti að meiri en 110,000 áhorfendur þar í landi. Síðan í október síðastliðnum hefur myndin farið vítt og breitt um heiminn og hlotið ýmis verðlaun s.s. Dómnefndarverðlaunin á Nordic Film kvikmyndahátíðinni í Rouen í Frakklandi 2010 ásamt því að vera kosin besta norræna kvikmyndin 2009 af samtökum Norænna kvikmyndagagnrýnenda.

**Aðstandendur**
*Leikstjórn og handrit: Sara Johnsen*
*Framleiðendur: Christian Frederik Martin og Asle Vatn*
*Aðalhlutverk: Mads Sjøbård Pettersen, Agnieszka Grochowska, Hermann Sabado og Bang Chau*
**Framleitt af Friland AS**
**Lengd 95 mínútur**

## SVÍÞJÓÐ




### METROPIA

**Fafla – efniskjarni atburðarásar**
Myndin gerist í ekki alltof fjarlægri framtíð. Olía heimsins er að verða uppurin og risastórt neðanjarðarlestarkerfi tengir saman alla Evrópu. Í hvert skipti þegar Roger, sem er frá Stokkhólmi, fer inn í neðanjarðarlestarkerfið heyrir hann ókunnuga rödd í höfðinu. Hann leitar til Ninu til að fá hjálp við að losa sig úr flóknum vef neðanjarðalestakerfisins, en því lengra sem þau fara, þeim mun dýpra sökkva þau í ansi skuggalegt samsæri.

**Um myndina**
Myndin er stafræn samsuða á milli þess að vera teiknimynd og leikin mynd, sú fyrsta sinnar tegundar í Svíþjóð. Leikstjórinn var innblásinn af klassískum bókmenntum þeirra Franz Kafka (The Trial) og George Orwell (1984) þegar hann þróaði hugmyndina um samfélag þar sem hugsunum og gjörðum fólks er stjórnað af „Stóra bróður."
Tarik Saleh, leikstjóri myndarinnar, segir sjálfur myndina fjalla um „menningarlega byltingu okkar tíma, eftirlit, úrkynjaða forvitni og ofsóknarbrjálæði."
Myndin var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum 2009 þar sem hún hlaut Future Film Digital verðlaunin. Síðan þá hefur henni verið boðið á tæplega 50 alþjóðlegar kvikmyndahátíðir. Myndin var frumsýnd í Svíþjóð í októbermánuði 2009 og hefur verið keypt til dreifingar í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Danmörku og Noregi.

**Aðstandendur**
*Leikstjóri:Tarik Saleh*
*Handrit: Stig Larsson, Frederik Edin og Tarik Saleh*
*Framleiðandi: Kristina Åberg*
*Leikraddir: Vincent Gallo, Juliette Lewis, Udo Kier, Stellan Skarsgård, Alexander Skarsgård og Sofia Helin*
**Framleitt af Atmo Metro AB**
**Lengd 86 mínútur**

## Kvikmyndaverðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 2005, verðlaunamyndir síðan þá eru:

**2005**
**Drabet (Morðið),** leikstjóri Per Fly, handritshöfundar Kim Leona, Dorte Høgh, Mogens Rukov og Per Fly, og framleiðandi Ib Tardini fyrir Zentropa, Danmörku.

**2006**
**Zozo,** handritshöfundur og leikstjóri Josef Fares og framleiðandi Anna Anthony fyrir Memfis Film, Svíþjóð.

**2007**
**Kunsten at græde i kor (Listin að gráta í kór),** leikstjóri Peter Schønau Fog, handritshöfundur Bo hr. Hansen og framleiðandi er Thomas Stenderup fyrir Final Cut, Danmörku.

**2008**
**Du levande (Þið sem lifið),** handritshöfundur og leikstjóri Roy Andersson og framleiðandi Pernilla Sandström fyrir Studio 24, Svíþjóð.

**2009**
**Antichrist (Andkristur),** handritshöfundur og leikstjóri Lars von Trier og framleiðandi Meta Louise Foldager fyrir Zentropa, Danmörku.

# Litið um öxl

**RIFF ásamt Norræna húsinu standa fyrir sýningum á fyrri kvikmyndum þeirra leikstjóra sem eru tilnefndir í ár.**




Frá Íslandi
**Voksne Mennesker //Fullorðið fólk**
**Dagur Kári, 2005.**
Þessi léttgeggjaða, gamanmynd varpar ljósi óvenjulegu efiðleika hversdagsleikans ásamt því að færa hið tragikómíska inn í nýjar víddir.
**109 mínútur.**




Frá Damörku
**Festen //Veislan**
**Thomas Vinterberg, 1998.**
Margrómuð verðlaunamynd í dogmastíl sem afhjúpar fjölskylduleyndarmál og hið hrjúfa undirlag hins fágaða nútíma samfélags.
**105 mínútur.**



Frá Finnlandi
**Ensimmäinen Eskelinen (Visitor) //Gestur**
**Mika Hotakainen, 2007.**
Dramatísk gamanmynd með kolbikasvörtum húmor um samband föðurs og sonar.
**15 mínútur.**




Frá Noregi
**Vinterkyss //Vetrarkoss**
**Sara Johnsen, 2005.**
Myndin segir frá tveimur slysum; einu sem er grunsamlegt og öðru sem er óhugsandi.
**84 mínútnur.**




Frá Svíþjóð
**Gitmo**
**Tarik Saleh, Erik Gandini, 2006.**
Leit tveggja kvikmyndagerðamanna að sannleikanum á bakvið Gitmó. Hægt og rólega afhjúpast nýr og ógnvekjandi heimur.
**80 mínútur.**

# DAGSKRÁIN
## 29. OKTÓBER - 4. NÓVEMBER

BÍÓ ★ PARADÍS
*Heimili kvikmyndanna*

| | KL 16:00 | KL 18:00 | KL 20:00 | KL 22:00 |
|---|---|---|---|---|
| **29. okt.** FÖSTUDAGUR | | The Good Heart 18:10 | Submarino 20:10 | Steam of Life + Visitor 22:10<br>Voksne Mennesker 22:30 |
| **30. okt.** LAUGARDAGUR | Submarino 16:10<br>Gitmo 16:30 | Metropia 18:10<br>Vinterkyss18:30 | Upperdog 20:10 | Festen 22:30<br>Submarino 22:10 |
| **31. okt.** SUNNUDAGUR | Upperdog 16:10<br>Submarino 16:30 | Steam of Life + Visitor 18:10 | The Good Heart 20:10 | Metropia 22:10<br>Voksne Mennesker 22:30 |
| **1. nóv.** MÁNUDAGUR | | Upperdog 18:10<br>Festen 18:30 | Metropia 20:10 | Submarino 22:10<br>Vinterkyss 22:30 |
| **2. nóv.** ÞRIÐJUDAGUR | | The Good Heart 18:10<br>Voksne Mennesker 18:00 | Submarino 20.00<br>*„SPURT OG SVARAÐ“ MEÐ THOMAS VINTERBERG*<br>Steam of Life + Visitor 20:10 | Metropia 22:10 |
| **3. nóv.** MIÐVIKUDAGUR | | Steam of Life + Visitor 18:10<br>Vinterkyss 18:30 | Submarino 20:10 | The Good Heart 22:10<br>Gitmo 22:30 |
| **4 nóv.** FIMMTUDAGUR | | Upperdog 18:10<br>Festen 18:30 | Submarino 20:10 | Submarino 22:10<br>Gitmo 22:30 |


ting
28.10.
—07.11.
2010
Norræn listahátíð
*Nordisk kulturfestival*
Reykjavík

**Dagskrá og miðasala á Miði.is.**
Nánar á www.bioparadis.is & www.graenaljosid.is
græna ljósið


YAMAHA
DX100



Eitt mesta úrval landsins af
hvíldarstólum
ÚTSALA
25-40%
afsláttur
Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Innbyggður skemill, 2 mótorar
Tilboðsverð kr. 189.000.-
Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Innbyggður skemill.
Tilboðsverð kr. 139.000.-
Vandaður hvíldarstóll með leðri
Tilboðsverð kr. 99.000.-
Vandaður hvíldarstóll með slitsterku áklæði
Tilboðsverð kr. 79.000.-
Vandaður hvíldarstóll með leðri
Tilboðsverð kr. 119.000.-
Tilboðsverð kr. 89.000.-
Vandaður hvíldarstóll með leðri
Vandaður hvíldarstóll með áklæði
Tilboðsverð kr. 79.000.-
Vandaður hvíldarstóll með slitsterku áklæði
Tilboðsverð kr. 79.000.-
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
www.valhusgogn.is


Við bjóðum
frábært verð
Umfelgun
á fólksbíl 5490.-
Umfelgun
á smájeppa 6490.-
Sunny Tires
Til eldri borgara:
Umfelgun
á fólksbíl 4900.-
Umfelgun
á smájeppa 5900.-
VDO
Borgardekk
Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is










# „ÉG ÆTLAÐI Í HÁSKÓLA, EN SVO GLEYMDI ÉG AÐ BORGA“

Grúppíur hafa fylgt hljómsveitum frá örófi alda. Talið er að fyrsta grúppían hafi orðið til um 500 árum fyrir Krist og síðan hefur útbreiðsla þeirra verið óstöðvandi. Spyrjið bara Axl Rose. Drengirnir í Retro Stefson eru myndarpiltar og laða vafalaust að sér heilu hjarðirnar af grúppíum. Þorbjörg er líka myndarstúlka þannig að við getum gefið okkur að grúpgaurarnir séu aldrei langt undan.

*Ertu elt á röndum af vongóðum grúpgaurum eftir tónleika?*
„(Hlær) Nei. Ekki mikið.“

*Það er hlýtur nú að vera eitthvað?*
„Ég lendi nú í þessu, nei, æ, ég veit það ekki.“

*Það hefur enginn mætt fyrir utan hjá þér með gítar og blóm í munninum?*
„(Hlær meira) Nei. Það hefur ekki komið fyrir enn þá.“

*Áttu kærasta?*
„Já.“

*Þannig að þú ert kannski ekki mikið að pæla í grúpgaurunum?*
„Nei, ekki mikið.“

*Hvernig finnst þér þetta orð: „Grúpgaurar“?*
„Það er mjög fínt orð.“

Þorbjörg hafði aldrei áður verið í hljómsveit þegar Unnsteinn, forsprakki hljómsveitarinnar, bauð henni að slást í hópinn. Hún hafði ekki heldur spilað á hljómborð, en á að baki margra ára nám í klassískum píanóleik. Hún er komin langt í náminu, tók sjötta stig í fyrra og á að eigin sögn um tvö ár eftir. Kannski þrjú.

*Ertu úr tónlistarfjölskyldu?*
„Já, eiginlega. Það er afa mínum að þakka að ég byrjaði að læra á píanó. Hann spilaði mikið á píanó – hann var orðinn blindur en hélt samt áfram að spila. Hann borgaði fyrir mig námið. Mamma lærði líka á píanó og tveir bræður mínir. Einn bróðir minn er líka í hljómsveitinni Útidúr, annar var alltaf í hljómsveitum en býr núna í útlöndum og þriðji bróðir minn er plötusnúður og rosalega mikið í tónlist.“

*Þannig að litla systirin er í vinsælustu hljómsveitinni?*
„Eee… nei, ekkert endilega.“

*Vinsælli en Útidúr?*
„Kannski. Við erum náttúrulega búin að vera til miklu lengur.“

*Er enginn systkinarígur?*
„Nei, ég var meira að segja í Útidúr, en það var svo mikið að gera að ég hafði ekki tíma í það. Mér finnst Útidúr geðveik hljómsveit.“

*Þannig að það eru engin vandræðaleg augnablik þegar fjölskyldan hittist?*
„(Hlær) Nei. Við erum mjög góðir vinir.“

*Þannig að lífið snýst um tónlist hjá þér?*
„Já.“

*En við hvað vinnurðu?*
„Ég var að fá vinnu fyrir stuttu. Það var mikill léttir. Ég er að vinna á frístundaheimili í Laugarnesskóla.“

*Stefnirðu á einhvers konar nám?*
„Ég veit það ekki. Ég er rosalega óákveðin. Ég er haldin miklum valkvíða í lífinu – ég get ekki einu sinni ákveðið hvaða súkkulaðistykki ég á að kaupa mér úti í búð. Þannig að ég er að hugsa. Ég ætlaði í háskóla, en svo gleymdi ég að borga, en langaði hvort sem er ekki í námið – hafði bara skráð mig í eitthvað. Ég ætla að hugsa mig betur um og fara í eitthvað sem ég hef áhuga á.“

*Þið hafið verið eitt af heitustu ungu böndunum frekar lengi og eftir Airwaves fannst mér ég heyra miklu meira um ykkur. Ég verð að vera hreinskilinn og segja þér að ég sá ykkur ekki, en heyrði að þið hafið verið frábær. Er það skemmtilegasta sem þú gerir að spila á tónleikum?*
„Já, það er með því skemmtilegra. Það er samt skemmtilegast að fara til útlanda og spila fyrir nýtt fólk – það er rosalega gaman. Ég var reyndar geðveikt stressuð fyrir Airwaves, þangað til við byrjuðum að spila.“

*Af hverju varstu svona stressuð?*
„Ég veit það ekki alveg.“

*Þú ert búin að gera þetta í mörg ár…*
„Já, ég er eiginlega hætt að vera stressuð fyrir tónleika. Yfirleitt er ég stressaðri fyrir nánari tónleika þar sem eru fáir. En ég veit ekki af hverju ég var svona stressuð – ég átti reyndar að byrja ein uppi á sviðinu. Ég fór fram og ætlaði að byrja að spila, en þá heyrðist ekkert í mér. Ég titraði…“

Retro Stefson hefur verið dugleg við að ferðast undanfarin ár og komið fram víða í Evrópu. Fyrsta ferðin vestur um haf er einnig væntanleg, en hljómsveitin kemur fram í Montréal í Kanada í nóvember. Hljómsveitin hyggst svo ferðast meira í byrjun næsta árs.

*Nú virðast vera stór egó í hljómsveitinni og ég meina það ekki á neikvæðan hátt, þetta virðast vera gaurar fyrir allan peninginn. Hvernig er að vera eina stelpan í þessu hópi?*
„Ég veit það ekki. Það er kannski stundum skrýtið, en mér finnst það fínt. Ég á þrjá eldri bræður og er vön að vera eina stelpan. Þannig að mér finnst fínt stundum að fá að vera *strákur* og slást við Loga.“

*Færðu að segja eitthvað á æfingum, ertu ekki töluð í kaf?*
„Nei, nei – ég fæ að tala. Það er ekkert svo erfitt.“

*Nú vita allir að almennt séð eru strákar ógeðslegir, hvernig er þegar þið ferðist?*
„(hlær) Það er… já. Ég er orðin ýmsu vön. En það er alltaf ótrúlega gaman þegar við ferðumst saman. Og ef við förum eitthvert þar sem er eitt einstaklingsherbergi, þá fæ ég það, sem er þægilegt. En stundum ekkert svakalega. Það er stundum leiðinlegt að vera ein. En eins og ég segi, ég er ýmsu vön þar sem ég á þrjá eldri bræður.“

*Vön að þurfa að berjast fyrir þínu?*
„Já. Eða ég berst reyndar ekkert fyrir mínu, segi bara „ok“. Ég er yngst og eina stelpan. Ég geri bara það sem mér er sagt (hlær).“

*En hvernig er að vera ungur tónlistarmaður á Íslandi, er eitthvað varið í þetta?*
„Já. Þetta er mjög gaman. Ég hef kynnst mikið af fólki og svo er svakalega gaman að spila.“

*Er eitthvað upp úr þessu að hafa? Eða er spilað til að geta búið til meiri tónlist?*
„Já. Við græðum ekkert gríðarlega mikið á þessu. Þegar við fáum borgað fer það í hljómsveitarsjóð og við förum stundum út að borða saman, gerum eitthvað, kaupum græjur og borgum fyrir plötu.“

*Þannig að þið lifið ekki í vellystingum, þrátt fyrir að vera ein vinsælasta hljómsveit landsins?*
„(Hlær) Nei.“

Það væri líka skrýtið ef það væri allt í einu orðið þannig á Íslandi.


Dermot MULRONEY
Diane KRUGER
Sam SHEPARD
Vincent PEREZ
Rosanna ARQUETTE
MYND Í LEIKSTJÓRN BALTASARS KORMÁKS
INHALE
HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA?
★★★★
Mjög vel heppnuð spennumynd sem spyr áleitinna siðferðisspurninga. Hugsanlega besta mynd Baltasars hingað til.
-B.S., FBL
★★★½
Spennandi og vel gerð
- T.V., kvikmyndir.is
★★★★
Baltasar Kormákur segir átakanlega og áleitna sögu með stæl og látlausum tilþrifum í eftirminnilegri mynd sem er enn ein rósin í hnappagat leikstjórans.
- Þ. Þ., Fréttatíminn
★★★★
„Inhale“ er hvalreki á fjörur áhorfenda sem vilja vitrænar ræmur í vígahug, sem skora umhverfi sitt á hólm, skerpa hugsun og skipta máli. Baltasar er jafnframt slóttugur spennuskammtari.
- Ó.H.T., Rás 2
Nú í bíó SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
sena






# BÍÓ

## SÁSTU EXPENDABLES? JÁ? SJÁÐU MACHETE

Dan Trejo, aðalleikari Machete, var háður heróíni á yngri árum og var oft stungið í steininn fyrir ýmis afbrot. Það kemur á óvart.



**HRIKALEGUR** Ég bað samt bara um hníf til að skera gúrku.

# BLÓÐ, BRJÓST OG ALLT OF MIKIÐ OFBELDI

**Machete er leiddur í gildru af mönnum sem öbbuðust upp á rangan Mexíkómann. Hann ætlar að hefna sín og fær prest með sér í lið. Gæti þetta hljómað betur? Hvað með ef við bætum Jessicu Ölbu í jöfnuna? Já? – fullkomið. Machete ku sparka í rassinn á Expendables, sem var testósterónveisla frá upphafi til enda. Þar var bara ein gella, það eru miklu fleiri í Machete. Leikstjóri myndarinnar er Robert Rodriguez, sem er besti vinur Tarantino. Hann er ekki alveg eins hæfileikaríkur, en kann þó að gera B-myndir.**



## POPPDÓMNEFNDIN

### MAMMA



„Þetta virðist nú ekki vera falleg mynd og alls ekki mynd til að fara á með mömmu sinni. Hún er mjög ofbeldisfull, stúlkurnar geta ekki haldið sér í fötunum og aðalleikarinn virðist hafa búið í ræsinu alla sína ævi. Ég er ekkert sérstaklega hrifin af því að þú sért að horfa á svona myndir, sonur sæll. Hvað með Facebook-myndina?"

### VINURINN



„Við erum að fara á þessa mynd, það er engin spurning. Sumir líkja henni við Expendables, nema það ku vera söguþráður í þessari. Og brjóst. Fullt af brjóstum. Ofbeldið á líka að fara yfir öll mörk sem ætti að gleðja menn eins og okkur sem fá útrás í gegnum bíómyndir en ekki slagsmál niðri í bæ um helgar."

### BÍÓNÖRDINN



„Robert Rodriguez kann listina að gera flottar B-myndir. Machete hefur verið vel tekið og sumir segja að testósterónmagnið sé meira en í Expendables. Steven Seagal, Don Johnson og sjálfur Robert DeNiro leika í myndinni sem ætti að gleðja kvikmyndanördana, en yfirgengilegt ofbeldið á eftir að trufla einhverja."

### STELPAN



„Æi, er þetta ekki voðalega mikil pungamynd? Er ekki alveg viss um að það sé sniðugt að bjóða mér á mynd sem snýst nánast eingöngu um ferðalag einhvers konar ómennis í gegnum heim fullan af allsberum stelpum og blóði. Hringdu í mig þegar þú ert að fara á mynd sem ég get hugsanlega haft gaman af."

**45%** karlmanna fannst Iron Man 2 besta mynd síðasta sumars. Aðeins 10% völdu Expendables.

# BARÞJÓNN Í NÝRRI SÖNGVAMYND



**TOM CRUISE** Hefur verið boðið að leika barþjón í söngvamyndinni Rock of Ages.

Tom Cruise hefur verið boðið aukahlutverk sem barþjónn í söngvamyndinni Rock of Ages. Hún er byggð á samnefndum söngleik sem hefur gengið fyrir fullu húsi á Broadway.

Myndin fjallar um stúlku frá litlum bæ í Kansas sem lætur drauminn rætast og ákveður að flytja til Los Angeles. Þar fellur hún fyrir náunga sem dreymir um að verða rokkstjarna. Framleiðandinn New Line tryggði sér kvikmyndaréttinn á söngleiknum fyrir tveimur árum og átti Tobey Maguire að koma að framleiðslunni. Adam Shankman, sem hefur leikstýrt sjónvarpsþáttunum Modern Family og Glee, ásamt söngvamyndinni Hairspray, leikstýrir myndinni og eiga tökur að hefjast á næsta ári.

Hellingur af frægum rokklögum frá níunda áratugnum eru í Rock of Ages, með böndum á borð við Bon Jovi, Poison, Journey og Twisted Sister. Ef Cruise samþykkir að leika í myndinni fær hann væntanlega að spreyta sig á einhverjum þessara laga og verður vægast sagt fróðlegt að fylgjast með útkomunni. Einnig fær hann að endurtaka takta sína sem barþjónn en margir muna eftir honum gera góða hluti í Cocktail frá árinu 1988.

Cruise sást síðast á hvíta tjaldinu í gamanhasarnum Knight and Day þar sem hann lék á móti Cameron Diaz.

# HOLLYWOOD

# HVER TEKUR VIÐ AF PARIS?



**Heimurinn stóð á öndinni þegar partídrottningin Paris Hilton lýsti því yfir að hún væri hætt að djamma. Hilton hefur verið ókrýnd drottning næturlífsins síðustu ár og goldið fyrir það með fjölmörgum handtökum fyrir ýmis konar brot. Í nýlegu viðtali talar Hilton um nýja kærastann sinn og dóttur hans, en hún nýtur þess að eyða tíma með henni í staðinn fyrir að fara út á kvöldin. „Ég held að barneignir séu tilgangur lífsins,“ sagði hún. „Ég vil eignast nokkur börn þegar ég byrja á því. Það er erfitt að alast upp sem einbirni og ég naut þess að alast upp í stórri fjölskyldu.“ Heimsbyggðin veltir nú fyrir sér hver tekur við krúnunni af Hilton og verður nánast daglega í fréttum vegna partístands, eiturlyfjanotkunar og ölvunaraksturs. Hver er næsta Paris Hilton?**

### Kim Kardashian
**Aldur: 30**



Kardashian á það sameiginlegt með Hilton að vera erfingi talsverðra auðæfa. Eins og Hilton komst hún fyrst í fréttirnar þegar kynlífsmyndband hennar og fyrrverandi kærasta fór í dreifingu. Hún virðist þó hafa róast mikið síðan þá og er ekkert sérstaklega líkleg til að taka við af Paris Hilton.

Einkunn: 🍾🍾

### Miley Cyrus
**Aldur: 17**



Fatastíll Miley Cyrus, líkt og Paris Hilton, hefur þótt afar ögrandi og jafnvel óviðeigandi vegna aldurs hennar. Það verða að teljast góðar líkur á því Cyrus fari sömu slóðir og Hilton í framtíðinni enda elskar hún að hneyksla þótt hún hafi ekki enn þá tekið upp drykkjusiði djammdrottningarinnar.

Einkunn: 🍾🍾🍾

### Taylor Momsen
**Aldur: 17**



Taylor Momsen rembist við að ögra í hvert einasta skipti sem hún fær tækifæri til. Þrátt fyrir aldur sinn talar hún opinskátt um kynlíf í viðtölum og komst í fréttirnar á dögunum þegar hún beraði brjóstin á tónleikum. Momsen er afar líklegur arftaki Hilton og mun ekki eiga í erfiðleikum með að feta í fótspor hennar.

Einkunn: 🍾🍾🍾🍾

### Snooki
**Aldur: 22**



Kannski kannast ekki margir Íslendingar við Snooki, en hún er orðin mjög þekkt í Bandaríkjunum fyrir skelegga framkomu í þáttunum Jersey Shore. Hún er sturluður djammfíkill sem svífst einskis. Það er aðeins tímaspursmál hvenær kynlífsmyndband með henni lekur á netið og það verður að teljast mjög líklegt að hún feti í fótspor Hilton, enda er hún þegar byrjuð.

Einkunn: 🍾🍾🍾🍾🍾


RÝMINGARSALA Á VÖNDUÐUM MYNDAVÉLUM FRÁ SAMSUNG OLYMPUS CASIO
AÐEINS Í NOKKRA DAGA

CASIO EX-Z35
Fullt verð: 22.900 kr.
Tilboðsverð: 18.900 kr.

CASIO EX-Z450
Fullt verð: 45.900 kr.
Tilboðsverð: 39.900 kr.

CASIO EX-Z550
Fullt verð: 35.900 kr.
Tilboðsverð: 29.900 kr.

CASIO EX-FC100
Fullt verð: 57.900 kr.
Tilboðsverð: 37.900 kr.

CASIO EX-G1
MJÖG FLOTTAR MYNDAVÉLAR
Fullt verð: 59.900 kr.
Tilboðsverð: 49.900 kr.

CASIO EX-H15
12,1 milljón punkta upplausn
10x aðdráttarlinsa (24-240mm
Fullt verð: 44.900 kr.
Tilboðsverð: 39.900 kr.

SAMSUNG EC-ES60
12.2 milljón pixlar · 3x Optical Zoom
DIS · Face detection
Fullt verð: 22.900 kr.
Tilboðsverð: 17.900 kr.

SAMSUNG EC-ES70
2 GB SD-kort fylgir
12.2 milljón pixlar · 3x Optical Zoom
DIS · Face detection
Fullt verð: 26.900 kr.
Tilboðsverð: 22.900 kr.

OLYMPUS FE-4030
14 milljón pixlar · 4x aðráttarlinsa
(26-105 mm)
Fullt verð: 24.900 kr.
Tilboðsverð: 21.500 kr.

OLYMPUS FE-5030
14 milljón pixlar · 5x aðráttarlinsa
(24-120mm)
Fullt verð: 29.900 kr.
Tilboðsverð: 25.900 kr.

Gríptu augnablikið!

SAMSUNG ST-61
12 milljón pixlar · 4 x Optical Zoom
Fullt verð: 24.900 kr.
Tilboðsverð: 19.900 kr.

OLYMPUS E-P1
12.3 milljón pixlar
Linsa: ZUIKO DIGITAL ED
Fullt verð: 155.900 kr.
Tilboðsverð: 99.900 kr.

OLYMPUS MJU 5000
12 milljón pixlar · 5x aðdráttarlinsa
Fullt verð: 43.500 kr.
Tilboðsverð: 29.900 kr.

OLYMPUS FE-47
14 milljón pixlar · 5x aðráttarlinsa
Fullt verð: 18.900 kr.
Tilboðsverð: 16.900 kr.

OLYMPUS T-100
12 milljón pixlar · 3x aðdraáttarlinsa
Fullt verð: 19.900 kr.
Tilboðsverð: 13.900 kr.

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · WWW.ORMSSON.IS

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
KVIKA

# EKKI SÍST

CHUCK NORRIS ÞARF EKKI VATN, SÚREFNI EÐA MAT. HONUM FINNST BARA GAMAN AÐ HALDA ÞESSUM EFNUM Í GÍSLINGU Í LÍKAMA SÍNUM.





## ÞAÐ SEM ARI VEIT UM STEINDA OG STEINDI VEIT UM ARA

## SPURNINGARNAR

**1.** Þegar grínistar koma heim eftir erfiðan vinnudag er oft talað um að tár trúðsins byrji að streyma. Hvar leitar Ari/Steindi að hughreystingu í lok dags?

**2.** Allir vita að þegar grínisti sér spegil staðnæmist hann, starir með tár í augunum á sjálfan sig og færist hægt nær speglinum. Að lokum spyr hann með titrandi röddu: „Hver er ég?“ Á þetta við um Ara/Steinda?

**3.** Margir grínistar hafa fetað brautir eiturlyfjadjöfulsins og riðið hvíta hestinum um óravíddir grínbransans. Hversu mörg lyf heldurðu að séu núna í blóði Ara/Steinda?

**4.** Allir grínistar elska hvíta strigaskó. Alþekkt er að þegar íslenskir grínistar stimpla sig inn í bransann fá þeir sent nýtt par af hvítum strigaskóm frá Ladda. Heldurðu að Ari/Steindi sé búinn að sitt par sent?

**5.** Þegar grínistar slá í gegn byrja þeir að hanga með frægu fólki. Allir þekkja til dæmis söguna af Pétri Jóhanni og Sigga Hall, stuttu eftir að sá fyrrnefndi var valinn fyndnasti maður landsins. Með hverjum hangir Ari/Steindi?

**6.** Magasár herjar á flesta grínista, enda eru þeir sólgnir í mexíkóskan mat. Hvort er Ari/Steindi meiri taco eða burrito-maður?

**7.** Þrátt fyrir kokhreysti og jafnvel hroka eru grínistar ekki kvennamenn. Nýleg rannsókn sýnir að um 60% þeirra eru ekki við kvenmann kenndir á lífsleiðinni. Á Ari/Steindi kærustu?

**8.** Allir grínistar elska rapp. Sumir segja að það sé vegna þess að þeir þori ekki öðru. Hver er uppáhaldsrappari Ara/Steinda?

**9.** Afar erfitt er fyrir grínista að hlæja að bröndurum annarra grínista. Alveg eins og þegar kokkar hrækja út úr sér mat sem er ekki eldaður eftir þeirra uppskrift. Er Ari/Steindi fær um að hlæja með öðrum?

**10.** Vígsluathöfnin í Félagi alíslenskra grínista (FAG) er ekki í neinu samræmi við mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hvaða aðgerð í athöfninni fór mest fyrir brjóstið á Ara/Steinda?

## STEINDI UM ARA

1. Hjá 112 Neyðarlínunni.
2. Nei, hann er búinn að fjarlægja alla speglana.
3. Eins og er sirka þrjú magalyf, þvaglosunarlyf og lyf við kvíðaröskun.
4. Ari gengur ekki í skóm. En Laddi nuddar á honum bífurnar reglulega.
5. Hann er að háma í sig kavíar með Kristjáni Jóhannssyni.
6. Taco ekki spurning, þá hringir einhver bjalla. Sorrí með þennan.
7. Já, örugglega. Ber er hver að baki nema konu eigi.
8. Messías MC. Hver annar?
9. Að sjálfsögðu og sérstaklega fyrir framan spegilinn.
10. Að mæta trúðnum. Er einhver sem hræðist ekki trúða?

## ARI UM STEINDA

1. Ég held hann eldi sér einhverja snilld og hlammi sér svo niður í ljúfan Playstation-pakka.
2. Nei. Steindi skoðar spegilinn, sér sjálfan sig og hugsar: „djöfull var mér að detta í hug góður skets.“ Og hann er alltaf sannspár.
3. Engin. Ég giska á að blóðið í Steinda sé hreinna en í Sookie Stackhouse.
4. Sjálfur þurfti ég að sækja mína heim til Ladda en ég heyrði að Laddi hefði gert sér ferð heim til Steinda, sem gerði mig dálítið afbrýðisaman.
5. Hann hangir með Bent, Dóra DNA, Didda Fel, Simma og Jóa, Bjartmari og aðeins með Sigga Hall líka.
6. Ég sé einhvern veginn fyrir mér að Steindi hafi löngu fundið upp leið til að blanda þessu tvennu saman í tacito.
7. Já, og hún semur örugglega allt besta efnið hans.
8. Dóri DNA, Bent, Erpur og Diddi Fel. Sjálfur myndi ég ekki þora öðru með þennan vinahóp í kringum mig alla daga,  brennandi tunnur og skjótandi af vélbyssum.
9. Já, og Steindi er einhvers konar Íslandsmeistari í að „peppa“ aðra. Það væri örugglega bara fínt að festast í námu með honum.
10. Engin. Sumir halda að þetta séu einhver frímúrarasamtök og maður þurfi að skríða yfir heit kol og þannig. En staðreyndin er sú að þetta er ósköp einfalt skriflegt próf sem Laddi útbýr. Jú, og svo er maður reyndar laminn í sólarhring, en það er allt í gríni.

**19%** karlmanna hafa sagst vera umhverfissinnar til að heilla stelpur.

**45%** karlmanna telja að Obama hafi breytt viðhorfi heimsins til Bandaríkjanna.


Whitens Teeth
with Microgranules
WRIGLEY'S
Extra
PROFESSIONAL™
white CITRUS
21 PELLETS
Nú hefur þú ástæðu til að BROSA.
Nýtt bragð frá Extra,
Professional White Citrus.
Extra
Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...
Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

POPP



# 5 GÓÐ RÁÐ

## TIL AÐ FÁ SÉR TATTÚ ÁN ÞESS AÐ LENDA Á SJÚKRAHÚSI

**Jón Páll Halldórsson, Nonni tattú.**

**1** **Gæta hreinlætis.** Í það fyrsta skal gæta ýtrasta hreinlætis á svæðinu umhverfis nýstungið flúrið, banka svo í tré og vonast til þess að vera ekki einn/ein af milljón sem fær ofnæmi fyrir litnum.



**2** **Ekki sofna í baði.** Ekki skal liggja til lengdar í heitu vatni og sér í lagi ekki sofna í heitu baði með nýstungið flúr.

**3** **Ekkert klór.** Forðast skal að klóra sér í gróandi húðflúrið en þess í stað er gott að hafa á sér afskorinn fót af héra til handfjötlunar og frekara láns. Óskir um að vera ekki þessi eini af þúsund til að fá sýkingu í flúrið hjálpa einnig.



**4** **Glíma ekki góð.** Gott er að ástunda ekki glímu eða líkamleg átök sem valdið geta núningi við nýtt flúrið.

**5** **Fjögurra laufa smári.** Þó er það ráð öllum betra að hafa á sér innanklæða fjögurra laufa smára og í sífellu kyrja í lágum hljóðum „megi guð og allar góðar vættir veita mér skjótan gróanda og vernd gegn öllu því sem unnið gæti mér mein".


**Hringdu í síma**

**512 50 60**

**ef blaðið berst ekki**









álag segist Jóhanna njóta hvers augnabliks. „Ég minni mig þá á hversu fljótt þetta er að líða og að ég eigi að upplifa og njóta núsins og ekki vera að bíða eftir að ákveðið tímabil í lífi barnanna hefjist eða ljúki.“

Að sögn Jóhönnu deilir Geir áhuga hennar á heilbrigðu líferni og árið 2006 ferðuðust þau saman til Indlands þar sem þau lærðu hugleiðslu. Parið dvaldi í tvær vikur á Indlandi og segir Jóhanna að ferðin hafi haft afgerandi áhrif á líf þeirra. „Þetta snýst raunverulega um hina andlegu leið. Hvernig ég vil þróast sem manneskja og komast nær kjarna mínum. Það er og verður stóra verkefnið mitt í lífinu. Ég var einu sinni mjög upptekin af því að vilja breyta heiminum en sannleikurinn er sá að þú breytir engum nema sjálfum þér. Þetta snýst um innri frið og er stanslaus viðleitni því hraðinn og streitan í samfélaginu hrifsar fólk auðveldlega með sér. Og ég er mjög fegin að við Geir deilum þessum áhuga því það er mun auðveldara að feta þessa leið áfram ef lífsförunautur þinn er þér samstiga. Og í raun held ég að ég gæti ekki verið með manni sem gerði það ekki.“

## ÖRLÖGIN GRIPU INN Í

Jóhanna var á meðal þeirra starfsmanna Ríkisútvarpsins sem var sagt upp störfum í byrjun ársins. Hún segist líta á uppsögnina sem guðsgjöf sem gerði það að verkum að hún fór að rækta það sem stóð hjarta hennar næst. „Ég var búin að starfa í fjölmiðlum frá árinu 2001 og í raun var minn tími bara kominn. Það virðist vera að þegar maður er kominn í þægilega stöðu í lífinu óttist maður breytingar og þá er stundum eins og örlögin grípi inn í.“

Frægðin er einn af fylgifiskum þess að starfa í fjölmiðlum og segir Jóhanna margt jákvætt og neikvætt fylgja henni. Hún segist þó lítið hafa velt sér upp úr frægðinni og líður best þegar hún getur dregið sig inn í skel sína. „Ætli ég sé ekki svolítið mikill sporðdreki í mér, mér finnst best að vera inni í skel minni. En það virðast ekki vera mín örlög að fá að dúsa þar,“ segir hún og hlær.

Jóhanna var ekki lengi frá skjánum því nú stýrir hún þætti á sjónvarpsstöðinni ÍNN sem fjallar um hugðarefni hennar; forvarnir og heilsu. „Ingvi [Hrafn Jónsson] hafði samband við mig og bað mig að ganga til liðs við stöðina og mér þótti gaman að fá að leggja henni lið. Þetta er í raun aukabúgrein fyrir mig og meira unnið af ástríðu en launin leggja til. Ég næ auðvitað ekki til eins margra og ég gerði hjá Sjónvarpinu en ég er sátt svo lengi sem ég næ að hreyfa við einhverjum.“

## UNG Í ANDA

Jóhanna verður fertug í desember og þegar hún er innt eftir því hvort henni finnist hún standa á ákveðnum tímamótum í lífinu verður hún hugsi. „Nei, ekki hvað aldurinn varðar. Maður heldur alltaf að með aldrinum muni maður einnig eldast í kollinum en ég held að maður verði alltaf ungur í anda, óháð aldri. Maður þroskast auðvitað en mér finnst ég alltaf yngri en aldurinn segir til um, ætli flestum líði ekki þannig? Ég verð þó að viðurkenna að ég hugsa kannski allt of mikið um það eftir því sem ég eldist hve tíminn í þessu lífi er takmarkaður. Maður þarf því að njóta hvers augnabliks og mæta hverju því sem lífið hefur upp á að bjóða með æðruleysi. Lífið er til þess að njóta þess, og ég trúi því að ef þú takir lífinu fagnandi taki það fagnandi við þér. Það er að minnsta kosti mín reynsla.“ segir hún að lokum brosandi.





Signatures Of Nature

Náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur




Tilboð

- Lavender líkamsdekur 20% verð 7.968
- Body scrub í lífrænni olíu
- Sturtu og baðsápa
- Body lotion
- Unaðsleg reykelsi
- Dekraðu og nærðu húðina og á sama tíma upplifir þú góða og heildræna slökun



Jóhanna Karlsdóttir
HotYoga leiðbeinandi

Ég var svo ánægð að uppgötva Nature Scent vörurnar í litlu fallegu búðinni sem lítið fer fyrir í Smáralindinni. Ég hef prófað óteljandi húðvörur í gegnum tíðina og elska að finna gott body-krem eða olíu. Í mínu starfi er húðin í stöðugri hreinsun og þá er svo gott að toppa meðhöndlun húðarinnar með góðum vörum sem eru náttúrulegar og ylma unaðslega. Ég elska lemongrass ylminn til dæmis. Nature Scent vörurnar eru greinilega mjög vandaðar og manni líður strax vel í húðinni. Yndisleg búð með vörum sem hægt er að treysta og njóta!

www.signaturesofnature.is

Verlsanir okkar eru í Smáralind 2. hæð við D-inngang sími 511-10-09



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Unnur Edda, Emami.

**Af hverju varð þessi flík fyrir valinu?** Þetta er bara svo æðisleg flík, það er hægt að nota hana á marga vegu, til dæmis má nota hana sem jólakjól eða sem slá yfir hversdagslegri fatnað.
**Hvað álítur þú vera lykilhluti í vetrartískunni?** Að klæða sig eftir veðri er mjög mikilvægt að mínu mati. En auðvitað vill maður líka líta vel út og því er ég mjög ánægð með alla ullina og loðfeldina sem eru að koma sterk inn þennan vetur.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mundi, hannar undir eigin nafni.

**Af hverju varð þessi flík fyrir valinu?** Af því ég elska galla.
**Hvað álítur þú vera lykilhluti í vetrartískunni?** Að passa upp á að láta myrkrið ekki drepa niður litagleðina.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Erna Steina Guðmundsdóttir, ELM.

**Af hverju varð þessi flík fyrir valinu?** Það var úr vöndu að ráða þar sem við erum þrír hönnuðirnir, þannig að flíkurnar urðu þrjár, eða eftirlætisflíkur mínar frá okkur öllum!
**Hvað álítur þú vera lykilhluti í vetrartískunni?** Góðar leggings og stór góð peysa, og svo auðvitað flottur kjóll!!

Íslenskir hönnuðir velja uppáhaldsflíkina sína fyrir veturinn:

# FLOTT HÖNNUN

Íslenskir hönnuðir hafa verið að sækja í sig veðrið undanfarið og þykir íslensk hönnun orðin merki um gæði. Það er skemmtilegt að rölta í gegnum miðbæ Reykjavíkur og reka nefið inn í allar þær fallegu hönnunarbúðir sem þar eru. Föstudagur náði tali af nokkrum hönnuðum og bað þá að velja sína uppáhaldsflík fyrir veturinn. *- sm*






## Gunnar Hilmarsson og Kolla, Andersen & Lauth.



**Af hverju varð þessi flík fyrir valinu?** Hún sameinar það sem við elskum að gera, þetta er rómantísk, kvenleg og tímalaus flík sem gerð er í höndunum, pallíettu fyrir pallíettu. Í ekta Andersen & Lauth lit, sem er brúnbleikur litur með gylltum undirtón. Í henni má einnig finna samspil mismunandi lita af pallíettum og „tulle".
**Hvað álítið þið vera lykilhluti í vetrartískunni?** Að blanda saman grófum og fínum flíkum, óhrædd og sjálfsörugg.






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Una Hlín Kristjánsdóttir, Royal Extreme.

**Af hverju varð þessi flík fyrir valinu?** Því hún fangar anda Royal Extreme. Kápan er mjög tignarleg og fær mann til að líða eins og drottningu.
**Hvað álítur þú vera lykilhluti í vetrartískunni?** Frá Royal Extreme eru það án efa fléttusokkarnir og fléttusokkabuxurnar, tölvutöskurnar og síðast en ekki síst kápurnar.

## Birta Björnsdóttir, Júniform.

**Af hverju varð þessi flík fyrir valinu?** Þessi flík er úr silki og efnið alveg óhemju fagurt, litirnir upplífgandi í haustinu og svo eru nú að koma jól og er þetta tilvalinn jólakjóll.
**Hvað álítur þú vera lykilhluti í vetrartískunni?** Allavega mynstur, stórmynstraðar lausar peysur, mynstraðar buxur, síð pils, stuttbuxur, háir hlýir sokkar, skrautlegar sokkabuxur, skór með fylltum botni, leður, rúskinn, feldir, dýramynstur og svo bara sítt… sítt…sítt.




Leitin að Sloggi stelpunni!
Sloggi, Eskimo Models og FM957 leita að
Sloggi stelpunni 2010.
Skráðu þig í myndatöku fyrir Sloggi hjá Eskimo Models dagana 22. okt – 5. nóv í síma 533 4646 eða á Eskimo@Eskimo.is Athugið, 18 ára aldurstakmark.
Kosning á Sloggistelpu ársins 2010 fer fram á heimasíðu FM957 8-12. nóvember.
Glæsileg verðlaun til sigurvegarans! Ferð fyrir tvo til Tenerife með Heimsferðum, 1. árs módelsamningur við Eskimo Models, glæsileg gjafakarfa frá Sloggi o.fl.
sloggi® HOT HIPS
It´s time to be hot!
HALLDÓR JÓNSSON
FM957
eskimo
Heimsferðir
sloggi HOT HIPS
Now in COTTON
sloggi HOT HIPS

# núna
✻ Hrósið öðrum



**ÍÞRÓTTATASKA** Þessi skemmtilega golftaska er kjörin fyrir þær sem stunda golfið af fullum móð. Í töskunni er pláss fyrir golfkúlurnar og tíin og jafnvel símann og varalitinn ef þess þarf. Taskan fæst í versluninni Mýrinni og kostar 7.500 krónur.

## mælistikan

### Á uppleið:



**Stórir treflar** Fyrstu snjókornin hafa þegar fallið á frosna grund og það er tekið að blása. Þá skal vefja sig vel inn í stóran og þykkan trefil til að verjast kulda, roki og kvefi. Það er ekki verra ef trefillinn er fallegur á litinn eða með skemmtilegu mynstri eins og klassísku norsku prjónamynstri.

**Bækur** Það er svo notalegt að kúra fram eftir í helgarfríinu með bók við hönd vitandi að vinnan bíður manns ekki. Eitthvað af jólabókunum er þegar komið í bókabúðir og þess vegna úr nægu að velja. Svo er auðvitað hægt að heimsækja bókasöfnin og finna sér skemmtilegt lesefni þar.

**Forsjálni** Það er stutt til jóla og miðað við hvað tíminn líður hratt þá er ekki óskynsamlegt að fara að huga að jólainnkaupunum núna. Þá er maður laus við stress dagana fyrir jól og getur betur notið jólaandans, auk þess verða útgjöldin í desember minni ef menn dreifa gjafakaupunum á fleiri mánuði.



### Á niðurleið:

**Misrétti** Jafnt skal yfir alla ganga. Misrétti er löngu orðið úrelt fyrirbæri og í staðinn skal fólk temja sér víðsýni og bjartsýni og ekki láta kyn, litaraft eða uppruna stýra því hvernig við komum fram við hvort annað.



**Bikiní** Lítil og litrík bikiní eru fylgifiskur sumarsins þegar menn keppast við að ná lit á þessum fáu sólardögum sem okkur eru úthlutaðir. Sundbolir eiga þó betur við í vetur á meðan sólin er engin.

**Hringekjan** Þátturinn sem átti að höfða til allra virðist höfða til mjög fárra og samkvæmt nýjustu tölum er áhorfið á niðurleið.


**Hráfæðisskólinn**
**8. - 14. nóvember**

**Hráfæði, matargerð og fræðsla**
**6 stundir daglega í 5 daga**

**Það hollasta í dag!**

Næring, ofurfæði, fæðusamsetning
og margt fleira tengt MAT og HEILSU
Solla súpergræna ásamt Lilju og Gitte frá
Heilsumeistaraskólanum sjá um kennsluna.

Upplýsingar og skráning:
hrafaediskolinn@gmail.com s. 861-3174



**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi
eða fengið sendan daglegan tölvupóst
með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á:
visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


# BRJÓSTGÓÐ TÍSKA

Hver man ekki eftir korselettinu með oddhvössu brjóstunum sem poppdívan Madonna gerði ódauðleg á tíunda áratugnum? Þessi nýstárlega hönnun hins franska Jean Paul Gaultier tröllreið tískuheiminum á sínum tíma en ýkt áhersla á kvenmannsbarminn er kannski einum of langt gengið í tísku dagsins í dag? Eða ekki? Föstudagur fór í gegnum tískusýningar þessa árs og fann nokkra hönnuði sem leggja áherslu á barminn í sinni hönnun. *- áp*



**Upp á sitt besta** Madonna á tónleikum í Japan árið 1990, klædd í korselettið fræga utan yfir buxur með ljóst lakkbelti og fléttu í hárinu. Ýmsir tískustraumar nútímans hér á ferð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Dregur að athygli** Marc Jacobs ákvað að flikka upp á þessa sumarlegu peysu með skemmtilegum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Úr hálmi** Tískuhús Alexanders McQueen ákvað að sækja innblástur til oddhvassra brjósta Gaultiers en þó ekki með það jafn afgerandi hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Frumlegt** Það var ýmislegt skemmtilegt hægt að berja augum á tískuvikunni í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ný fylgihlutaverslun opnar í Smáralindinni innan skamms:

# Síðir eyrnalokkar heitir í vetur

Hjónin Laufey Stefánsdóttir og Hilmar Binder opna saman fylgihlutaverslunina Six í Smáralind 4. nóvember næstkomandi.

Þetta verður sjöunda verslunin sem hjónin opna saman, fyrir reka þau meðal annars tískuverslunina Blend. „Við rákumst á þessa verslun fyrst í Madrid fyrir nokkrum árum og eftir það héldum við áfram að rekast á hana víða um heim. Við höfðum svo samband við rekstraraðila verslunarinnar og ákváðum að setja upp verslun hér heima,“ útskýrir Laufey.

Hún segir sölu á fylgihlutum hafa aukist til muna undanfarið ár og telur það vera bæði vegna þess að úrval hafi stóraukist og að konur hressi upp á gömul dress með nýjum fylgihlutum. „Það virðist vera gríðarleg fylgihlutatíska í dag, ég held að það sé mikið um að konur kaupi núna hinn klassíska, litla, svarta kjól og klæði hann svo upp með skemmtilegum fylgihlutum,“ segir Laufey. Innt eftir því hvað sé heitt í fylgihlutatískunni í vetur er hún fljót til svars. „Það er mikið um mjög síða eyrnalokka, fallega klúta og stór og mikil hálsmen og hringa. En úrvalið hjá okkur er það mikið að við ættum að geta höfðað til mjög stórs neytendahóps.“

Laufey segir Six eiga eftir að vera góða viðbót hér heima og er ekki í nokkrum vafa um að verslunin eigi eftir að slá í gegn. „Ég er alveg sannfærð um að þetta eigi eftir að falla vel í landann, einkum af því að verðin eru alveg ótrúlega hagstæð.“ *- sm*



**Nóg úrval** Laufey Stefánsdóttir og eiginmaður hennar, Hilmar Binder, opna nýja fylgihlutaverslun í Smáralind á fimmtudaginn næsta. FRÉTTABLAÐIÐ/

Verð 6.999,-
Litir: Svart og grátt
Stærðir: S-XXXL





Verð 2.499,-
Litir: Margir litir
Stærðir: XS-XXXL

Verð 6.999,-
Litir: Svart
Stærðir: X-XXL



Verð 6.999,-
Litir: Svart með pallíettum að framan
Stærðir: S-XXXL



# Flottur Fatnaður
## fæst í Hagkaup



Verð 6.999.-
Litir: Grá/svart –
Stærðir: S-XXXL



Verð 3.999,-







Verð: 4.999,-
Litir: Svart
Stærðir: 8-16

Verð 5.499,-



Verð 8.999.-
Litir: svart
Stærðir:





Verð 4.999,-



Verð 5.999.-
Litur: Svart, Rautt
Rúskinnsáferð
Stærð: 36-41



Verð 5.999.-
Litur: Svart, Leðuráferð
Stærð: 36-41



Verð 4.999,-



# HELGARRÁÐIN

**Benedikta Jónsdóttir, heilsuráðgjafi hjá Maður lifandi**

1 Maður þarf alltaf að muna að taka vítamín. Ekki gleyma því þó að það sé komin helgi. Núna er mikilvægt að taka Omega og D-vítamín við skammdeginu.



2 Fara í göngutúra sama hvernig viðrar. Mikilvægt að fara út og anda að sér frísku lofti, sama hversu stutt það er.

3 Láta sér líða vel. Lesa góða bók eða horfa á kvikmynd sem lætur manni líða vel og gleyma hversdagsgráman-um. Mæli með Borða-Biðja Elska sem er bæði bók og kvikmynd, eftir Elizabeth Gilbert.






4 Leyfa sér súkkulaði og helst lífrænt því það er án allra aukaefna. Því dekkra, því hollara.

5 Gera góðverk sem leiðir af sér bros. Það er satt að brosi maður framan í heiminn þá brosir heimurinn framan í mann. Prófaðu það um helgina.






Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

Fylgstu með




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## BÍLAR & FARATÆKI

ÍSPARTAR VÉLAVIT



Kerra Lark árg.2006 2ja Öxla , Burðargeta 2.500 kg. Verð kr.1.450.000 Upplýsingar S:527-2600



Nissan Vanetta árg 1999. Ekin 157.000 skoðaður 11. Verð kr.380.000 Upplýsingar S:527-2600



LandRover Freelander Árg.2000 ekin 108.000 km Beinskiftur,bensín Verð kr.690.000 Skoðaður 11. Upplýsingar S:527-2600



MMC Pajero árg.10/1998 Beinskiftur, 2,8 TDI , ekin 168.000 km Skoðaður 09/11 Verð kr.820.000 Upplýsingar S:527-2600

**Ìspartar - Vélavit**

BÍLALIND.IS 580-8900



POLARIS SPORTSMAN X2 QUAD. 06/2007, GÖTUSKRÁÐ lítið notað, sjálfskipt. Mikið af aukahlutum! #282070 Hjólið býður eftir þér, vertu snögg(ur)!



TOYOTA LAND CRUISER 90 VX 38". 06/1998, ekinn 226 þ.km, diesel, sjálfskiptur. Verð 2.350.000.#320361 - Bíllinn er á staðnum, vígalegur!



MUSTANG HEAVY RACING nýtt ónotað fjórhjól, 300cc, 5 gírar. Verð 599.000. #282114 Hjólið er í salnum súperflott!



HONDA ACCORD SEDAN SPECIAL EDITION. 10/2007, ekinn 38 þ.km, sjálfskiptur, vinskeið ofl. Tilboðsverð 2.490.000. #282233 Bíllinn er á staðnum, flottur!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

HEIMSBÍLAR



ISUZU D-MAX árg 2010, ek. 6þ km, NÝR BÍLL,hraðastillir, álfelgur, o.fl. ásett verð kr. 4.290þ, möguleiki á láni upp á 2.950þ, skoðar skipti á ódýrari, uppl. í síma 567-4000



Lexus RX 300 árg 11/2002, ek 111þ, leður, hraðastillir, hiti í sætum topplúga, o.fl. sumar og vetrardekk á álfelgum, ásett verð 2.690þ, TILBOÐ 2.190Þ, seljandi skoðar skipti á ódýrari, frekari uppl í s'. 567-4000

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

MOTOR HARLEY-DAVIDSON COMPANY

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

**Harley-Davidson umboðið**
**Grensásvegi 16, 108 Reykjavík**
**Sími: 510 9090**
**http://www.harley-davidson.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



CHEVROLET CAVALIER LS. Árgerð 2005, ekinn 116 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 750þ. Rnr.152174

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



Ford Transit árg. ,02 ek. 140þ ný sk.allur yfirfarinn v.900 þús. s. 693 2991.



Nissan Almera árg'01, ek. 193 þús.5g, 5d. Bíll í toppstandi, mikið endurnýjaður fæst á 480þ. stgr. S. 894 2175.




Haustútsölur bílaframleiðenda. Keyptu nýjan eða nýlegan bíl á lækkuðu verði. Einnig HYBRID sem eyða 40% minna eldsneyti. Eigum sýningarbíla með allt að 3ja milljón króna afslætti. Útvegum á betri verðum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá Toyota, Ford, Dodge, Chrysler, Audi, Benz, BMW og öðrum helstu framleiðendum. Meira en milljón bílar á söluskrá. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com Sími 5522000



Nissan Almera 1.6, ssk, ek. 151þús. árg. ,98.V.250 þús. Uppl. í .s 616 2597.



Til sölu Peugot Partner árg. ,03. ek. 86þús. Vetradekk, bensín, eyðir 5l á 100. V.450þús. Uppl. í s. 616 2597.



Toyota Yaris Sol 2007, ek. 54 þús., 5d., bsk., reyklaus. Ásett verð 1.665.000 kr. Möguleg skipti á sjálfskiptan skutbíl ekki eldri en 2004. Uppl. í s. 861 5665 og 897 7308.



**Tilboð 175 þús.**

Skoda Felica 5g. 5d. 1300. árg'98. Ek.120þús. Sk.'11. Góður sparneytinn. S. 891 9847

VW Vento ,97, 1600 til sölu. Vel útlítandi, ek. 117 þús. Verð 200 þús. S. 899 2190.

### 0-250 þús.

VW Caddy ek. 110 þús. sk. 08/'11. Bíll í flottu standi. V. 220 þús. S. 777 9543.

Til sölu Renault Laguna árg. 96. Ekin 250.000 km. Verð 100.000 eða tilboð. Uppl. í síma 8603978, Gunnar.

Tilboð óskast í Mitsubishi Pajero 2800 TDI ,99. Á vélina vantar hedd, annars er billin í góðu standi, skoðaður 2010. Uppl. í s: 6641850

Til sölu gamall en góður og ódýr Nissan patfinger árg 95 S:8686354/8663457

### 250-499 þús.



**Tilboð 450þús**

Lancer árg. ,,99 4X4 nýsk. 2011 ek. 173þús. 5 gíra beinsk. Góð heilsársdekk, nýleg tímareim. Verð 450þús. Uppl. s. 659 3459.

### 1-2 milljónir



TOYOTA Corolla árg. 2006, ek. 78 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1.400 þús. Uppl. 862 7573 virka daga eftir kl. 19.

## Bílar óskast

**Vantar bíl, 0-200 stgr.**

Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má vanta smá lagfæringar. Sími 857 9326

**Kaupum gegn staðgreiðslu í dag!**
**Kaupum allar gerðir bíla gegn staðgreiðslu í dag. Gamla og nýja í öllum verðflokkum. Farðu á www.seldustrax.is og fáðu tilboð í þinn bíl. www. seldustrax.is**

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**

Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 691 9374.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Óska eftir bíl frá 30-250 þús. Sem þarfnast lagfæringa eða er skemdur. Árg. frá ,97. Fólksbíl, jeppa eða sendibíl. S. 770 6400.

## Mótorhjól



**Tilboð**

KTM SXF 250 ,06. Hjól í toppstandi. Ný dekk, lítur vel út. V. aðeins 349 þús. S. 899 9968.

## Kerrur




Vinnsælu netakerrurnar komnar aftur á frábæru verði stutt kr 179,999 löng kr 229,999

Hagkaup, sími 563-5000.

## Vinnuvélar






BRAVISOL INNILYFTURNAR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9M VINNUHÆÐ. DAGLEGA AÐEINS KR. 4900.+vsk DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar

ÍSPARTAR
Alhliða þjónustuverkstæði fyrir sportbáta.
Gerum við allar tegundir utanborðsmótora.
Verkstæði, Skeiðarás 3
Sími 527 2600
www.ispartar.is

Skrúfur beint frá framleiðanda og flest annað fyrir bátinn. www.somiboats.is

## Hjólbarðar

**15" dekk og felgur ti**

4.st General Grabbber 15" nagladekk 31"x10,5 á Galloper felgum. 3.st Cooper 31"x10,5 ek. 3000 km. 1.st,pirelli 235x70x16". 4.st 16" felgur Pajero sport. 4.st 15" álfelgur 5 gata. 4.st 15" spoke felgur 5.gata. Uppl í s. 899 9252.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www. netpartar.is

**Musso varahlutir.**

Erum að rífa Musso,Terrano, Nubiru, Lanos,Galloper,Discovery,H1,Santa Fe,Nissan DC 97,Cherokee,Trooper,Ford 250,Clio00,MeganScenic98,Freelander, Impreza 97,Baleno 96. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Erum að byrja að rífa VW Caddy, octavia 4x4, bensín og disel ,05 og ,07. Patrol ,96, Honda CRV 00, terior 99, marga Benz bíla, pajero og disel 99. Partahúsið opið 8:30-18 virka daga og 10-14 laugardaga. S. 555 6666.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Partahúsið - S. 555 6666**

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Varahlutir í Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

## Til sölu

Gerðu verðsamanburð
IVECO
Varahlutir frá framleiðanda
KRAFTVÉLAR Umboðsaðili á Íslandi
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3500 / www.kraftvelar.is

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**HRAÐLAGNIR EHF Pípulagingarþjónusta**

Viðhald og breytingar eru okkar fag. S: 662-6277.

**Pípulagnir**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

# NOTAÐIR BÍLAR Á FRÁBÆRU VERÐI



**TOYOTA**
### COROLLA S/D SOL 1.6VVTi
Nýskráður 7/2006, ekinn 35 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**

**HONDA**
### JAZZ LS 1.4i
Nýskráður 11/2005, ekinn 62 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.290.000**



**TILBOÐ DAGSINS**
### PEUGEOT 206 XR STATION
Nýskráður 2004, ekinn 73 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.090.000**
**Tilboð dagsins kr. 599.000**



**HONDA**
### CR-V ELEGANCE
Nýskráður 9/2010, ekinn 0 þ.km, bensín, 6 gírar. **Sýningarbíll hjá umboði**
**Verð kr. 5.090.000**

**CADILLAC**
### ESCALADE 4 DR 4WD
Nýskráður 2001, ekinn 142 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.590.000**



**MITSUBISHI**
### OUTLANDER
Nýskráður 12/2005, ekinn 69 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.250.000**

**TOYOTA**
### AVENSIS EXE
Nýskráður 1/2004, ekinn 72 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.890.000**



**ACURA**
### MDX SH AWD
Nýskráður 7/2007, ekinn 22 þ.mílur, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 6.990.000**

**HYUNDAI**
### SANTA FE II CRDi
Nýskráður 8/2006, ekinn 78 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.450.000**



**PEUGEOT**
### 207 S16
Nýskráður 11/2007, ekinn 30 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.090.000**

**MAZDA**
### MX-5 (MIATA)
Nýskráður 9/2006, ekinn 17 þ.km, bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 2.650.000**

**MAZDA**
### CX-7 GRAND
Nýskráður 12/2007, ekinn 53 þ.km, bensín, sjálfskiptur
**Verð kr. 4.590.000**

**SKODA**
### FABIA II AMBIENTE 1.6i
Nýskráður 7/2008, ekinn 5 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.150.000**

**PEUGEOT**
### 308 COMFORT S 1.6i
Nýskráður 4/2008, ekinn 62 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.550.000**

**HYUNDAI**
### GETZ GLS 1.6i
Nýskráður 10/2007, ekinn 67 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.390.000**



**IVECO**
### DAILY 35S18 A V
Nýskráður 8/2007, ekinn 97 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.890.000**

**CITROEN**
### C4 SX COMFORT 2.0i
Nýskráður 10/2006, ekinn 55 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**

**CITROEN**
### C3 1400 SX
Nýskráður 4/2006, ekinn 35 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.390.000**

**PEUGEOT**
### 206 PERFORMANCE S
Nýskráður 11/2005, ekinn 47 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.350.000**

**HONDA**
### JAZZ LS 1.4i
Nýskráður 7/2007, ekinn 47 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.890.000**

**PEUGEOT**
### 407 XT 1.6HDi
Nýskráður 6/2007, ekinn 57 þ.km, dísel, 5 gírar.
**Verð kr. 2.550.000**



**HONDA**
### CIVIC TYPE R+
Nýskráður 11/2007, ekinn 44 þ.km, bensín, 6 gírar, 201 hestafl.
**Verð kr. 2.990.000**

**HONDA**
### ACCORD TOURER SPORT
Nýskráður 9/2007, ekinn 91 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.690.000**

**PEUGEOT**
### 207 RC TURBO
Nýskráður 2010, **nýr bíll**, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 3.990.000**

**MITSUBISHI**
### PAJERO 2800 DTI 33"
Nýskráður 7/1999, ekinn 213 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.250.000**

**OPEL**
### ASTRA ENJO 1.8I
Nýskráður 5/2007, ekinn 39 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.090.000**

**HONDA**
### ACCORD SPORT 2.0
Nýskráður 5/2007, ekinn 54 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.350.000**



**HONDA**
### CR-V PANORAMA
Nýskráður 3/2007, ekinn 87 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.690.000**

**SUBARU**
### LEGACY SPORT SEDAN
Nýskráður 9/2008, ekinn 4 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.190.000**

**VOLKSWAGEN**
### GOLF HIGHLINE
Nýskráður 9/2003, ekinn 111 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 990.000**

**PEUGEOT**
### 607 V6 2.7HDi
Nýskráður 5/2007, ekinn 139 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**

**PEUGEOT**
### 807 ST 2.0i
Nýskráður 6/2004, ekinn 74 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.690.000**

**HONDA**
### CIVIC ES 1.8
Nýskráður 8/2006, ekinn 60 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.190.000**



**VOLVO**
### S60 2.0 TURBO 20V
Nýskráður 1/2005, ekinn 71 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.350.000**

**TOYOTA**
### RAV-4
Nýskráður 5/2002, ekinn 119 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.390.000**

**TOYOTA**
### LAND CRUSIER 90 VX
Nýskráður 8/2002, ekinn 180 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.890.000**

**PEUGEOT**
### 307 XR
Nýskráður 6/2006, ekinn 61 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.690.000**

**HONDA**
### ACCORD EXECUTIVE 2.0
Nýskráður 6/2007, ekinn 48 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.790.000**

**FORD**
### FOCUS C-MAX TREND
Nýskráður 12/2005, ekinn 23 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**



**TOYOTA**
### LAND CRUISER 120 VX
Nýskráður 10/2007, ekinn 79 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 7.490.000**

**TOYOTA**
### COROLLA WAGON SOL 1.6
Nýskráður 3/2004, ekinn 59 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.390.000**

**SUZUKI**
### SWIFT SPORT 1.6i
Nýskráður 11/2007, ekinn 29 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.090.000**

**SUZUKI**
### GRAND VITARA XL7
Nýskráður 11/2003, ekinn 106 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.590.000**

**Opið laugardaga milli kl. 11:00 og 16:00**

## Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# BÍLA KAUP
## S:577.1111
bilakaup.com

**Bílakaup ein stærsta bílasala landsins**

**opnar um helgina á Korputorgi**
**• bilakaup.com •**

**Bílakaup fylgist með bílnum þínum**
**allan sólahringinn**

**með öryggismyndavélum frá**
**www.procam. is**

**2200 fermetra innisalur**

**Komdu og skráðu bílinn um helgina og**
**fáðu vsk-inn* af sölulaunum fram**
**að áramótum**

*Reiknast sem 20.32% af sölulaunum

# Áskorun

Við undirrituð félagar og stuðningsfólk Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs hvetjum forystu flokksins til að beita sér gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu og aðlögunarferli sem hefur slíka aðild að markmiði.

Á því rúma ári sem liðið er frá því naumur meirihluti Alþingis tók ákvörðun um aðildarumsókn hafa forsendur breyst í grundvallaratriðum. Umsóknin snýst ekki lengur um að kanna hvað í boði er af hálfu ESB, eins og áður var látið í veðri vaka, heldur er nú að hefjast flókið ferli aðlögunar að regluverki og stofnanakerfi ESB með milljarða fjáraustri frá Brussel. Slíkar greiðslur frá Evrópusambandinu gera að engu þær vonir að hér fari fram lýðræðisleg og hlutlæg umræða um kosti og galla aðildar.

Í öðru lagi hefur komið skýrt fram hjá stækkunarstjóra ESB að Evrópusambandið veitir ekki varanlegar undanþágur frá meginreglum Lissabonsáttmálans, m.a. þeirri reglu að Evrópusambandið tekur sér úrslitavald til yfirráða yfir sjávarauðlindum aðildarríkjanna. Nýleg viðbrögð Evrópusambandsins við veiðum íslenskra skipa á makríl í íslenskri lögsögu sýna áþreifanlega hvers er að vænta ef þjóðin afsalar sér samningsrétti um veiðar úr deilistofnum í hendur ESB.

Í þriðja lagi hafa allar skoðanakannanir seinasta árið sýnt andstöðu yfirgnæfandi meirihluta kjósenda við aðild Íslands að ESB. Áframhaldandi aðlögunarferli er því gróf ögrun við lýðræði í landinu.

Vinstrihreyfingin grænt framboð hefur margítrekað andstöðu sína við ESB-aðild, m.a. fyrir seinustu alþingiskosningar. Öll þessi atburðarás er í fullkominni andstöðu við stefnu VG og fyrirheit forystumanna flokksins. Við undirrituð gerum skýlausa kröfu um að trúnaðarmenn VG fylgi stefnu flokksins, bæði í orði og á borði.

*Andrés Rúnar Ingason nemi og formaður VG í Árborg*
*Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Hvanneyri*
*Anna Gunnlaugsdóttir myndlistakona, Reykjavík*
*Anna Margrét Birgisdóttir kennari og bókasafnsfræðingur, Breiðdalsvík*
*Anna Ólafsdóttir Björnsson tölvunarfræðingur, Álftanesi*
*Ari Matthíasson leikari og varaþingmaður, Reykjavík*
*Ágúst Valves Jóhannesson matreiðslunemi, Ólafsvík*
*Árni Bergmann rithöfundur, Reykjavík*
*Árni Björnsson cand mag, Reykjavík*
*Ásdís Bragadóttir talmeinafræðingur, Álftanesi*
*Ásmundur Þórarinsson skógarbóndi, Fljótsdalshéraði*
*Ásta Svavarsdóttir sveitarstjórnarkona, Þingeyjarsveit*
*Birgir Stefánsson kennari, Hafnarfirði*
*Bjarki Þór Grönfeldt nemi og ritari UVG í Borgarbyggð*
*Bjarni Harðarson bóksali og blaðafulltrúi, Selfossi*
*Bjarni Jónsson fiskifr. og forseti sveitarstjórnar, Sauðárkróki*
*Björgvin Gíslason gítarleikari, Reykjavík*
*Björn Vigfússon menntaskólakennari, Akureyri*
*Brynja B. Halldórsdóttir nemi og formaður Ísafoldar, Reykjavík*
*Drengur Óla Þorsteinsson laganemi, Reykjavík*
*Edda Óskarsdóttir fv. framhaldsskólakennari, Hafnarfirði*
*Einar Ólafsson rithöfundur og bókavörður, Kópavogi*
*Finnur T. Hjörleifsson fv. héraðsdómari, Borgarnesi*
*Friðrik Dagur Arnarson kennari, Reykjavík*
*Garðar Mýrdal eðlisfræðingur, Reykjavík*
*Gerður Gunnarsdóttir fiðluleikri, Berlín*
*Gísli Árnason rafvirkjameistari, formaður VG í Skagafirði*
*Guðbergur Egill Eyjólfsson bóndi, Eyjafirði*
*Guðbrandur Brynjúlfsson bóndi, Borgarbyggð*
*Guðjón Sveinsson rithöfundur, Breiðdalsvík*
*Guðmundur Brynjólfsson rithöfundur, Eyrarbakka, fv. félagsmaður í VG*
*Guðrún Guðmundsdóttir bóndi, Húnaþingi*
*Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur, Reykjavík*
*Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi, Selfossi*
*Gunnar Guttormsson vélfræðingur, Reykjavík*
*Gunnar Pálsson bóndi, Refsstað, Vopnafirði*
*Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttafræðingur, Reykjavík*
*Gyrðir Elíasson rithöfundur, Reykjavík*
*Hafsteinn Hjartarson verktaki, Kópavogi*
*Halldór G. Jónasson sjómaður, formaður VG Vopnafirði*
*Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir varaþingmaður og formaður VG í Borgarbyggð*
*Hannes Baldvinsson fv. síldarmatsmaður, Siglufirði*
*Haraldur Ólafsson veðurfræðingur, Reykjavík*
*Helgi F. Seljan fv alþingismaður, Reykjavík*
*Helgi Guðjón Samúelsson byggingarverkfræðingur, Reykjavík*
*Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari, Reykjavík*
*Hjalti Kristgeirsson fv. ritstjóri, Hafnarfirði*
*Hjálmdís Hafsteinsdóttir félagsliði, Reykjavík*
*Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur, Reykjavík*
*Hjörtur Gunnarsson kennari, Hafnarfirði*
*Hrafnkell Lárusson héraðsskjalavörður, Egilsstöðum*
*Ingibjörg Daníelsdóttir kennari og sveitarstjórnarmaður VG í Borgarbyggð*
*Ingibjörg Hjartardóttir rithöfundur, Svarfaðardal*
*Ingunn Snædal kennari, Fljótsdalshéraði*
*Ingvar Hallgrímsson mag scient, Reykjavík*
*Jóhanna Aradóttir umsjónarmaður, Álftanesi*
*Jónsteinn Haraldsson fv. bóksali, Reykjavík*
*Júlíana Garðarsdóttir, Reykjavík*
*Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar, Mosfellsbæ*
*Karólína Einarsdóttir kennari, Kópavogi*
*Kjartan Ágústsson bóndi og formaður kjördæmisráðs VG á Suðurlandi*
*Kjartan Benediktsson verkamaður, Akureyri*
*Kjartan Ólafsson, fv. ritstjóri, Reykjavík*
*Kolbeinn Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður, Akureyri*
*Loftur Guttormsson prófessor emeritus, Reykjavík*
*Magnús Stefánsson ritstjóri, Fáskrúðsfirði*
*Margrét Guðnadóttir veirufræðingur, Reykjavík*
*Margrét Gunnarsdóttir upplýsingafræðingur, Reykjavík*
*Margrét Jóhannsdóttir skrifstofumaður, Reykjavík*
*Málmfríður Sigurðardóttir fv. þingkona, Akureyri*
*Njáll Sigurðsson námstjóri, Kópavogi*
*Ólafía Jakobsdóttir framkvæmdastjóri, Kirkjubæjarklaustri*
*Ólafur Gunnarsson framkvæmdastjóri, Mosfellsbæ*
*Ólafur Þ. Jónsson skipasmiður, Akureyri*
*Páll Bergþórsson veðurfræðingur, Reykjavík*
*Rafn Gíslason húsasmiður, Þorlákshöfn, fv. VG félagi*
*Ragnar Arnalds rithöfundur og fv. ráðherra, Reykjavík*
*Ragnar Óskarsson framhaldsskólakennari, Vestmannaeyjum*
*Ragnar Ragnarsson verkamaður, Kópavogi*
*Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur, Laugasteini, Svarfaðardal*
*Ragnheiður Jónasdóttir kennari, Hellu*
*Reynir Jónasson organisti, Reykjavík*
*Rúnar Sveinbjörnsson rafvirki, Reykjavík*
*Sigurður Flosason bifreiðastjóri, Kópavogi*
*Sigurlaug B. Gröndal skrifstofumaður, formaður VG í Ölfusi*
*Sigursveinn Magnússon skólastjóri, Reykjavík*
*Snjólaug Guðmundsdóttir textíllistakona, Borgarbyggð*
*Sólveig Anna Jónsdóttir leikskólaliði, Reykjavík*
*Sólveig Hauksdóttir hjúkrunarfræðingur, Reykjavík*
*Steinarr Bjarni Guðmundsson verkamaður, Höfn í Hornafirði*
*Svanur Jóhannesson bókbindari, Hveragerði*
*Sveinn Ragnarsson sveitarstjórnarmaður, Reykhólasveit*
*Sædís Ósk Harðardóttir kennari, Eyrarbakka, fv. formaður VG í Árborg*
*Telma Magnúsdóttir bankastarfsmaður og varaþingmaður VG, Húnaþingi*
*Trausti Aðalsteinsson sveitarstjórnarmaður, Húsavík*
*Tryggvi Guðmundsson skrifstofustjóri, Dalvík*
*Unnsteinn Kristinn Hermannsson bóndi, Dölum*
*Valgeir Sigurðsson fyrrv. blaðamaður, Kópavogi*
*Þorleifur Gunnlaugsson varaborgarfulltrúi VG, Reykjavík*
*Þorsteinn Bergsson bóndi, Fljótsdalshéraði*
*Þorsteinn Ólafsson dýralæknir, Selfossi*
*Þorvaldur Örn Árnason líffræðingur, Vogum*
*Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir nemi og formaður UVG í Borgarbyggð*
*Þórarinn Magnússon bóndi, Frostastöðum, Akrahreppi, Skagafirði*
*Þórður Guðmundsson bóndi, Brautartungu, Stokkseyrarhreppi*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



48 **EINAR ÖRN BENEDIKTSSON** borgarfulltrúi er 48 ára.

*„Ég myndi vilja sjá aukningu til menningar í Reykjavík frekar en hitt.“*

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Þorleifur Hallbertsson**

áður Suðureyri Súgandafirði, Lautarsmára 5 Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 27. október. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Kristjánsdóttir**
**Kristján Þorleifsson** **Kristín Kristjánsdóttir**
**Ingunn M. Þorleifsdóttir** **Leó Pálsson**
**Sigurbjörg Þorleifsdóttir** **Sölvi Bragason**
**Sigþór Þorleifsson** **Aðalheiður Gylfadóttir**
**Hrafnhildur Þorleifsdóttir** **Davíð Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Stefanía Björnsdóttir**

Lækjasmára 2, Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 25. október síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Aðalsteinn Guðlaugsson**
**Sigurveig Helga Hafsteinsdóttir** **Bjarni Ragnarsson**
**Eiríksína Kr. Hafsteinsdóttir** **Óskar Sverrisson**
**Guðný Hafsteinsdóttir** **Jóhann Sveinsson**
**Sigurður Hafsteinsson** **Svava Aldís Viggósdóttir**
**Júlíus Geir Hafsteinsson** **Margrét Guðmundsdóttir**
**Þröstur Hafsteinsson** **Hrafnhildur Karlsdóttir**
**Sólveig Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreinn Halldórsson**

fyrrv. kaupmaður Garðavegi 17, Hvammstanga,

lést á Sjúkrahúsinu á Hvammstanga, fimmtudaginn 21. október sl. Jarðarförin fer fram frá Hvammstangakirkju mánudaginn 1. nóv. kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga eða önnur líknarfélög í héraði.

**Guðrún Jóhannsdóttir**
**Halldór Hreinsson** **Arndís Frederiksen**
**Guðbjörg Hreinsdóttir** **Juan Guerrero**
**Hildur Sif Hreinsdóttir** **Svavar Björgvinsson**
**Jóhann Örn Ingimundarson** **Agla S. Björnsdóttir**
**Svava Eyrún Ingimundardóttir** **Jónas M. Pétursson**
**Jón Ingi Ingimundarson** **Soffía H. Weisshappel**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

**ÞETTA GERÐIST: 29. OKTÓBER 1922**

## *Rekstur elliheimilis á Grund hefst*

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund er elsta starfandi heimili fyrir aldraða hér á landi en þennan dag fyrir 88 árum hófst rekstur elliheimilis á Grund við Kaplaskjólsveg.

Fimm stórnarmenn líknarfélagsins Samverjans keyptu steinhúsið Grund, vestan við Sauðagerðistún við Kaplaskjólsveg árið 1922 og hófst þar rekstur dvalarheimilis strax sama ár. Alls voru heimilismenn 21. Sumarið 1927 úthlutaði bæjarstjórn Reykjavíkur heimilinu lóð milli Hringbrautar og Brávallagötu. Nýtt hús var vígt 28. september 1930 og fékk nafnið Grund, eins og gamla húsið. Fjöldi heimilismanna á þeim tíma var 56.

Haraldur Sigurðsson var fyrsti forstjóri Grundar. Árið 1934 var Gísli Sigurbjörnsson ráðinn forstjóri heimilisins. Dóttir hans Guðrún Birna Gísladóttir tók við sem forstjóri Grundar árið 1994 og gegnir hún því starfi enn í dag. Árið 1934 voru heimilismenn orðnir 115. Heimilismenn Grundar í dag eru um 220. Rúmlega 300 manns eru starfandi á Grund og eru starfsmenn frá 19 þjóðlöndum. *Heimild: www.grund.is*



**SAGA STURLUNGA:** ENDURÚTGEFIN Í ÞREMUR BINDUM

# Sturlunga á fullt erindi í dag

Þriggja binda útgáfa Sturlungu er nú komin út hjá Forlaginu í nýjum búningi. Útgáfan kom fyrst út hjá bókaforlaginu Svörtu á hvítu fyrir ríflega tveimur áratugum, en hefur verið ófáanleg um árabil.

„Sturlungasaga er undirstöðurit í íslenskri sögu og menningu og við erum afar ánægð með að Forlagið gefi hana út að nýju, aðgengilega lestrarútgáfu með nútímastafsetningu,“ segir Örnólfur Thorsson, ritstjóri útgáfunnar. Auk hans unnu Bergljót S. Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfsdóttir, Jón Torfason og Sverrir Tómasson að útgáfunni fyrir tuttugu og tveimur árum og segir Örnólfur verkgleði hafi einkennt samstarf hópsins.

„Við vorum ekki háaldrað fólk á þessum tíma og vorum sjálf að átta okkur á Sturlungu meðan við unnum verkið. Það setur svip á útgáfuna og vonandi lifir uppgötvunargleðin enn og skilar sér til nýrra lesenda. Til þess að varpa frekara ljósi á þessa heillandi og skemmtilegu sagnaveröld settum við saman nokkuð þykkt skýringabindi þar sem er m.a. að finna ítarlegan inngang um verkið, fjölmörg landakort og skýringarmyndir, orðabók, töflur og margvíslegar skrár, enda veitir ekki af, í verkinu eru nefndir vel á fjórða þúsund einstaklingar. Þá létum við líka fylgja fáeina sagnfræðitexta frá miðöldum sem geta aukið skilning og breikkað. Við lögðum afar mikla áherslu á að opna fólki sem ekki væri handgengið Sturlungu greiðar götur um þessa veröld en auðvitað er hægt að lesa Sturlungu skýringalaust, jafnvel eins og spennusögu um samfélag í upplausn.“





**UNDIRSTÖÐURIT ÍSLENSKRAR SÖGU** Örnólfur Thorsson ritstýrir endurútgáfu Sturlungasögu hjá Forlaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Örnólfur segir að útgáfan sem nú er endurprentuð hafi staðist ágætlega tímans tönn og litlar breytingar hafi verið gerðar við þessa prentun. Hann segir verkið eiga ríkt erindi við lesendur í dag og ein ástæða þess að ráðist var í endurútgáfu sé vaxandi áhugi almennings á Sturlungu. Hann sjáist til dæmis á fjölsóttum námskeiðum um Sturlungu og eins hafi íslenskir rithöfundar sótt innblástur og persónur til hennar og skapað vinsæl og áhrifamikil verk.

„Sturlunga er fléttuverk fjórtán mislangra og misgamalla verka sem eru felld í eina heild nærri aldamótunum 1300, líklega af Þórði Narfasyni, lögmanni á Skarði. Í þessari samsteypu er sögð samfelld Íslandssaga frá því um 1117 fram til loka þjóðveldisins 1262, og raunar til 1284 ef miðað er við dánarár Sturlu Þórðarsonar höfundar Íslendingasögu sem er lengsta sagan í samsteypunni og frábært verk í alla staði. Það er kannski tímabært að Sturlunga komi út nú, á ólgutímum í íslensku samfélagi, áminning um það hvernig sundurlyndi og deilur höfðingja, upplausn í fjölskyldum og siðrof, grimmd gagnvart smælingjum og miskunnarleysi, græðgi og skammsýni áttu sinn þátt í því að þjóðveldið hrundi, samfélagsgerð sem dugað hafði þjóðinni í meira en þrjár aldir.“

**heida@frettabladid.is**

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Einar Sigurðsson**

fyrrverandi prentmyndasmiður,

lést þriðjudaginn 26.10.2010. Útförin verður auglýst síðar.

**Sandra Róbertsdóttir**
**Arnfinnur Róbert Einarsson** **Helga Júlíusdóttir**
**Sigrún Stella Einarsdóttir** **Örn Didier Jarosz**
**Helena Hörn Einarsdóttir** **Ásgeir Þór Tómasson**
**afa- og langafabörn.**

†



*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug, við andlát og útför elskulegs bróður, mágs og frænda,*

**Sigurðar Reynis Björgvinssonar**

Lyngholti 12, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

**Halldóra Björgvinsdóttir** **Viðar Pétursson**
**Þóranna Björgvinsdóttir**
**Brynja Björgvinsdóttir**
**Friðbjörg Sveinbjörnsdóttir**
**og frændsystkini.**

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## LJÓSAKRÓNUR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK



**4995**
HANGANDI LJÓS



**9995**
5 LJÓSA
**7990**
3 LJÓSA



**19.995**
5 LJÓSA
**12.995**
3 LJÓSA



**7495**
5 LJÓSA
**5995**
3 LJÓSA



**7495**
5 LJÓSA
**4995**
3 LJÓSA



**5995**
3 LJÓSA



**18.495**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**19.995**
LJÓSAKRÓNA, 9 ARMA



**9995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA



**12.495**
LJÓSAKRÓNA, 6 ARMA, GYLLT OG STÁL



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, STÁL



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**5995**
LJÓSAKRÓNA, 3 ARMA, RUST



**11.995**
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST



**14.995**
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,*

**Guðjón Pétursson**
Tindaflöt 8, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 16. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Björgvin Guðjónsson og fjölskylda.**



*Elskuleg föðursystir okkar,*

**Hallbera Guðnadóttir**
Miklubraut 42,

lést miðvikudaginn 27. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 5. nóvember kl. 15.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hallbera Eiríksdóttir**
**Guðni Eiríksson**
**Tryggvi Karl Eiríksson.**



*Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar*

**Jón Anton Ström**

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 27. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðbjörg Guðmundsdóttir og börn hins látna.**



*Útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, systur, mágkonu, ömmu og langömmu,*

**Jóhönnu Dagmarar Magnúsdóttur**
Víkurbraut 32D, Höfn,

fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 1. nóvember kl. 15. Minningarathöfn um hina látnu verður í Hafnarkirkju föstudaginn 29. október kl. 14.

**Magnús Richardson Lane**
**Stephen Gunnar Lane**
**Helga Fríða Tómasdóttir**
**Sigríður Hafdís Benediktsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigríður Kristín Sigtryggsdóttir**
Brekatúni 3 Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 1. nóvember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri.

**Guðmundur Stefán Svanlaugsson**
**Birgir Haraldsson** **Inga Benetyté**
**Guðmundur Guðmundsson** **Sæunn Valdís Kristinsdóttir**
**Anna Freyja Guðmundsdóttir**

**Sigríður Kristín Benetyté, María Elvira Benetyté, Ragnar Ólafur og Kapítóla Kristín.**

# Málþing um örnefnasöfnun

Hundrað ár eru í dag liðin síðan örnefnasöfnun hófst hér á landi. Af því tilefni verður málþing í Þjóðminjasafni Íslands, fundarsal, þann 30. október frá klukkan 10-16. Fjöldi fyrirlesara flytur erindi og að fyrirlestrum loknum verða almennar umræður.

Elstu skrár í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru úr fórum Brynjúlfs Jónssonar (1838-1914) fræðimanns frá Minna-Núpi, ýmist ritaðar af honum sjálfum eða af heimamönnum á bæjum. Ekki eru nærri öll þau plögg dagsett og því ekki vitað um aldur þeirra nákvæmlega. En afmælisdagurinn er miðaður við það þegar Brynjúlfur Bjarnason, bóndasonur í Framnesi á Skeiðum, skrifaði upp örnefni á heimajörð sinni 29. október 1910 fyrir nafna sinn. Er það elsta dagsetta skjal í safninu.

Á ársfundi Hins íslenska fornleifafélags 1918 var borin upp og samþykkt tillaga um að æskilegt og nauðsynlegt væri „að félagið gengist fyrir því að safna örnefnum um allt land og skrásetja þau“.

Árið 1969 urðu þáttaskil því það ár stofnaði menntamálaráðuneytið nýja deild í Þjóðminjasafni, Örnefnastofnun. Hún starfaði fram til 1998 þegar Örnefnastofnun Íslands var sett á fót. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók síðan til starfa 2006 er sameinaðar voru fimm stofnanir á vettvangi íslenskra fræða, þar á meðal Örnefnastofnun Íslands. Á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar er örnefnasafnið nú geymt og þar er almenningi veittur aðgangur að safninu, fyrirspurnum svarað og rannsóknum sinnt.

Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis. **- fsb**



**MÁLÞING** Pétur Gunnarsson rithöfundur er meðal fyrirlesara á málþinginu í Þjóðminjasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

# Bóklist í Ketilhúsi

Brynja Baldursdóttir, myndlistarmaður og hönnuður, verður með fyrirlestur um bóklist í Ketilhúsinu í Listagili á Akureyri í dag klukkan 14.50.

„Bóklistaverk bræða saman bók og myndlist. Þeim er engin takmörk sett nema kannski hugkvæmni listamannsins,“ segir Brynja og heldur áfram: „Þetta listform býður upp á allt aðra möguleika en til dæmis mynd á vegg. Eigindir tímans og rúmsins verða mun sterkari og nálægari, þátttaka viðtakandans er meiri því það felur í sér snertingu.“

Fyrirlesturinn er haldinn af listnámsbraut VMA í samvinnu við Listasafnið á Akureyri og er öllum opinn og ókeypis. **- fsb**



**BÓKLIST** „Bóklistaverk bræða saman bók og myndlist,“ segir Brynja Baldursdóttir. Bóklistaverkið er eftir Unni Guðrúnu Óttarsdóttur.



**SPUNI** Ragnar ræðir meðal annars hvernig spuni var notaður við gerð þáttanna.

# Vaktirnar verða til

Ragnar Bragason kvikmyndagerðarmaður ræðir í dag um tilurð sjónvarpsþáttanna Næturvaktin, Dagvaktin og Fangavaktin í Háskólabíói klukkan 12.

Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröðinni Hvernig verður bók til? sem námsbraut í ritlist við Háskóla Íslans og bókmennta- og listfræðistofnun Háskólans efna til í vetur.

Í fyrirlestrinum, sem hefst klukkan 12, talar Ragnar um vinnuna að þáttunum, einkum það hvernig spuni var notaður við sköpun leiktexta og hvernig leikarinn varð að meðhöfundi. **- jma**

# Börn og psoriasis

Alheimsdagur psoriasis er haldinn í dag. Alheimsdagurinn var fyrst haldinn árið 2004 og hefur verið haldinn árlega síðan.

Í ár er megináherslan á börn og psoriasis, og í tilefni af því mun Jenna Huld Eysteinsdóttir húðlæknir halda erindi þess efnis í Bláa lóninu - Lækningalind klukkan 15 í dag.

Opið hús verður í Lækningalindinni frá klukkan 10 til 16 í dag og 9 til 15 á morgun. Börn með psoriasis og fjölskyldur þeirra eru sérstaklega boðin velkomin, en léttar veitingar verða í boði auk ókeypis aðgangs í lón Lækningalindar.

Í dag þjást 125 milljónir manna af psoriasis. Sjúkdómurinn er ekki smitandi og tilgangur alheimsdagsins ekki hvað síst að fræða fólk og vinna gegn fordómum gagnvart þeim sem þjást af psoriasis. **- þlg**



**EINKENNI** Hér má sjá hvernig psoriasis-húðsjúkdómurinn kemur fram.



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Þorvaldsdóttir**
frá Fáskrúðsfirði,

sem andaðist á dvalarheimilinu Sólvöllum á Eyrarbakka að morgni 23. október, verður jarðsungin frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 30. október kl. 14.00.

**Bjarni Jóhannsson**
**Sigurborg Garðarsdóttir** **Ásgeir Ingi Eyjólfsson**
**Sigríður Garðarsdóttir** **Tyrfingur Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar dóttur okkar, systur, mágkonu og frænku*

**Margrétar Hauksdóttur**
Barónsstíg 63.

Sérstakar þakkir til Jakobs Jóhannssonar læknis. Einnig til starfsfólks á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir frábæra umönnun, ljúft viðmót og hlýju.

**Málfríður Steinsdóttir**
**Haukur Bergsteinsson** **Ragna Guðvarðardóttir**
**Agnes Hauksdóttir** **Þórir Borg**
**Bryndís Steinunn**
**Sara, Haukur og Jóhannes.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og tengdasonur*

**Guðlaugur Kristinn Karlsson**
múrari, Ofanleiti 19, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi fimmtudaginn 21. október, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju mánudaginn 1. nóvember kl. 13.

**Elísabet Sigvaldadóttir**
**Bryndís Guðlaugsdóttir** **Andri Ægisson**
**Sigurdís Guðlaugsdóttir Camas** **Umit Camas**
**Sigurdís Halldóra Erlendsdóttir**
**Ingibjörg Halldórsdóttir**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Lilju Eyglóar Karlsdóttur**
Lækjasmára 2, Kópavogi.

**Ragna Gísladóttir** **Bryngeir Vattnes**
**Karl Gunnar Gíslason** **María Einarsdóttir**
**Ólafur Gunnar Gíslason** **Sigurbjörg Þorleifsdóttir**
**Jón Gunnar Gíslason** **Margrét Árnadóttir**
**Gísli Gíslason** **Anna Björg Haukdal**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**




KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
4FYRIR3
759 KR.4x2 ltr
4 FLÖSKUR 2 LTR. PEPSI & PESI MAX
698 KR.4x2 ltr
59 KR.33cl
159 KR. 500g
MH SMJÖRLÍKI 500G
495 KR. 500g
GEVALÍA KAFFI 500g
ALGJÖRT SÆLGÆTI
598 KR.600g
NÝ UPPSKERA FERSKAR DÖÐLUR
298 KR. 250ml
FROOSH KOMIÐ AFTUR 250 ml
259 KR. 420g
MYLLU MÖNDLUKAKA 420g
259 KR. 300g
GÓÐ KAUP: SUÐUSÚKKULAÐI 300g
MACKINTOSH QUALITY STREET
2 KG DÓS
2998 KR. 2 kg
ALLIR BEST U MOLARNIR Í EINUM KASSA !
NÓA KONFEKT 650g
1498 KR.650g
1498 KR.650g
698 kr. 12 stk
NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR
Blómvöndur: íslensk afskorin blóm
Verð áður: 998 kr.
698 KR.stk
259 KR. 500g
MYLLU SPELTBRAUÐ 500G
159 KR.200g
EUROSHOPPER SNAKK 200g
SOUR CREAM AND ONION
ALGJÖRT SÆLGÆTI
298 KR. 500g
AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR 500G
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B




www.islandsnaut.is/
Fimmtán bestu uppskriftirnar úr hamborgara-samkeppi Íslandsnauts

1398 KR. pk
ÍSLANDSNAUT 100% UNGNAUTAHAMBORGARAR 10 X 100G




279 KR. 250g
BÓNUS FETI 250g




1298 KR.kg
BÓNUS KRYDDAÐ LAMBALÆRI




1298 KR.kg
K.S FERSKT LAMBLÆRI




## Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.




478 KR.kg
K.F REYKTUR GRÍSABÓGUR
598 KR.KG **20%.AFSLÁTTUR**




898 KR.kg
ÍSLANDSGRÍS BAJONNESKINKA ÚR LÆRI




Samlokuostur í sneiðum frá Osta og smjörsölunni
**Nú með *25%* afslætti**
**1157 kr./kg.**
Merkt verð 1542 kr./kg.



629 KR.kg
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



1798 KR.kg
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




398 KR.kg
BÓNUS KOFAREYKT SVEITABJÚGU




159 KR. 2 stk
BÓNUS KINDABJÚGU 2 STK 350g




898 KR.kg
NAUTAVEISLA: FERSKT NAUTAHAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** endir, **6.** kraðak, **8.** sæ, **9.** gilding, **11.** mjöður, **12.** kambur, **14.** dans, **16.** skóli, **17.** beiskur, **18.** í viðbót, **20.** tveir eins, **21.** snudda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bumba, **3.** þys, **4.** verslun, **5.** tæki, **7.** vanhelgun, **10.** traust, **13.** smáskilaboð, **15.** ögn, **16.** framkoma, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lykt, **6.** ös, **8.** sjó, **9.** mat, **11.** öl, **12.** burst, **14.** rúmba, **16.** fg, **17.** súr, **18.** auk, **20.** ðð, **21.** snuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** vömb, **3.** ys, **4.** kjötbúð, **5.** tól, **7.** saurgun, **10.** trú, **13.** sms, **15.** arða, **16.** fas, **19.** ku.





STÝRT AÐ HANDAN
-MEGAS, RÚNAR ÞÓR OG GYLFI ÆGIS UM SAMSTARFIÐ OG SUKKIÐ



Meðal annars efnis:

STRÍÐIN Í ÍRAK OG AFGANISTAN MUNU KOSTA 360 ÞÚSUND MILLJARÐA
-TÍFALT MINNA KOSTAR AÐ LYFTA MILLJARÐI MANNA ÚR ÖRBIRGÐ.

OFBELDI VIÐGEKKST Á JAÐRI
-FYRRUM VISTMAÐURINN JENS JENSSON ER ÓSÁTTUR VIÐ SKÝRSLU VISTHEIMILANEFNDAR.

ÍSINN BROTINN
-RAGNAR AXELSSON, RAX, RÆÐIR NÝÚTKOMNA BÓK SÍNA OG SÝNINGU MEÐ MYNDUM FRÁ NORÐURHJARA VERALDAR Í MENNINGARBLAÐI FRÉTTABLAÐSINS.




Ekki missa af Fréttablaðinu um helgina


# Bara grín

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**

Nú er mér létt. Fram til þessa hef ég verið alveg sannfærð um að einum áberandi manni í þjóðfélaginu væri alveg sérstaklega illa við mig. Hann hefur nefnilega skrifað á netið eða látið hafa eftir sér í fjölmiðlum alls konar orð og ég ber virðingu fyrir því sem fólk segir og skrifar opinberlega og reikna með að viðkomandi meini það.



**HANN** hefur til dæmis skrifað á heimasíðu sína: „Rauðhærðir eru ógeðslegir …“, „það vill engin sjá rauðhærða“ og „rauðhærðir eru ekki fólk“. Hann hefur líka skrifað um fólk í yfirþyngd (sem hann kallar offitusjúklinga eða bara fitubollur) og finnst að eigi að útrýma því, væntanlega með því að koma „fituprósentu allra Íslendinga undir 10%“. Undanfarið hefur verið vitnað í það sem hann hefur skrifað á bloggsíðu sína um konur og þá helst femínista og mig langar ekkert að endurtaka það hér.

**ÞEGAR** allt þetta er lagt saman þá hlýt ég, rauðhærð kona og femínisti í ofþyngd, að óttast þennan mann ef hann yrði á vegi mínum, hvað þá ef hann fengi heila símaskrá til að gera lítið úr mér og öðrum. Sérstaklega af því hann er vitfirrt vöðvatröll sem er örugglega á sterum … nei, bara grín. Ég er auðvitað að grínast, það sér hver maður, ég myndi aldrei skrifa svona um neinn. Spyrjiði bara pabba. Og ég er rosalega fegin að vita það núna að þessi tiltekni maður var bara að grínast. Þessi leiðindagaur er víst bara aukasjálf góðs og göfugs einkaþjálfara sem þykir vænt um fólk og vill því allt hið besta. Það segir mamma hans að minnsta kosti. Og ég trúi henni og var létt.

**ÞANGAÐ** til ég sá þetta bréf sem aukasjálfið skrifaði undir fyrir tæpu ári á „Spörkum í rauðhærða daginn“. „Einelti er örvæntingarfullt neyðaróp þess sem það stundar, enda er það að leggja aðra í einelti alltaf einkenni lágs sjálfsmats. Hver kannast ekki við staðaltýpuna feita meinhornið? Eða aðra álíka ókræsilega fýra sem sjá þá leið eina til að upphefja sjálfa sig að gera lítið úr öðrum? Það læknar ekki lágt sjálfsmat.“

**OG** nú er ég alveg rugluð aftur. Mér finnst þessi færsla alveg frábær. En er þetta ekki líka bara grín? Hvernig á ég að vita hvenær þessi maður er að grínast og hvenær ekki? Ég get ekki alltaf hringt í mömmu hans …

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 4. nóvember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð




# Fortíðarflakk og eilífðarstemning

Tónlist ★★★★

**Allt nema Bach**

Halla Steinunn Stefánsdóttir fiðluleikari spilaði verk eftir Noordt, Baltzar, Biber, Vilsmayr, Telemann og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur

Girni, grúsk og gloríur er heitið á frábærum tónlistarþáttum á Rás 1. Þeir fjalla um tónlist og „upprunaflutning“, þ.e. nútímaflutning gamalla tónverka eins og þau voru spiluð þegar þau litu fyrst dagsins ljós.

Sjálfsagt væri auðvelt að búa til drepleiðinlega þætti um slíkt efni. En Halla Steinunn Stefánsdóttir, umsjónarmaður þáttanna, fær hlustandann til að sjá tónlistina í nýju ljósi. Hún fjallar af ástríðu um gömul stílbrögð og hálf-úreltar fiðlustillingar. Svo kryddar hún mál sitt með safaríkum sögum um einkalíf og meinleg örlög. Hún segir svo skemmtilega frá að það er eins og að vera kominn aftur í tímann. Tónskáldin birtast manni ljóslifandi. Þau eru svo áþreifanleg að tónlistin í útvarpinu hljómar eins og hún hafi verið tekin upp með nútímagræjum úr tímavél.

Þessi gamla, en síunga tónlist fékk að hljóma á tónleikum í Þjóðmenningarhúsinu á þriðjudagskvöldið. Halla Steinunn steig þar fram með fiðlu í hönd. Á efnisskránni voru einleikstónsmíðar eftir nokkra samtíðarmenn Bachs: Telemann, Vilsmayr, Baltzar og fleiri.



**HALLA STEINUNN** Frásögn Höllu var lífleg og tónlistin kallaði fram bjartar myndir af horfnum tíma, að mati gagnrýnanda.

Á meðal verkanna var ein af perlum tónbókmenntanna, Passacaglian eftir Biber. Þar heyrist sama hendingin leikin aftur og aftur. Ofan á hana prjónast allskonar tónamynstur, hrynjandi og hljómar sem taka stöðugum breytingum. Síendurtekna stefið táknar verndarengilinn sem í ýmsum trúarbrögðum fylgir hverri manneskju, sama á hverju bjátar. Tónlistin er þannig eins konar trúarleg táknmynd fyrir lífið á jörðinni, og verndarengillinn sem er á bak við allt. Það er unaðslega vel útfært í tónlistinni.

Á tónleikunum sagði Halla Steinunn frá þessu verki og hinum líka. Rétt eins og í útvarpinu var frásögn hennar lífleg og spennandi. Og tónlistin kallaði fram bjartar myndir af horfnum tíma. Fiðluleikurinn sem slíkur var ekkert endilega betri en einhver annar, en það var ekki málið. Það var frásögnin og stemningin sem var aðalatriðið.

Ný tónsmíð eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur var síðust á efnisskránni. Flutningurinn var að hluta til stafrænn og hljómaði úr hátölurum, en fiðluleikarinn spilaði með. Þetta var látlaus tónlist, byggðist aðallega á kyrrstöðuhljómum, tærum en samt litríkum. Útkoman var óræð, óáþreifanleg og skemmtilega tímalaus. Eftir fortíðarflakkið á undan fékk maður smá snert af eilífðinni í lokin. Það var óneitanlega viðeigandi.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Skemmtilegir tónleikar fiðluleikarans Höllu Steinunnar Stefánsdóttur voru eins og ferðalag aftur í tímann.

# Norræn listahátíð í Reykjavík

Norræna listahátíðin Ting hófst í gær og stendur til 7. nóvember. Hátíðin er haldin í tilefni af þingi Norðurlandaráðs, sem verður haldið hér á landi frá 1. til 3. nóvember en í lok þess verða veitt verðlaun Norðurlandaráðs í bókmenntum, tónlist og kvikmyndum.

Finnski rithöfundurinn Sofi Oksanen hlýtur bókmenntaverðlaunin í ár fyrir skáldsöguna Hreinsun, sem komin er út í íslenskri þýðingu; norska tónskáldið Lasse Thoresen fær verðlaunin fyrir tónverkið Opus 42, og Thomas Vinterberg hlýtur kvikmyndaverðlaun ráðsins fyrir kvikmyndina Submarino.

Á höfundakvöldi í Norræna húsinu á mánudag ræðir Silja Aðalsteinsdóttir við Oksanen og leikarar Þjóðleikhússins leiklesa valinn kafla úr Hreinsun. Bókin var upphaflega samin sem leikrit og hefur Þjóðleikhúsið tryggt sér sýningarréttinn á því. Á þriðjudagskvöld verður verðlaunatónverkið Opus 42 eftir Lasse Thoresen flutt í Kristskirkju í Landakoti en kvikmyndin Submarino eftir Vinterberg verður sýnd í Bíó Paradís til 14. nóvember.

Auk verðlaunaafhendinganna koma listamenn frá öllum Norðurlöndunum fram í fjölbreyttri dagskrá í tengslum við hátíðina, sem Norræna húsið í Reykjavík skipuleggur. Margar helstu menningarstofnanir landsins taka þátt í henni, til dæmis Þjóðleikhúsið, Listasafn Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið. Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á norraenahusid.is/ting.



**SOFI OKSANEN**










Carlsberg & Bylgjan kynna
einstakan viðburð:
Poppkóngar Íslands blása til leiks
Ógleymanleg kvöldstund!
Í EIGIN PERSÓNU
SÁLIN HANS JÓNS MÍNS
ÁSAMT STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
OG FLEIRI AÐSTOÐARMÖNNUM
LAUGARDALSHÖLL 13. NÓVEMBER 2010
LÖG AF GLÆNÝRRI PLÖTU
Í BLAND VIÐ ÞEKKT SÁLARLÖG FRÁ ÝMSUM TÍMUM
AÐEINS ÞESSIR EINU TÓNLEIKAR • MIDI.IS • TÓNLEIKAR HEFJAST KL. 21
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
Carlsberg

> ÓFRÍSK SÖNGKONA

Söngkonan fertuga, **Mariah Carey**, á von á sínu fyrsta barni og er það væntanlegt í heiminn í vor. Í tvö ár hefur orðrómur verið uppi um að hún eigi von á barni, eða síðan hún gekk að eiga hinn brítuga Nick Cannon.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hreifst af Björk og Radiohead

Björk og Radiohead voru áhrifavaldar kanadísku hljómsveitarinnar Arcade Fire þegar hún var að stíga sín fyrstu skref.

„Það sem vakti áhuga minn á tónlist var Björk og Radiohead og allt það skrítna við hljómsveitir sem voru vinsælar og voru spilaðar á MTV-stöðinni. Sjóndeildarhringur Radiohead var alls ekki þröngur. Hljómsveitin virtist vera að syngja um heiminn eins og hann leggur sig,“ sagði Win Butler, forsprakki Arcade Fire, í viðtali við tónlistarsíðuna Pitchfork. Arcade Fire er ein vinsælasta hljómsveit heims í dag og gaf fyrr á árinu út sína þriðju plötu, The Suburbs.

Butler vann í plötubúð þegar hann var yngri en heillaðist lítið af tónlistinni sem var spiluð þar. „Þegar ég bjó í Boston vann ég í búð þar sem háskólaútvarpsstöðin var mikið gangi. Ég þurfti að hlusta á hana allan daginn en hafði lítinn áhuga á því sem þar var spilað. En ég man eftir því sem hafði virkileg áhrif á mig, hljómsveitir eins og Magnetic Fields, Neutral Milk Hotel og Conor Oberst þegar hann var að byrja.“



**BJÖRK** Björk hafði mikil áhrif á Win Butler.



**WIN BUTLER** Forsprakki Arcade Fire hreifst af Björk og Radiohead þegar hann var yngri. NORDICPHOTOS/GETTY






# GUÐRÚN Á TÍMAMÓTUM

**Guðrún Ögmundsdóttir hafði tvöfalda ástæðu til að fagna í Iðnó síðasta föstudagskvöld. Þar komu vinir og ættingjar hennar saman bæði til að fagna sextugsafmæli hennar og útgáfu ævisögu hennar.**



Guðrún og ævisagnaritarinn Halla Gunnarsdóttir skáluðu í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri og Heimir Már Pétursson fréttamaður tóku tal saman.



Ragnheiður Vigfúsdóttir, Hafliði Helgason og Þórunn Sveinbjarnardóttir.



Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra skálaði fyrir afmælisbarninu.



Jóhannes Gunnarsson neytendafrömuður og Kristín Ástgeirsdóttir, fyrrverandi þingkona.



Anna Ringsted, Brynhildur Þorgeirsdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir, veitingakona á Boston.



Sveinn Kjartansson kokkur, Sigrún Guðmundsdóttir og Einar Örn Benediktsson borgarfulltrúi.






# 264 blaðsíður með Hjálmum

Í dag kemur út 264 síðna bók með safni ljósmynda frá ferli hljómsveitarinnar Hjálma. Myndirnar eru allar eftir ljósmyndarann Guðmund Frey Vigfússon, eða Gúnda.

Með ljósmyndabókinni fylgir plata með lögum sem áður hafa farið í spilun en ekki ratað inn á fyrri plötur Hjálma. Einnig eru þar fjögur lög sem ekki hafa heyrst áður. Á meðal laga á plötunni má nefna nýja útgáfu af laginu Þitt auga sem hefur notið vinsælda undanfarið í flutningi Sigurðar Guðmundssonar og Memfismafíunnar.

Nafn þessarar viðhafnarútgáfu, Keflavík Kingston, vísar til þess að ljósmyndabókin inniheldur myndir Gúnda allt frá upphafi sveitarinnar, sem hóf ferilinn í Geimsteini í Keflavík árið 2004, til ferðar hennar til Jamaíku árið 2009 þar sem fjórða plata sveitarinnar var tekin upp.

Til að fagna útgáfunni efna Hjálmar til tónleika í Háskólabíói á laugardaginn ásamt Þóri Baldurssyni og Matthíasi Hemstock. Þetta verða sitjandi tónleikar, aðgengilegir öllum aldurshópum, og hefjast kl. 20. Miðar fást á Midi.is.



**LJÓSMYNDABÓK FRÁ HJÁLMUM** Sigurður Guðmundsson og félagar í Hjálmum gefa í dag út ljósmyndabók og plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





HAUSTÚTSALA
Til mánud. 1. nóvember
50-80%
afsl.
Regatta
GREAT OUTDOORS™
DARE 2b
CRAGHOPPERS
OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18.
LAU. 11 – 16.
SUN. 13 – 16
ÚTIVIST &SPORT
15 ÁRA
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

# Dúndur diskóeyja hjá Braga

Tónlist ★★★★

**Diskóeyjan**

Fönkópera Braga Valdimars Skúlasonar

Fólkið sem stendur að baki Diskóeyjunni, fönk-óperu Braga Valdimars Skúlasonar, er hið svokallaða einvalalið sem svo oft er nefnt í viðtölum við misgóða tónlistarmenn þegar þeir eru að fara gefa út hljómplötur. Og því er kannski ekkert skrýtið að hvergi skuli vera slegin feilnóta á þessum skemmtilega diski sem vafalítið á eftir að fá fjölskyldur landsins til að taka „Travolta“-sporin í stofunni heima. Snjall leikhúsmaður ætti allavega að sjá sér leik á borði og setja upp Diskóeyjuna í leikhúsi.

Fyrsta hrósið er kirfilega fest í hnappagat Braga Valdimars Skúlasonar, textarnir eru fullir af leifrandi húmor og frumleika. Og ekki má gleyma lagasmíðum hans sem eru bæði grípandi og einfaldar. Memfis-mafían með Hjálmana Sigurð Guðmundsson og Guðmund Kristin fremsta í flokki á síðan allt hrós skilið fyrir útsetningar. Þeir eru augljóslega vel lesnir í tónlistarsögunni og kunna að galdra fram rétta hljóminn þannig að diskóið hljómar ekki sterílt. Og hljóðfæraleikararnir fara flestir á kostum í sínum aðgerðum.



BRAGI VALDIMAR SKÚLASON

Diskóeyjan er stuðplata, Páll Óskar, Unnsteinn Manúel, Sigríður Thorlacius að ógleymdum Óttari Proppé og Möggu Stínu stíga ekki feilspor. Þannig að ef foreldrar vilja kenna börnunum sínum mikilvæga lexíu – að fjölskyldutónlist þarf ekki alltaf að vera leiðinleg – þá ættu þeir að kaupa Diskóeyjuna.



**Freyr Gígja Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Bragi Valdimar og Memfís-mafían eiga allan heiður skilinn fyrir þessa stórskemmtilegu fönk-óperu.


NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| MACHETE LÚXUS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 3.40 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10.40 | 16 |
| TAKERS | kl. 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| BRIM | kl. 4 - 6 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 8 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| KIDS ARE ALLRIGHT | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| MEÐ HANGANDI HENDI | kl. 6 | L |
| INHALE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | KL. 10 | L |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | kl. 6 | L |
| TAKERS | kl. 10.15 | 16 |
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| BRIM | kl. 6 | 12 |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MACHETE | 5.50, 8 og 10.10(POWER) | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | 4 og 6 - ISL TAL | 16 |
| TAKERS | 8 og 10.10 | 7 |
| THE SOCIAL NETWORK | 7.30 og 10.10 | L |
| AULINN ÉG | 4 og 6 - ISL TAL | L |
| AULINN ÉG 3D | 4 - ISL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LET ME IN | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE SWITCH | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8:10 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE TOWN | kl. 6 - 9:15 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 4 - 6 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 4 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 | L |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| LET ME IN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 8 | 10 |
| ÓRÓI | kl. 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LET ME IN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE SWITCH | kl. 8 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 7 |
| LEGEND OF THE GUARDIANS-3D ótextuð Ensku | kl. 5:50 | 7 |
| ÓRÓI | kl. 10:10 | 10 |
| THE TOWN | kl. 5:50 - 8:20 - 10:50 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 3:50 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 4 - 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 | 7 |
| THE AMERICAN | kl. 10:20 | 16 |
| ÓRÓI | kl. 8 | 12 |
| REMEMBER ME | kl. 10:20 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ BAR

| | |
|---|---|
| SUBMARINO | 20:10 |
| THE GOOD HEART | 18:10 |
| STEAM OF LIFE+VISITOR | 22:10 |
| VOKSNE MENNESKER (DARK HORSE) | 22:30 |
| HALLOWEEN | 20:00 |
| ÁFRAM STELPUR! (MADE IN DAGENHAM)(L) | 18:00, 22:00 |
| NORD VESTUR(L) | 18:30, 20:20 |
| AMERÍKANINN (THE AMERICAN)(14) | 18:20, 22:20 |





MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS







# Batman þrjú verður í tvívídd

Leikstjóranum Christopher Nolan hefur tekist hið ómögulega. Hann hefur sannfært yfirmenn Warner Bros. um að gera þriðju myndina um Bruce Wayne og Leðurblökumanninn í tvívídd. Þetta þykir nokkuð merkilegt þar sem allar stóru hasarmyndirnar í draumaverksmiðjunni eru gerðar í þrívídd um þessar mundir. Þetta kemur fram í Los Angeles Times. Myndin, sem hefur verið gefið nafnið The Dark Knight Rises, verður sumarsmellur ársins 2012 en hinar tvær Batman-myndir Nolans slógu rækilega í gegn, Dark Knight er til að mynda í ellefta sæti á lista imdb.com yfir 250 bestu myndir sögunnar.

Nolan upplýsti einnig í Los Angeles Times að Gátumeistarinn eða The Riddler yrði ekki höfuðóvinur Bruce Wayne í þriðju myndinni. En miklar vangaveltur hafa verið uppi um við hvern hann fær að glíma. Hann hefur nú þegar komið Jókernum fyrir kattarnef en eins og blaðamenn Empire Online benda á; þá er enginn algjörlega farinn yfir móðuna miklu þegar kemur að myndasögumyndum. „Við munum nota mikið af sömu persónunum eins og við höfum alltaf gert og munum kynna til leiks nýjar eins og alltaf,“ var það eina sem Nolan var reiðubúinn að segja.



**SANNFÆRINGARKRAFTUR** Nolan hefur tekist að sannfæra Warner Bros. um að gera næstu Batman-mynd í tvívídd.

# Lucas í þrívídd

George Lucas er af flestum álitinn vera frumkvöðull í kvikmyndagerð. Það kemur því fæstum á óvart að hann skuli vera farinn að leggja drög að því að uppfæra Stjörnustríðs-myndirnar sínar og setja þær í þrívídd. Lucas á öll réttindi sem við koma Stjörnustríði og því hægur leikur fyrir hann að gera alls kyns tilraunir með þær myndir.

Samkvæmt Empire Online er Lucas einnig sagður vera að íhuga þann möguleika að uppfæra Indiana Jones-myndirnar. En þar gætu hlutirnir verið aðeins flóknari því Lucas deilir þeim réttindum með Steven Spielberg. Samkvæmt Empire-vefnum er Spielberg sagður lítið spenntur fyrir þeim hugmyndum en hann er nú á fullu við að gera Tinna-myndina í þrívídd.



**ÞRÍVÍDDARKARL** Georg Lucas hyggst yfirfæra Stjörnustríðsmyndirnar yfir á þrívíddar-formið. Og langar að gera það sama með Indiana Jones. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MEL GIBSON** Gibson var ekki rekinn úr The Hangover 2 að mati Todds Phillips.

# Gibson var ekki rekinn

**Leikarinn Mel Gibson var ekki rekinn úr myndinni The Hangover 2. Þetta fullyrðir leikstjórinn Todd Phillips. Gibson átti að leika hlutverk sem húðflúrari en Liam Neeson var fenginn í hans stað. Því var haldið fram að aðrir leikarar myndarinnar hefðu krafist þess að Gibson yrði rekinn vegna persónulegra vandamála hans en Phillips vísar því á bug. „Enginn var rekinn. Þetta er líka ógeðfellt hugtak. Einhver ætlaði að gera mér greiða með því að leika tveggja mínútna hlutverk en við breyttum atriðinu. Enginn var rekinn. Hann var bara að gera okkur greiða,“ sagði hann.**



**HRIFINN AF COLE** Corey Taylor í Slipknot er smekkmaður.

# Skotinn í Cheryl Cole

**Enn einn tónlistarmaðurinn hefur nú stigið fram og tjáð heimsbyggðinni að hann sé skotinn í hinni snoppufríðu Cheryl Cole. Corey Taylor, söngvari þungarokkshljómsveitarinnar Slipknot, segir í viðtali við dagblaðið Daily Star að hann hafi séð hana á hinum og þessum forsíðum og fundist hún afar kynþokkafull.**

**„Ég hef ekki hugmynd um hvernig hún hljómar, enda horfi ég ekki á X-Factor. Ég þoli ekki raunveruleikasjónvarp,“ sagði hann og nú er spurning hvort hann láti verða af því að bjóða dömunni út.**



**SÆT** Það er ekki skrítið að þungarokkarinn sé skotinn í þessari.



# sport

sport@frettabladid.is



**4** **KR-INGAR** heimsækja Keflvíkinga í kvöld í 5. umferð Iceland Express-deildar karla í körfubolta og nú er að sjá hvort KR-ingar haldi áfram sigurgöngu sinni á Sunnubrautinni. KR hefur unnið fjóra síðustu leiki sína í Toyota-höllinni eða alla leiki í húsinu síðan Keflavík vann 107-85 sigur í leik liðanna 9. nóvember 2007. KR hefur jafnframt unnið 9 af 10 leikjum liðanna frá þessum sigurleik Keflavíkur fyrir rétt tæpum þremur árum.



**FELLIR STÓRVELDIN** Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express-deild karla:

## Njarðvíkingar slegnir í rot

**KÖRFUBOLTI** Hamarsmenn hafa farið mikinn í upphafi tímabilsins í Iceland Express-deild karla. Í gær vann liðið fjórtán stiga sigur á Njarðvík, 90-76, á útivelli. Þar með hefur Hamar unnið þrjú körfuboltastórveldi í upphafi tímabilsins – KR, Keflavík og nú Njarðvík.

Jóhann Árni Ólafsson var með Njarðvík á ný eftir meiðsli en það kom ekki að sök fyrir gestina sem skoruðu 58 stig í seinni hálfleik í gær sem gerði útslagið.

Þá máttu Íslands- og bikarmeistarar Snæfells þakka fyrir að hafa sloppið með tvö stig frá Sauðárkróki í gær. Heimamenn í Tindastóli eru enn án stiga en voru klaufar að fá ekki meira úr leiknum í gær.

Snæfell fór upp í annað sæti deildarinnar með sigrinum og Hamar upp í það þriðja. Fjölnir er í fimmta sæti eftir sigur á Haukum í gær. Grindavík er ósigrað á toppnum. **- esá**

## ÚRSLIT

*Iceland Express deild karla*

**Njarðvík - Hamar** **76-90 (43-32)**

**Stig Njarðvíkur**: Christopher Smith 22, Guðmundur Jónsson 18, Jóhann Árni Ólafsson 10, Friðrik E. Stefánsson 9 (11 frák., 6 stoðs.), Lárus Jónsson 6, Rúnar Ingi Erlingsson 5, Hjörtur Hrafn Einarsson 3, Kristján Rúnar Sigurðsson 3.

**Stig Hamars**: Nerijus Taraskus 20, Darri Hilmarsson 19, Ellert Arnarson 18, Andre Dabney 17, Svavar Páll Pálsson 12, Ragnar Á. Nathanaelsson 2, Snorri Þorvaldsson 2.

**Tindastóll - Snæfell** **92-94 (44-50)**

**Stig Tindastóls**: Josh Rivers 25, Friðrik Hreinsson 22, Dragoljub Kitanovic 21, Helgi Rafn Viggósson 10, Helgi Freyr Margeirsson 9, Radoslav Kolev 5.

**Stig Snæfells**: Ryan Amaroso 24, Jón Ólafur Jónsson 21, Pálmi Fr. Sigurgeirsson 19, Sean Burton 16, Atli Rafn Hreinsson 4, Emil Þór Jóhannsson 4, Egill Egilsson 4, Kristján Andrésson 2.

**Fjölnir - Haukar** **107-81 (49-37)**

**Stig Fjölnis**: Ben Stywall 24 (14 fráköst), Ægir Þór Steinarsson 20 (9 fráköst, 12 stoðsendingar), Tómas Heiðar Tómasson 15, Sindri Kárason 13, Hjalti Vilhjálmsson 12, Jón Sverrisson 10, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 3, Trausti Eiríksson 3, Arnþór Freyr Guðmundsson 3, Elvar Sigurðsson 2, Einar Þórmundsson 2.

**Stig Hauka**: Semaj Inge 25 (12 fráköst, 5 stoðs.), Gerald Robinson 15, Óskar Ingi Magnússon 12, Örn Sigurðarson 11, Sævar Ingi Haraldsson 8, Haukur Óskarsson 8, Sveinn Ómar Sveinsson 2.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **4** | **4** | **0** | **356-294** | **8** |
| Snæfell | 5 | 4 | 1 | 498-477 | 8 |
| **Hamar** | **5** | **3** | **2** | **429-413** | **6** |
| KR | 4 | 3 | 1 | 376-337 | 6 |
| **Stjarnan** | **4** | **3** | **1** | **345-327** | **6** |
| Fjölnir | 5 | 2 | 3 | 431-442 | 4 |
| **KFÍ** | **4** | **2** | **2** | **397-388** | **4** |
| Haukar | 5 | 2 | 3 | 420-446 | 4 |
| **Njarðvík** | **5** | **2** | **3** | **393-428** | **4** |
| Keflavík | 4 | 1 | 3 | 323-335 | 2 |
| **ÍR** | **4** | **1** | **3** | **347-347** | **2** |
| Tindastóll | 5 | 0 | 5 | 354-435 | 0 |






# Í mér blundar KR-ingur

**Hannes Þór Halldórsson mun leysa Norðmanninn Lars Ivar Moldsked af hólmi á milli stanganna hjá KR. Hannes byrjaði sinn feril hjá KR á sínum tíma og segist vera að loka hringnum. Hann ætlar sér að vinna titla í Vesturbænum.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar leystu markvarðarvandræði sín í gær þegar Hannes Þór Halldórsson skrifaði undir fjögurra ára samning við KR. Hann hefur leikið með Fram síðustu fjögur ár við fínan orðstír en hefur nú tekið þeirri áskorun að spila fyrir KR.

„Ég er mjög ánægður með þetta. Það hefur alltaf blundað í mér KR-ingur. Ég byrjaði í fótbolta hjá KR 6 ára gamall og var grjótharður KR-ingur á pöllunum þar til unglingaveikin tók við. Ég fór á alla leiki liðsins og mætti með stríðsmálningu á Skagaleikinn fræga árið 1996. Það hefur því alltaf blundað í mér KR-ingur og ég loka ákveðnum hring með því að koma aftur í Vesturbæinn," segir Hannes kátur.

Hann hefur lengi verið orðaður við KR. Fyrst fyrir leiktíðina 2009. Svo hafði það lengi legið í loftinu að hann færi til KR núna.

„Ég hef vitað af áhuga frá KR í smá tíma. Það voru líka þreifingar í fyrra en það varð aldrei alvara úr því. Ég vissi að þetta gæti komið til greina er ég rynni út á samning hjá Fram og KR var eitthvað sem ég var spenntur fyrir að skoða. Ég var því ákveðinn að gefa þessu tækifæri núna og þegar áhuginn kom frá KR var aldrei spurning að fara þangað. Ég átti fjögur frábær ár í Safamýri en það var kominn tími á vistaskipti hjá mér."

Hannes er orðinn 26 ára gamall og segir að hann hafi þurft á nýrri áskorun að halda á þessum tímapunkti.

„Það er líka mikil áskorun fyrir mig að spila fyrir KR. Það er alltaf áskorun að spila fyrir KR og það er nákvæmlega það sem ég þarf á að halda. Ég þarf að fá smá spark í afturendann og það fæ ég hjá KR. Þar kemur allt saman – metnaður, stemning og gamlar rætur. Að fara í KR er nákvæmlega það sem ég þarf á að halda núna," segir Hannes sem segist eiga sín bestu ár eftir og hann telur sig einnig geta bætt sig mikið á næstu árum.

„Ég á töluvert inni og vonandi verða næstu fjögur ár mín þau bestu á ferlinum. Ég ætla að gera allt sem ég get til þess að þau verði góð," segir Hannes sem ætlar sér einnig að vinna titla í Vesturbænum.

„Ég er ekki kominn í KR til þess að lenda í fjórða sæti. KR stefnir alltaf á titla og það líkar mér vel. Þetta verður vonandi góður tími í Vesturbænum." **henry@frettabladid.is**



**KOMINN Í VESTURBÆINN** Hannes Þór Halldórsson mun verja mark KR næstu fjögur árin hið minnsta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það er líka mikil áskorun fyrir mig að spila fyrir KR. Það er alltaf áskorun að spila fyrir KR og það er nákvæmlega það sem ég þarf á að halda.
>
> **HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON**

### Tímabilin með Fram

**Hannes Þór Halldórsson** á að baki fjögur tímabil í efstu deild og hann spilaði þau öll með Fram. Hannes fékk á sig 115 mörk í 80 leikjum (1,44), varði 72 prósent skota sem á hann komu og hélt alls þrettán sinnum marki sínu hreinu.

**Mörk fengin á sig í leik**
2007 1,72 í leik (10. sæti)
2008 0,94 (2. sæti)
2009 1,45 (6. sæti)
2010 1,59 (6. sæti)

**Hlutfallsmarkvarsla**
2007 69,9 prósent skota (10. sæti)
2008 79,3 prósent (2. sæti)
2009 73,3 prósent (6. sæti)
2010 67,9 prósent (6. sæti)

Samningur Sigurðar Ragnars rennur út um áramótin:

## KSÍ vill halda Sigurði

**FÓTBOLTI** Flest bendir til þess að Sigurður Ragnar Eyjólfsson verði áfram þjálfari A-landsliðs kvenna en núverandi samningur hans við Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, rennur út um áramótin.

„Það er ekkert byrjað að ræða nýjan samning en við munum vonandi ræða saman á næstu vikum. Ég hef fullan hug á því að halda áfram með liðið enda tel ég spennandi tíma vera fram undan hjá kvennalandsliðinu," sagði Sigurður Ragnar við Fréttablaðið í gær.

„Ég tel mig geta komið landsliðinu enn lengra en það hefur komist. Það er fullt af spennandi stelpum að koma upp og framtíð landsliðsins er spennandi. Ég tel mig ekki hafa lokið mínu verki þar og vil gjarnan fá að halda áfram," segir Sigurður Ragnar sem hefur iðulega verið orðaður við félagslið í karlaboltanum. „Það hafa reglulega komið tilboð í hendurnar á mér en ég hef vísað þeim frá mér hingað til. Ég mun líklega færa mig yfir í það síðar en rétti tíminn er ekki kominn hjá mér."

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sagði við Fréttablaðið að hann hefði fullan hug á því að endurráða Sigurð sem hefði verið farsæll í starfi. Það virðist því vera formsatriði að ganga frá málinu. **- hbg**



**SIGURÐUR RAGNAR** Hefur farið með kvennalandsliðið í nýjar hæðir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

### Árangur Sigurðar Ragnars

**Árangur landsliðsins undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar:**

| | |
|---|---|
| 2007 | 5 sigrar, 1 jafntefli, 3 töp |
| 2008 | 8 sigrar, 3 jafntefli, 1 tap |
| 2009 | 5 sigrar, 1 jafntefli, 8 töp |
| 2010 | 6 sigrar, 0 jafntefli, 4 töp |
| **Samtals** | **24 sigrar, 5 jafntefli, 16 töp** |

Handboltalandsliðið:

## Logi ekki með í Austurríki

**HANDBOLTI Akureyringurinn Oddur Gretarsson var kallaður inn í íslenska A-landsliðið í gær þegar ljóst var að Logi Geirsson mun ekki geta spilað með liðinu í Austurríki á laugardag.**

**Þetta er mikið áfall fyrir íslenska liðið enda vantar einnig þá Guðjón Val Sigurðsson og Sturlu Ásgeirsson í vinstra hornið. Logi spilaði veikur í horninu á miðvikudag og átti sannkallaðan stórleik. Skoraði fimm góð mörk og var afar öflugur í vörninni.**

**Logi hefur lengi verið meiddur á öxl og er alls ekki nógu góður eftir álagið í síðustu leikjum. Hann verður því að hvíla um helgina.**

**Góðu fréttirnar eru aftur á móti þær að Alexander Petersson snýr væntanlega aftur í íslenska liðið en hans var sárt saknað í leiknum gegn Lettum í vikunni.** **- hbg**



**LOGI GEIRSSON**

# TOSHIBA

# FARTÖLVUTILBOÐ




## FARTÖLVA

**Toshiba Satellite L650-19P**
- 2.26GHz Intel Core i3-350M - Dual core örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- 512MB ATI Radeon HD 5145 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**




## FARTÖLVA

**Toshiba Satellite C650D-10K**
- 2.2GHz Mobile AMD V Series V120 örgjörvi
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- ATI Radeon HD 4250 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**79.990**




## FARTÖLVA

**Toshiba Satellite L670D-105**
- 2.1Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile P320
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 17.3" WXGA LED skjár
- 512MB ATI Radeon HD 5145 skjákort
- VGA myndavél í skjá
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.990**




## FARTÖLVA

**Toshiba Satellite L500D-16N**
- 2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500
- 4GB DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- DVD og CD-RW skrifari
- VGA myndavél í skjá
- 512MB ATI Radeon HD 4570 skjákort
- Windows 7 Home Premium

**119.990**




## FARTÖLVA

**Toshiba Satellite C650-160**
- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Intel GMA 4500M skjákort
- VGA myndavél í skjá
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.990**

9 TÍMA RAFHLÖÐU ENDING




## FARTÖLVA

**Toshiba Satellite T130-10G**
- 1.3GHz Intel ULV Pentium Dual Core SU4100
- 4GB DDR3 minni
- 320GB SATA diskur
- 13,3" TFT WXGA LED skjár
- Intel GMA 4500 skjákort
- VGA myndavél í skjá
- 9 tíma rafhlöðuending
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.990**




9 TÍMA RAFHLÖÐU ENDING

## FARTÖLVA

**Toshiba Satellite T110-10K**
- 1.3GHz Intel Pentium SU2700 örgjörvi
- 2GB DDR3 minni
- 250GB SATA diskur
- 11,6" TFT WXGA LED skjár
- Intel GMA 4500 skjákort
- VGA myndavél í skjá
- 9 tíma rafhlöðuending
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

AÐEINS 1,6 Kg

**89.990**

# ALLTAF BETRA VERÐ

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

## > Katherine Heigl

„Ég er þakklát fyrir það að fólk þyki ég falleg og kynþokkafull og ég hugsa að það sé betra en andstæða þess. Ég reyni hins vegar að berjast gegn þessari staðalímynd svo að það sé ekki það eina sem fólk sjái í mér. Ég vildi óska að einn daginn gæti ég valið mér hlutverk sem sýndi betur fjölhæfni mína sem leikkona en ekki bara ljóst hár og stór brjóst.“

Katherine Heigl fer með aðalhlutverk í gamanmyndinni 27 Dresses sem er á dagskrá Stöðvar 2 Bíó í kvöld klukkan 22.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR SAKNAR HANS JÓNS

# *Fram af fingrum Jóns*

Viðtalsþættir í sjónvarpi geta verið bæði þræláhugaverðir og skemmtilegir. Þeir geta líka verið bæði pínlegir og þrælleiðinlegir. Það þarf lunkinn spyril til að halda uppi spjalli við fólk svo vel fari. Hann þarf að hafa áhuga á viðmælandanum án þess að fara yfir strikið í spurningum sínum og fá fólk til að deila einhverju með sjónvarpsáheyrendum sem það gerir ekki á hverjum degi.

Á dagskránni á sjónvarpsstöðvunum núna eru viðtalsþættir, misjafnir að gæðum. Auðvitað fer þetta eftir smekk fólks en ég er alls ekki hrifin af þeim öllum. Ég sá bara fyrsta þáttinn af Hringekjunni, gat ekki horft á hann allan og hef ekki horft á fleiri. Ég er reyndar ekkert móðguð yfir honum sem arftaka Spaugstofunnar, mér var farið að leiðast hún talsvert. Ég hef horft á fleiri en bara einn þátt af Loga í beinni en get þó ekki sagt að ég sé hrifin. Þar finnst mér spyrillinn hafa meiri áhuga á sjálfum sér en gestum þáttarins. Hafa lítið kynnt sér þá og ég fórna höndum meðan hann spyr þá kjánalegra spurninga eins og „Svo ertu bara allt í einu farin að leika bara? Hvað er það?“



Af fingrum fram voru skemmtilegir viðtalsþættir. Þar fékk Jón Ólafsson til sín alls konar tónlistarmenn og spjallaði við þá um þeirra starf. Jón var hægur og ljúfur í máli og gesturinn svo afslappaður í stólnum að mér fannst ég næstum því sitja við borðið hjá þeim með kaffi. Ég sakna Jóns.

## SJÓNVARPIÐ

**16.45 Hinn hljóði afreksmaður** Heimildarmynd Ómars Ragnarssonar um Guðmund Halldórsson, fyrsta Íslendinginn sem veitt voru afreksverðlaun forseta Íslands á sjómannadaginn fyrir fimmtíu árum.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Sportið** (e)
**18.00 Manni meistari** (21:26)
**18.25 Frumskógarlíf** (5:13)
**18.30 Frumskógar Goggi** (6:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**



**20.10 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Í þessum þætti mætast lið Reykjavíkur og Vestmannaeyja.
**21.20 Úthverfastelpan** Bandarísk bíómynd frá 2007. Ung kona, ritstjóri hjá forlagi í New York fer að búa með fimmtugum manni sem dröslast með margvíslegan farangur úr fyrri samböndum. (e)
**23.00 Barnaby ræður gátuna - Fjárkúgarinn - Fjárkúgarinn** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**00.40 Bragðarefur** Bandarísk bíómynd frá 2002. Maður borgar öðrum offjár fyrir að fremja morð en það gengur ekki eins og til var ætlast. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 French Kiss**
**10.00 Trapped in Paradise**
**12.00 Fjölskyldubíó: Free Willy**
**14.00 French Kiss**
**16.00 Trapped in Paradise**
**18.00 Fjölskyldubíó: Free Willy**
**20.00 27 Dresses**
**22.00 Bridges of Madison County**
**00.10 Man in the Iron Mask**
**02.20 Dave Chappelle's Block Party**
**04.00 Bridges of Madison County**
**06.10 Uptown Girl**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Hvellur keppnisbíll, Boowa and Kwala, Boowa and Kwala, Kalli litli kanína og vinir, Lalli
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Mercy** (4:22)
**11.50 Glee** (19:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (3:4)
**13.50 La Fea Más Bella** (262:300)
**14.35 La Fea Más Bella** (263:300)
**15.20 Gavin and Stacy** (1:7)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli kanína og vinir, Tommi og Jenni
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (16:25)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (19:21)
**19.45 Auddi og Sveppi** Frábær skemmtiþáttur með Audda og Sveppa þar sem félagarnir eru með allskyns skrautleg uppátæki og allt er leyfilegt.
**20.20 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.
**21.10 Jurassic Park** Spennandi ævintýramynd í leikstjórn Steven Spielberg.
**23.10 The Assassintation of Jesse James** Magnaður, stjörnum prýddur vestri.
**01.45 Thelma and Louise** Tvær konur sem eru orðnar leiðar á lífinu ákveða að breyta til með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
**03.50 Spider-Man 3** Þriðja stórmyndin um eina allra farsælustu ofurhetju hvíta tjaldsins.
**06.05 The Simpsons** (19:21)

## SPORT *besta sætið*

**18.10 PGA Tour 2010**
**19.05 Inside the PGA Tour 2010**
**19.30 Á vellinum** Virkilega skemmtilegur þáttur þar sem barna og unglingastarfinu er veitt athygli.




**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem allir bestu spilarar heims eru mættir til leiks.
**21.55 Monte Carlo 1** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.45 Gunnar Nelson í BAMMA 4** Sýnt frá bardaga Gunnars Nelson í BAMMA 4.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan**
**17.00 Chelsea - Wolves** Enska úrvalsdeildin.
**18.45 Sunderland - Aston Villa** Enska úrvalsdeildin.
**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**21.30 Premier League World 2010/11** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**22.00 Football Legends - Cruyff** Að þessu sinni verður fjallað um Johan Cruyff þann magnaða knattspyrnumann.
**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**23.00 Wigan - Bolton** Enska úrvalsdeildin.

## SKJÁR EINN

**07.30 Game Tíví** (7:14)
**08.00 Dr. Phil** (36:175)
**08.40 Rachael Ray** (112:175)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (7:14)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Rachael Ray** (113:175)
**17.30 Dr. Phil** (37:175)
**18.10 Friday Night Lights** (8:13)
**19.00 Melrose Place** (2:18)
**19.45 Family Guy** (6:14)
**20.10 Rules of Engagement** (1:13)
**20.35 The Ricky Gervais Show** (1:13) Bráðfyndin teiknimyndasería frá snillingunum Ricky Gervais og Stephen Merchant.
**21.00 Last Comic Standing** (8:14) .
**21.45 Olivia Lee: Dirty, Sexy, Funny** (7:8) .
**22.10 Hæ Gosi** (5:6) Ný íslensk gamansería þar sem tekið er á alvöru málefnum á ferskan og sprenghlægilegan hátt.
**22.40 Sordid Lives** (8:12)
**23.05 Secret Diary of a Call Girl** (4:8)
**23.35 Law & Order: Special Victims Unit** (12:22)
**00.25 Whose Line is it Anyway** (11:20)
**00.50 Premier League Poker II** (13:15)
**02.35 Whose Line is it Anyway** (12:20)
**03.00 The Ricky Gervais Show** (1:13)
**03.25 Jay Leno** (133:260)
**04.10 Jay Leno** (134:260)
**04.55 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**17.10 Golfing World** (24:70)
**18.00 Golfing World** (25:70) .
**18.50 PGA Grand Slam of Golf 2010** (2:2) Sigurvegararnir á risamótunum fjórum eigast við á árlegu móti sem fer núna fram á Bermúda. Í verðlaunapottinum eru 1,35 milljónir dollara.
**22.00 Golfing World** (25:70)
**22.50 PGA Tour Yearbooks** (4:10)
**23.45 Golfing World** (25:70)
**00.35 ESPN America**

## EXTRA

**18.45 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**19.30 Last Man Standing** (7:8) Raunveruleikaþáttaröð þar sem fylgst er með hópi ungra íþróttamanna sem sérhæfa sig í ólíkum bardagalistum.
**20.25 Little Britain** (2:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams og færðu þeim heimsfrægð.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS: Los Angeles** (11:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**22.35 Human Target** (2:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
**23.20 The Forgotten** (15:17)
**00.05 The Doctors**
**00.45 Last Man Standing** (7:8)
**01.40 Little Britain** (2:6)
**02.10 Auddi og Sveppi**
**02.40 Logi í beinni**
**03.25 Fréttir Stöðvar 2**
**04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jónu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin telur vinstri stjórnina á tærri niðurleið.
**21.00 Heilsuþáttur Jóhönnu** Lukka, Kolla og Dr. Sigmundur eru fastagestir.
**21.30 Ævintýraboxið** Það vantar ekki hugarflugið hjá landanum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



Tölvutek • Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

**Jurassic Park**



Spennandi ævintýramynd í leikstjórn Stevens Spielberg. Vísindamenn hafa gefið risaeðlum líf á ný eftir 65 milljónir ára og hafa hug á að opna skemmtigarð. Fljótlega fer verkefnið skelfilega úr böndunum því þær eru snarar og mun greindari en vísindamennirnir höfðu trú á. Með aðalhlutverk fara Jeff Goldblum, Sam Neil og Laura Dern.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** 2+2 eru 5 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Fjölradda sveiflusöngur **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.25** Deal or No Deal **13.05** Monarch of the Glen **13.55** Absolutely Fabulous **14.25** Absolutely Fabulous **14.50** My Family **15.20** Waterloo Road **16.10** The Weakest Link **16.55** Deal or No Deal **17.30** My Hero **18.00** My Family **18.30** Coupling **19.00** Coupling **19.30** Hustle **20.25** Come Dine With Me **20.50** Come Dine With Me **21.15** My Family **21.45** Coupling **22.15** Coupling **22.45** The Green, Green Grass **23.15** Monarch of the Glen

### DR 1

**12.00** Rabatten **12.30** Sporløs **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Karlsson på taget **15.30** Rosa fra Rouladegade **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Niels Hausgaard solo 2010 - Jomfru igen **19.00** TV Avisen **19.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.15** Thomas Helmig - Mit livs kærlighed **21.15** Unfaithful **23.10** Kodenavn: Jane Doe

### NRK 1

**12.30** Tinas mat **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Palme ved reisens slutt **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.35** Norge rundt **18.00** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Detektimen: Tause vitner **21.15** Kveldsnytt **21.30** Detektimen:Tause vitner **22.20** Buddy Holly - historien om et rockeikon **23.15** Hjerte til hjerte - Spelet **23.55** Country jukeboks u/chat

### SVT 1

**12.15** I Anneli **12.45** Veronica Mars **13.30** Starke man **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mat som håller **15.25** Niklas Mat **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Identity **21.30** Elvis Costello med gäster **22.20** Sinchronicity **23.10** Att återvända










## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Það fer alltaf eftir stað og stund en Don´t Stop Believin´ með Journey er fyrir mér ekta föstudagslag. Þegar ég hlusta á það þá er eitthvað að gerast.“*

Svali, útvarpsmaður á FM 957.

# Ævisaga Jónínu prentuð í risaupplagi

„Mér hefur fundist þessi markaður vera staðnaður. Vöruhúsabisness. Þessu viljum við breyta,“ segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1. Fyrirtækið blandar sér í slaginn um jólabækurnar þetta árið og hefur keypt dreifingarrétt á tveimur bókum; ævisögu Jónínu Benediktsdóttur sem Sena gefur út og bók sem Björgvin G. Sigurðsson, fyrrum viðskiptaráðherra, skrifar í samvinnu við Karl Th. Birgisson, sem gefur bókina jafnframt út.

Hermann og hans fólk virðist hafa tröllatrú á bókunum því þær eru prentaðar í stærra upplagi en hefur viðgengist í bókaútgáfu hérlendis síðustu ár. Lenskan hefur verið að prenta aukaprentanir ef vinsældir gefa tilefni til þess. Fyrsta upplag af bók Jónínu verður hins vegar tíu þúsund eintök. „Við höfum trú á þessari bók og ég ætla að selja þetta upplag og helst meira. Tíu þúsund er jú innan við tíu prósent af heimilum landsins,“ segir Hermann sem hefur sjálfur ekki lesið bók Jónínu. „Ég hef ekki séð staf úr henni.“

Bók Björgvins verður prentuð í sjö þúsund eintökum til að byrja með. „Svo kemur í ljós hvort sá markaður er fyrir hendi.“

Hermann segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um að bækurnar verði seldar víðar en í verslunum N1. „Ef við sjáum góðan takt í þessu, þá fer þetta ekki mikið víðar,“ segir forstjórinn en ýmsir nýir siðir fylgja nýjum mönnum í bókabransanum.

Ekki verður skilaréttur á bókunum en á móti kemur að þær verða allar númeraðar. Eftir jólin verður svo dregið úr seldum eintökum og hinir heppnu hljóta vinninga. Það mun hluti af söluandvirðinu renna til góðgerðamála. Jónína Ben. hefur valið Konukot en málefni Björgvins hefur ekki verið ákveðið. **- hdm**



**MIKLAR VÆNTINGAR** Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, hellir sér út í bókaútgáfu og veðjar á ævisögu Jónínu Benediktsdóttur.


## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**

| | | |
|---|---|---|
| Lau 27.11. Kl. 13:00 Ö | Lau 4.12. Kl. 11:00 | Sun 5.12. Kl. 13:00 |
| Lau 27.11. Kl. 14:30 Ö | Lau 4.12. Kl. 13:00 | Sun 5.12. Kl. 14:30 Ö |
| Sun 28.11. Kl. 13:00 U | Lau 4.12. Kl. 14:30 | |
| Sun 28.11. Kl. 14:30 U | Sun 5.12. Kl. 11:00 | |

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 30.10. Kl. 20:00 4. sýn U | Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn Ö | Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.tími |
| Sun 31.10. Kl. 20:00 5. sýn Ö | Fös 12.11. Kl. 20:00 U | Lau 27.11. Kl. 20:00 |
| Fös 5.11. Kl. 20:00 6. sýn Ö | Fös 19.11. Kl. 20:00 Ö | Sun 28.11. Kl. 20:00 |
| Lau 6.11. Kl. 20:00 7. sýn U | Lau 20.11. Kl. 20:00 Ö | |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 30.10. Kl. 13:00 U | Sun 7.11. Kl. 15:00 Ö | Sun 21.11. Kl. 13:00 |
| Lau 30.10. Kl. 15:00 Ö | Lau 13.11. Kl. 13:00 Ö | Lau 27.11. Kl. 13:00 |
| Sun 31.10. Kl. 13:00 Ö | Lau 13.11. Kl. 15:00 Ö | Lau 27.11. Kl. 15:00 |
| Sun 31.10. Kl. 15:00 Ö | Sun 14.11. Kl. 13:00 | Sun 28.11. Kl. 13:00 |
| Lau 6.11. Kl. 13:00 Ö | Sun 14.11. Kl. 15:00 | Sun 28.11. Kl. 15:00 |
| Lau 6.11. Kl. 15:00 Ö | Lau 20.11. Kl. 13:00 | |
| Sun 7.11. Kl. 13:00 Ö | Lau 20.11. Kl. 15:00 | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 28.10. Kl. 20:00 U | Lau 6.11. Kl. 20:00 U | Fös 26.11. Kl. 20:00 |
| Fös 29.10. Kl. 20:00 U | Fim 11.11. Kl. 20:00 U | Lau 27.11. Kl. 20:00 Ö |
| Lau 30.10. Kl. 20:00 Ö | Fös 12.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 |
| Sun 31.10. Kl. 20:00 U | Lau 13.11. Kl. 20:00 Ö | Lau 4.12. Kl. 20:00 |
| Fim 4.11. Kl. 20:00 U | Fös 19.11. Kl. 20:00 Ö | |
| Fös 5.11. Kl. 20:00 U | Lau 20.11. Kl. 20:00 Ö | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 27.10. Kl. 19:00 U | Mið 10.11. Kl. 19:00 U | Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. Ö |
| Fim 28.10. Kl. 19:00 U | Sun 14.11. Kl. 19:00 U | Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. Ö |
| Mið 3.11. Kl. 19:00 Aukas. U | Mið 24.11. Kl. 19:00 Aukas. Ö | |
| Sun 7.11. Kl. 19:00 U | Fim 25.11. Kl. 19:00 Aukas. Ö | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 29.10. Kl. 20:00 Ö | Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas. Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 Ö |
| Fim 4.11. Kl. 20:00 Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 Ö | |
| Lau 13.11. Kl. 20:00 Ö | Fim 2.12. Kl. 20:00 Aukas. | |



## Loksins, loksins

eru Goðheimar komnir aftur!
Og Fenrisúlfur er laus!




Byrjaðu strax að safna

MÁL OG MENNING www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


EINAR SVEINN ÞÓRÐARSON: ÞETTA ER EINSTAKLEGA LJÚFUR NÁUNGI

# Hermann Maier á hundasleða uppi á Langjökli

Austurríska skíðastjarnan Hermann Maier var á Langjökli um helgina. Þar var skíðamaðurinn að taka upp auglýsingu fyrir austurríska bankann Raiffeisen sem er sérstakur styrktaraðili Maiers í nýstárlegri keppni milli Þýskalands og Austurríkis. Keppnin snýst um að ganga yfir Suðurskautslandið á sex vikum og átti auglýsingin að fjalla um það á gamansaman hátt hvernig Maier farnast þar. Um var að ræða bæði kvikmyndatökur og venjulegar myndatökur.

Að sögn Einars Sveins Þórðarsonar hjá kvikmyndafyrirtækinu Pegasusi sem þjónustaði tökuliðið gengu tökur ágætlega fyrir sig þó að snjóleysi á jöklinum hafi sett smá strik í reikninginn. „Við fengum hins vegar drauma-snjókomu á sunnudaginn og þá var hægt að klára þetta.“ Maier og félagar voru ferjaðir upp á jökulinn með þyrlum en yfir þrjátíu manns komu að gerð auglýsingarinnar. Leikstjóri hennar var þýskur en það var austurrískt fyrirtæki sem framleiddi hana. Einar Sveinn segir Maier hafa verið einstaklega ljúfan náunga og lausan við alla stjörnustæla.

Maier er einn sigursælasti skíðakappi heims og aðeins Ingemar Stenmark hefur unnið fleiri heimsbikarsigra en hann. Maier sló eftirminnilega í gegn á Vetrarólympíuleikunum í Nagano árið 1998 þegar hann vann tvö gull, eitt silfur og eitt brons. Hins vegar virtist skíðaferill hans vera stefnt í hættu þegar hann slasaðist alvarlega í bifhjólaslysi árið 2001 en þá mátti litlu muna að hann missti framan af öðrum fæti sínum. Með stífri endurhæfingu og mikilli elju tókst Maier hins vegar að komast aftur á fætur og var mættur til keppni árið 2003.

freyrgigja@frettabladid.is





### Í SNJÓBYL

**Hermann Maier** tekur þátt í keppni milli Austurríkis og Þýskalands sem tengist Suðurskautslandinu. Hér er hann hins vegar í kröppum dansi uppi á Langjökli.

### ÍSLAND VINSÆLT

Ísland hefur verið vinsæll tökustaður hjá framleiðendum auglýsinga og íslensk framleiðslufyrirtæki hafa ágætlega upp úr því að þjónusta slíkar heimsóknir. Bílaframleiðendur hafa verið sérstaklega hrifnir af íslensku landslagi, bæði **Benz** og **Range Rover** hafa tekið upp auglýsingar hér á landi sem og Peugeot en fulltrúar frá franska bílarisanum komu hingað til lands fyrir skömmu með nýjustu týpuna sem átti að vera mikið leyndarmál. Einhverjir muna líka eftir því þegar kóreskir aðilar fengu kraftajötna í auglýsingu fyrir sig á Jökulsárlóni þegar auglýsa átti nýjan svaladrykk og Den Tyne-jórturleðrið leitaði líka til Íslands og fékk nokkra alvöru leikara með sér í lið. Ekki má gleyma því að rússneskt símafyrirtæki gerði nýverið auglýsingu í Landmannalaugum. Þá eru ótalin fjölmörg tónlistarmyndbönd sem tekin hafa verið upp hér á landi síðustu ár.



# Beyoncé er nútíma Pink Floyd

Poppsveitin Bermuda undirbýr tónleika til heiðurs söngkonunni Beyoncé Knowles og hljómsveitinni Destiny´s Child sem verða á Spot 4. nóvember. Allir helstu smellir þeirra verða fluttir, þar á meðal Single Ladies, Crazy in Love og Say My Name.

„Við höfum alltaf verið að spila eitthvað af þessum lögum á böllum. Það hefur alltaf hitt beint í mark þannig að við ákváðum að kýla á þetta,“ segir Gunni í Bermuda. „Við erum búin að spila í Söngvakeppni framhaldsskólanna tvö ár í röð og erum búin að gera það skipulega og agað. Við ákváðum að hafa þetta verkefni þannig líka og æfa útsetningarnar á þessum lögum í þaula.“ Auk Bermúda-hópsins verða Stefanía Svavarsdóttir, Ingunn Hlín Friðriksdóttir og Ína Valgerður Pétursdóttir í bakröddum og á slagverk verður Brynjólfur Snorrason.

Mikið hefur verið um heiðurstónleika hér á landi fyrir eldri flytjendur á borð við Pink Floyd, Tom Waits og Bob Dylan en sjaldgæft er að yngri poppurum á borð við Beyoncé sé sýndur þessi heiður. „Hún er vinsælasta söngkonan í heiminum í dag og á langan og farsælan feril. Þetta er tónlist sem ég held að höfði til breiðari hóps og jafnvel yngri,“ segir Gunni, sem var sjálfur aðdáandi Pink Floyd þegar hann var yngri. „Ég hlustaði mikið á Pink Floyd og var að spá í öllum upptökuþælingunum en ég get ekki sagt að ég hlusti mikið á þá í dag. Ég hlusta mikið meira á R&B og hip hop. Ég er búinn að fylgjast mikið með Destiny´s Child og Beyoncé og það er mikið lagt í þessa tónlist. Það má segja að þetta sé nútíma Pink Floyd því það eru miklar pælingar á bak við þetta.“



**GUNNI Í BERMUDA** Gunni er mikill aðdáandi Beyonce Knowles og hljómsveitarinnar Destiny´s Child.

**BEYONCÉ** Tónleikar til heiðurs söngkonunni verða 4. nóvember.

# DÖMUÚLPUR

## – með loðkraga nú aðeins kr. 7.990





**SAIKO**

**Dömuúlpur**

**7.990**

Stærðir xs–xxl








*Full búð af flottum fötum*

**GULA HÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**

*Opið 10–20 virka daga, 10–18 laugardaga og 12–17 sunnudaga – Sími 534 4451 – www.gulahusid.is*

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Núna er


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gói fram úr Spaugstofunni

Fáir sjónvarpsþættir hafa verið jafn umdeildir og Hringekja RÚV sem **Guðjón Davíð Karlsson** stýrir í samstarfi við Kötlu Margréti. Þátturinn hefur ekki alveg fengið það áhorf sem vonast hafði verið til. Gói getur hins vegar huggað sig við það að hann er með meira áhorf en Spaugstofan sem reyndar er sýnd í lokaðri dagskrá Stöðvar 2; Gói mælist nú með 26,4 prósenta áhorf á meðan Spaugstofan er með 21,9.



### Síðustu tökur um helgina

**Rúnar Rúnarsson** klárar að taka upp Eldfjallið, fyrstu kvikmynd sína í fullri lengd, um helgina. Margir bíða spenntir eftir útkomunni enda var leikstjórinn tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir stuttmynd sína Síðasti bærinn í dalnum. Þau Theodór Júlíusson og Margrét Helga Jóhannesdóttir leika aðalhlutverkin en þeim til halds og traust eru meðal annars Elma Lísa Gunnarsdóttir, Þröstur Leó, Þorsteinn Bachmann og Jóhann Sigurðsson. Stefnt er að frumsýningu á næsta ári.



### Starfsmaður á plani

Nafnið **Jón Gunnar Geirdal** kannast eflaust einhverjir við. En hann er holdgervingur hinna svokölluðu markaðsmanna. Eins og Fréttablaðið greindi frá er Jón Gunnar að hætta störfum hjá útgáfufyrirtækinu Senu og vinnur sinn síðasta dag þar í dag. Jón Gunnar hefur störf á nýjum vinnustað á mánudag en það er stórfyrirtækið N1 sem hefur tryggt sér krafta hans. Sem verður að teljast nokkuð skondið því Jón Gunnar er sagður vera höfundur frasanna sem starfsmaður á plani, Ólafur Ragnar Hannesson, beitti óspart.

**- fgg**



## Mest lesið vísir.is

1. Mistök voru að rukka konuna
2. Mjög ósáttur vegna krufningar folalda
3. Þrír prestar til viðbótar sakaðir um kynferðisbrot
4. Umdeild ráðning FME í nýja stöðu
5. Varað við stormi og stórhríð





